

**SKOÐUN** Þorkell Helgason skrifar um persónukjör og kjörhefta kjósendur. 17



**MENNING** Kári Viðarsson stofnar atvinnuleikhús á Snæfellsnesi. 22



**LÍFIÐ** Hljómsveitin Ylja og Helgi Björnsson sameina krafta sína í nýju lagi. 32



**SPORT** Nýi Daninn byrjar vel á Hlíðarenda og var sá besti í 1. umferðinni. 28







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Miðvikudagur**
7. maí 2014
106. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## MARKAÐURINN



**Ný stefna skilar árangri**
Finnur Oddsson, forstjóri Nýherja, segir stefnubreytingu fyrirtækisins lykilinn að bættri afkomu. Nýherji seldi dótturfélög í Danmörku í mars.

## FRÉTTIR

**Manngengur bronsjógi við Esjurætur** Sri Chimnoy-miðstöðin hefur nú augastað á nýrri lóð í landi Esjubergs fyrir manngenga risastyttu af jógameistaranum. 2

**Sækja sýni úr 100 þúsund** Fimm til tíu þúsund félagar úr Landsbjörgu ganga í hús og sækja lífssýni hjá fólki sem boðað hefur verið í rannsókn hjá Íslenskri erfðagreiningu. 4

**Húsnæðislánakerfi kynnt** Verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála kynnti í gær tillögur sínar. 6




16

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 8° | | SV | 3 |
| Akureyri | 7° | | V | 3 |
| Egilsstaðir | 5° | | V | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 8° | | V | 3 |
| Reykjavík | 12° | | NV | 3 |

**Gola** Hægur vindur næstu daga. 4

## 3 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | SÁÁ-blaðið–Edrú | Fólk











**ÆSISPENNANDI KEPPNI** Enn eina ferðina var nafn Íslands lesið upp síðast þegar tilkynnt var um sigurvegara á fyrri undanúrslitakvöldi Eurovision í gærkvöldi. „Ég var byrjaður að brynja mig og farinn að hugsa, við gerðum okkar besta," sagði Arnar Þór Gíslason, bleiki Pollapönkarinn, á leið inn á blaðamannafund að keppni lokinni. MYND/EUROVISION

# Sérstakt veiðigjald lækkar um 80 prósent

**Sérstakt veiðigjald á botnfisk lækkar úr 1.410 milljónum í 285 milljónir samkvæmt frumvarpi sjávarútvegsráðherra um veiðigjöld. „Ef við gerum þetta ekki er stórhætta á að útgerðir leggist af," segir Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Sérstakt veiðigjald á botnfiskafla verður um 285 milljónir og lækkar um 1,1 milljarð frá núverandi fiskveiðiári. Þetta kemur fram í útreikningum atvinnuvegaráðuneytisins. Lög um veiðigjöld eru nú í meðförum atvinnuveganefndar og spurði Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins og nefndarmaður í atvinnuveganefnd, út í breytingar á sérstöku veiðigjaldi frá núverandi lögum. Skjal ráðuneytisins kom til nefndarinnar þann 4. maí sem umsögn um lög um veiðigjöld.

Í útreikningum ráðuneytisins er áætlað að álagt sérstakt veiðigjald á botnfisk muni gefa 1.735 milljónir króna. Hins vegar kemur á móti að frítekjumark vegna veiða á botnfiski verður 150 milljónir og lækkun vegna skulda útgerðanna nemur um 1.300 milljónum. Eftir standa 285 milljónir af álögðu sérstöku veiðigjaldi sem rennur í ríkissjóð. Komið hefur fram að útgerðir geta lækkað sérstakt veiðigjald með því að tilgreina skuldir sem stofnað hefur verið til í óskyldum greinum sjávarútvegs.

Hreinn hagnaður útgerðarinnar árið 2012 var rúmar 25 þúsund milljónir samkvæmt Hagstofu Íslands.

Þorsteinn segir þetta vera gert til að mæta neikvæðum horfum í rekstri útgerðarinnar. „Ef við gerum þetta ekki er stórhætta á því að útgerðir leggist af og samþjöppun yrði of mikil í greininni. Ríkissjóður er ekki bólginn af peningum og þetta er ekki sársaukalaus aðgerð, en með þessu viljum við tryggja að greinin verði ekki fyrir miklum skaða," segir Þorsteinn.



> **Ríkissjóður er ekki bólginn af peningum og þetta er ekki sársaukalaus aðgerð.**
>
> *Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins.*

Um lækkun veiðigjalds vegna skulda útgerðarinnar segir Þorsteinn að ákvæðið sé hugsað til að hjálpa útgerðum sem hafa fjárfest mikið í kvóta,



ákvæðið sé ekki hugsað öðruvísi, þetta væri enn í meðförum nefndarinnar og þetta ákvæði hefði ekki verið rætt sérstaklega á þeim vettvangi.

Þingflokksformenn ríkisstjórnarflokkanna, þær Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Sigrún Magnúsdóttir, hafa gefið það út að ríkisstjórnin leggi höfuðáherslu á að ná lögum um veiðigjöld í gegn áður en þingi verður slitið vegna sveitarstjórnarkosninga. Nýtt fiskveiðiár hefst 1. september en nýtt þing á ekki að koma saman fyrr en 11. sama mánaðar. Ef innheimta á veiðigjöld verður að vera búið að setja gjaldið á. - sa

Ónæm baktería á vökudeild:

## Sýkingar leitað í kornabörnum

**HEILBRIGÐISMÁL** Foreldrar barna sem verið hafa á vökudeild Landspítalans frá því í febrúar hafa verið beðnir um að senda spítalanum saursýni vegna uppkomu ónæmrar e. coli-bakteríu.

„Þetta er til þess að við skiljum uppákomuna betur og til að læknar barnanna viti af þessu ónæmi," segir Ólafur Guðlaugsson, smitsjúkdómalæknir og yfirlæknir sýkingavarnardeildar spítalans. - bá / sjá síðu 2




## SPURNING DAGSINS



Theodór, er þetta alveg *trillt*?

**„Þetta er lífið.“**

Theodór Ólafsson, sem stundað hefur strandveiðar á trillu sinni á hverju sumri frá því þær voru leyfðar, segir „dásamlegt að djöflast“ í veiðinni.

Formaður KFR hafnar því að flokkurinn hafi ætlað að fara á svig við lög:

# Áttu að aðstoða við fjáröflun

**STJÓRNMÁL** Formaður Kjördæmasambands framsóknarfélaganna í Reykjavík, Þórir Ingþórsson, lagði til að frambjóðendur Framsóknarflokksins í Reykjavík kæmu að fjáröflun fyrir framboðið og að gengið yrði frá samkomulagi um það.

Hann segir frambjóðendur þó ekki hafa verið beðna um að skrifa undir sjálfsskuldarábyrgð því tengda. Þetta kemur fram í tilkynningu sem Þórir sendi Fréttablaðinu í gær vegna forsíðufréttar blaðsins um fjármál framboðsins.



**ÞÓRIR INGÞÓRSSON**

Þórir segir að frambjóðendum hafi litist illa á hugmyndir hans um aðkomu þeirra að fjáröflun fyrir flokkinn og hugmyndirnar hafi ekki hlotið samþykki í stjórn kjördæmasambandsins.

Í fréttinni er haft eftir Guðrúnu Bryndísi Karlsdóttur, sem skipaði annað sæti lista Framsóknarflokksins, að margar hugmyndir hafi verið uppi um fjármögnun framboðsins og segir Guðrún: „Ein þeirra leiða var að fjársterkir einstaklingar styrktu framboðið um meira en 400 þúsund en styrkirnir yrðu skráðir sem kaup á happdrættismiðum.“ Í tilkynningu Þóris er þessu vísað á bug. „Hafi Guðrún Bryndís Karlsdóttir heyrt af slíkum hugmyndum geta þær ekki verið komnar frá stjórn KFR,“ segir Þórir. Aldrei hafi staðið til að sniðganga eða brjóta reglur um fjármál stjórnmálaflokka. **- ssb**

Páfagarður birtir yfirlit:

# Meira en 800 sviptir hempu

**SVISS, AP** Alls hafa 848 kaþólskir prestar verið sviptir hempunni á síðustu tíu árum fyrir að hafa níðst á börnum kynferðislega. Auk þess hefur 2.572 prestum verið refsað með öðrum hætti á sama tímabili.

Þetta fullyrti Silvano Tomasi, sendiherra Páfagarðs í Genf, í yfirheyrslum hjá nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þetta er í fyrsta sinn sem Páfagarður birtir ítarlegt yfirlit, sundurliðað eftir árum, yfir þau viðurlög sem prestar kaþólsku kirkjunnar hafa verið beittir. **- gb**



**FYRSTI ÁLFURINN** Borgarstjóri hafði að sögn áhyggjur af því að álfurinn kæmist ekki fyrir á mælaborðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Árleg álfasala SÁÁ er farin af stað í 25. skipti frá upphafi:

# Jón Gnarr keypti borgarstjóraálf

**SAMFÉLAGSMÁL Hin árlega álfasala SÁÁ hefst í dag og stendur yfir til 11. maí. Álfurinn fagnar 25 ára afmæli í ár en sala hans er stærsta og mikilvægasta fjáröflun samtakanna.**

**„Fólk tekur alltaf vel í þetta,“ segir Rúnar Freyr Gíslason, leikari og samskiptastjóri SÁÁ. Í ár rennur allur söluhagnaður til uppbyggingar á meðferð fyrir unga fíkla og af því tilefni seldu ungir sölumenn SÁÁ Jóni Gnarr borgarstjóra fyrsta álfinn í gær.**

**„Hann fékk svona álf í borgarstjórastærð,“ segir Rúnar. „Hann sagði að ef álfurinn væri svona gætu allir séð hverjir keyptu og hverjir ekki.“** **- bá**

Kosningar í Suður-Afríku:

# Þjóðarráðinu spáð sigri

**SUÐUR-AFRÍKA** Suðurafríska þjóðarráðinu er spáð yfirburðasigri í þingkosningum í Suður-Afríku í dag. Þetta er í fimmta sinn frá lokum aðskilnaðarstefnunnar fyrir 20 árum sem efnt er til þingkosninga þar. Jafnframt eru þetta fyrstu kosningarnar eftir lát Nelsons Mandela.

Suðurafríska þjóðarráðið hefur farið með völd í landinu í öll þessi tuttugu ár, og ekki sjáanlegt að breyting verði þar á þrátt fyrir vaxandi gagnrýni á flokkinn, sem Mandela stýrði framan af. **- gb**

Bandaríkin senda lið:

# Hjálpa við leit að stúlkunum

**NÍGERÍA, AP Bandaríkjastjórn hyggst senda lið til Nígeríu í þeim tilgangi að aðstoða við leitina að nærri 300 stúlkum sem öfgasamtökin Boko Haram hafa rænt á undanförnum vikum.**

**Aðstandendur stúlknanna hafa harðlega gagnrýnt Nígeríustjórn fyrir að hafa ekki sinnt leitinni að stúlkunum af neinni alvöru.**

**Jay Carney, talsmaður Bandaríkjastjórnar, segir brýnt að taka sem fyrst til hendinni við leitina.** **- gb**



**SRI CHIMNOY Á ESJUBERGI** Þannig er útfærsla Sri Chimnoy-miðstöðvarinnar á líkneski af jógagúrúinum við rætur Esjunnar. MYND/SRI CHIMNOY-MIÐSTÖÐIN

# Manngengur jógi úr bronsi við Esjurætur

Sri Chimnoy-miðstöðin hefur nú augastað á nýrri lóð í landi Esjubergs fyrir manngenga risastyttu úr bronsi af jógameistaranum. Lóð við Mógilsá er enn í sigtinu sem og skiki í Mosfellsbæ. Breyta á umhverfi styttunnar í garð með tjörnum og gróðri.

**SKIPULAGSMÁL** „Þetta er táknrænt fyrir það að maður fer inn í sjálfan sig að leita að friði,“ segir Marteinn Arnar Marteinsson hjá Sri Chinmoy-miðstöðinni, sem nú íhugar að kaupa land við rætur Esjunnar undir rúmlega þrettán metra háa og manngenga bronsstyttu af Chinmoy.

Í lok nóvember í fyrra var sagt í Fréttablaðinu frá sömu styttu sem þá var sótt um að setja upp í skógræktarlandinu Lundi við Mógilsá. Um er að ræða listaverk tileinkað friði, hannað af Englendingnum Kaivaliya Torpy sem gert hefur margar styttur af Chinmoy víða um veröld. Styttan á Íslandi yrði hins vegar sú langstærsta af hinum heimsþekkta indverska gúrú og kraftlyftingamanni sem lést árið 2007.

Marteinn Arnar segir landið á Esjubergi vera til skoðunar ásamt landi í Mosfellsbæ, auk þess sem Lundur sé ekki enn út úr myndinni. Menn séu enn að þreifa fyrir sér þar sem álitlegt land sé til sölu.

„Þessi samtök hafa staðið fyrir að koma á sátt og velvild á milli þjóða og ólíkra hópa. Það eru þúsundir staða sem eru nefndir friðarborgir og friðarstaðir úti um allan heim,“ segir Marteinn Arnar, sem kveður styttuna af Sri eiga að vera tákn um velvild út í samfélagið.

„Þetta á að verða vin í eyðimörkinni frá daglegu stressi. Fólk mun fá aðgang þarna inn en alls ekki þannig að það trufli nágrannana,“ segir Marteinn Arnar. Ef af verður muni meðlimir Sri Chinmoy-miðstöðvarinnar planta trjám og útbúa tjarnir þannig að lóðin umhverfis styttuna líkist meira garði.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík hefur vísað umsókn um að fá að reisa styttuna á Esjubergi til umsagnar hjá hverfisráði Kjalarness. Marteinn Arnar neitar því



**Þetta á að verða vin í eyðimörkinni frá daglegu stressi.**

*Marteinn Arnar Marteinsson hjá Sri Chinmoy-miðstöðinni.*

ekki að Chinmoy-styttan myndi sem mannvirki hafa mikla sérstöðu hérlendis. Ekki sé ætlunin að styggja neinn.

„Þetta er táknræn útfærsla á innri friði og því að róa niður hugann og komast í sátt við sjálfan sig eftir eril dagsins. Maður fer inn í þessa styttu eins og maður fer inn í sjálfan sig.“ **gar@frettabladid.is**




Vel hefur gengið að meðhöndla uppkomu e. coli-bakteríu á Landspítalanum:

# Um hundrað börn rannsökuð

**HEILBRIGÐISMÁL** Ónæmt afbrigði e. coli-bakteríunnar greindist á vökudeild Landspítalans um mánaðamót febrúar og mars. Aðgerðir fóru strax í gang til að hindra frekari dreyfingu á deildinni.

„Um er að ræða e. coli sem hefur náð í ónæmisgen,“ segir Ólafur Guðlaugsson, smitsjúkdómalæknir og yfirlæknir sýkingavarnardeildar Landspítalans. „Hún veldur ekki sýkingum frekar en næmar e. colibakteríur en það þarf að nota önnur sýklalyf en væru venjulega notuð.“

Að sögn Ólafs hefur gengið mjög vel að ná utan um uppákomuna og ekkert nýtt barn greinst með bakteríuna síðan málið kom upp.

„Við höfum hins vegar fundið bakteríuna í börnum sem lágu inni áður en þetta uppgötvaðist,“ segir Ólafur.

Foreldrar þeirra barna sem hafa verið á deildinni frá því að bakterían greindist hafa verið beðin um að senda saursýni til spítalans í leit að frekari tilfellum. Að sögn Ólafs er um rúmlega hundrað börn að ræða en bakterían hefur fundist í um sautján börnum.

„Þetta er til þess að við skiljum uppákomuna betur og til að læknar barnanna viti af þessu ónæmi,“ segir Ólafur. **- bá**




**LANDSPÍTALINN** Ónæmt afbrigði e. coli-bakteríunnar hefur fundist í um sautján börnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Snjallsumar hjá Nova!




**iPhone 5s** 16GB

**109.990 kr.** stgr.

**6.690 kr.** /18 mán.




**iPhone 5c** 16GB

**89.990 kr.** stgr.

**5.490 kr.** /18 mán.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

**NOVA**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti og brosi á vör + 325 kr./mán. greiðslugjald.

## SVONA ERUM VIÐ



**20.029 manns bjuggu í strjálbýli** hér á landi um síðustu áramót, en til strjálbýlis teljast byggðakjarnar ef íbúar þeirra eru innan við 200.

Þetta hefur lítið breyst síðustu árin. Í ársbyrjun 2009 bjuggu 20.840 manns í strjálbýli hér á landi.

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Ekki raunhæfur möguleiki að afgreiða ESB-slitatillögu utanríkisráðherra fyrir boðað þinghlé 16. maí:

# Sumarþingi gefinn byr undir báða vængi

**ALÞINGI** „Það er ekki raunhæfur möguleiki á að afgreiða þingsályktunartillögu utanríkisráðherra um slit á viðræðum við ESB fyrir 16. maí. Hvað varðar framhaldið þá ræðst það af því hvort það verður sumarþing eða ekki,“ segir Birgir Ármannsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis.

Fjallað var um slitatillöguna á fundi utanríkismálanefndar í gær. Á fund nefndarinnar komu meðal annarra fulltrúar Heimssýnar og aðila vinnumarkaðarins, það er þeir sem báðu um skýrslu Alþjóðamálastofnunar um stöðu viðræðna við ESB.



BIRGIR ÁRMANNSSON

Alls bárust 214 umsagnir og athugasemdir við tillöguna til utanríkismálanefndar, þar af eru 60 til 70 efnislegar umsagnir með rökstuðningi. Utanríkismálanefnd heldur áfram að fjalla um tillöguna meðfram öðrum verkum sínum næstu daga.

Tveir nefndardagar og fjórir þingfundardagar eru eftir á dagskrá þingsins fyrir þinghlé, sem er 16. maí.

Hvort af sumarþingi verður ræðst af því hvort samkomulag tekst um að ljúka „stóru málum stjórnarinnar“, það er veiðigjaldafrumvarpinu og skuldalækkunarfrumvörpunum. Þingstörf hafa verið í hægagangi síðustu daga og fá mál afgreidd. „Menn vilja ekki gefa frá sér möguleika á sumarþingi fyrr en ljóst er hvort samkomulag tekst um stóru málin,“ segir Birgir. -jme

> **Menn vilja ekki gefa frá sér möguleika á sumarþingi fyrr en ljóst er hvort samkomulag tekst um stóru málin.**
>
> *Birgir Ármannsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis.*



**FERÐAMENN VIÐ GEYSI** Kortleggja á auðlindir ferðaþjónustunnar sem aðdráttarafl fyrir ferðamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Óskað eftir tilboðum:

## Gagnagrunnur með auðlindum

**FERÐAMENNSKA** Ríkiskaup, fyrir hönd Ferðamálastofu, hefur óskað eftir tilboðum í kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar sem aðdráttarafls fyrir ferðamenn á landsvísu. Lokaafurð verkefnisins er gagnagrunnur sem getur nýst hagmunaaðilum við þróun og uppbyggingu í ferðaþjónustu. Þetta kemur fram á vefsíðu Ferðamálastofu.

Verkefnið er fjórskipt. Í fyrsta hluta skal lista upp stök, til dæmis staði eða náttúrufyrirbæri, eftir þematengdum kortaþekjum, í öðrum hluta skal meta aðdráttarafl, aðgengi og eignarhald, í þriðja hluta skal meðal annars skrá lýsingar og hnit hvers staks sem fengið hefur matseinkunn 2 eða 3 og í fjórða hluta skal meðal annars stýra yfirferð gagna. - fb

## LEIÐRÉTT

Rangt var farið með staðreyndir í Fréttablaðinu 5. maí varðandi tilnefningu og tilurð norsku listaverðlaunanna The Queen Sonja Nordic Art Award 2014. Rétt er að tveir listamenn eru tilnefndir til verðlaunanna frá Íslandi, þau Valgerður Hauksdóttir grafíklistamaður og Hugleikur Dagsson. Tveir listamenn eru tilnefndir frá hverju Norðurlandanna og eru tilnefningar listamanna á vegum þátttökulandanna. Verðlaunin eru ekki til heiðurs Sonju Noregsdrottningu eins og kom fram í grein Fréttablaðsins heldur er Sonja Noregsdrottning stofnandi þessara virtu verðlauna.

# Sækja sýni til 100 þúsund þátttakenda í rannsókn ÍE

Fimm til tíu þúsund félagsmenn Landsbjargar munu ganga í hús og sækja gögn frá 100 þúsund einstaklingum sem boðaðir hafa verið í rannsókn hjá Íslenskri erfðagreiningu. Landsbjörg gæti aflað 200 milljóna króna.

**VÍSINDI** „Þetta leggst vel í okkur en þetta verður heljarinnar vinna. Við þurfum fimm til tíu þúsund félagsmenn til að sinna þessu verkefni,“ segir Hörður Már Harðarson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar, um samstarfsverkefni félagsins og Íslenskrar erfðagreiningar, Útkall – í þágu vísinda, sem kynnt var í gær.

Íslensk erfðagreining, ÍE, sendir í þessari viku yfir 100 þúsund Íslendingum boð um þátttöku í samanburðarhópi fyrir rannsóknir fyrirtækisins.

Í samanburðarhópnum verða þeir sem eru eldri en 18 ára og hafa ekki tekið þátt í rannsóknum ÍE áður. Þeir eru valdir með það fyrir augum að hópurinn gefi sem besta og breiðasta mynd af þjóðinni. Auk samanburðar við sjúklingahópa verður tíðni tiltekinna erfðabreytileika könnuð almennt meðal Íslendinga og samanburður gerður við aðrar þjóðir.

Félagar björgunarsveitanna munu sækja gögn þátttakenda heim til þeirra og Íslensk erfðagreining styrkir í staðinn Landsbjörgu með 2.000 krónum fyrir hvern þann sem tekur þátt. Samþykki 100 þúsund Íslendingar þátttöku í rannsókninni er hugsanlegt að Landsbjörg afli 200 milljóna króna.

„Þetta eru umtalsverðir fjármunir sem munu fara til björgunarsveita víðs vegar um landið í hlutfalli við þátttöku þeirra,“ segir Hörður.

Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, kveðst ánægður með hugmyndina sem kviknaði innan fyrirtækisins. „Ef vel gengur verður þetta einhver mesta fjáröflun í sögunni,“ segir Kári og bætir því við að Íslendingar hafi alltaf verið býsna viljugir til að taka þátt í rannsóknum fyrirtækisins.



**LANDSÁTAKIÐ KYNNT** Íslensk erfðagreining og Landsbjörg kynntu í gær Útkall – í þágu vísinda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann leggur áherslu á að Íslensk erfðagreining hafi eiginlega frá byrjun ekki haft samband við þátttakendur í rannsóknum sínum. „Það er gert til að minnka líkur á að við sitjum uppi með persónuupplýsingar. Annaðhvort hafa læknar úti í bæ haft samband við þátttakendur eða Þjónustumiðstöð rannsóknarverkefna, sem er sjálfseignarstofnun og lýtur eftirliti Persónuverndar.“

Kári segir það hafa verið mat starfsmanna ÍE að allir heiðarlegir einstaklingar gætu séð um samskipti við þátttakendur. Vísindasiðanefnd hafi verið á sama máli og þar af leiðandi hafi verið leitað til Landsbjargar þar sem séu kraftmiklir og duglegir einstaklingar.

Aðkoma Landsbjargar verður eingöngu að sækja gögnin, að sögn formanns félagsins. Boðsgögnunum um þátttöku í samanburðarhópnum fylgja nákvæmar upplýsingar um verkefnið, samþykkisyfirlýsingar, munnspaðar og leiðbeiningar um sýnatöku en þátttakendur taka sjálfir lífsýni úr munni sínum.

ibs@frettabladid.is

> **Annaðhvort hafa læknar úti í bæ haft samband við þátttakendur eða Þjónustumiðstöð rannsóknarverkefna, sem er sjálfseignarstofnun og lýtur eftirliti Persónuverndar.**
>
> *Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar.*




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 26° | Friedrichshafen | 17° | New York | 18° |
| Aþena | 20° | Gautaborg | 14° | Orlando | 32° |
| Basel | 20° | Kaupmannahöfn | 14° | Ósló | 5° |
| Berlín | 19° | Las Palmas | 23° | París | 17° |
| Billund | 16° | London | 16° | San Francisco | 17° |
| Frankfurt | 18° | Mallorca | 29° | Stokkhólmur | 8° |




**Á MORGUN** Hægur vindur en hvassara á annesjum S- og N-til.




**FÖSTUDAGUR** 2-6 m/s víðast hvar.

**HÆGLÁTT VEÐUR** Það verður yfirleitt fremur hægur vindur næstu daga, helst að það blási á annesjum. Í dag verður nokkuð bjart SV-til en annars má búast við fremur skýjuðu veðri og lítilsháttar vætu í flestum landshlutum, einkum þó austan til.

**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

# AVENSIS

## EINN AF FJÖLSKYLDUNNI




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 68973 05/14

Avensis sver sig í ættina með fágaðri og nútímalegri hönnun sem skilar hljóðlátum og ánægjulegum akstri fyrir ökumanninn og alla hans farþega. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði og státar meðal annars af bakkmyndavél, ToyotaTouch-margmiðlunarkerfi og Bluetooth-tengingu.

Auk þess að vera einstaklega rúmgóður og með mikið farangursrými er Avensis einn sá sparneytnasti í sínum flokki, notar aðeins frá 4,5 lítrum á 100 km í blönduðum akstri. Margvíslegur öryggisbúnaður og sjö loftpúðar auka svo enn frekar á öryggi þitt og farþega þinna.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

**Verð frá 3.890.000 kr.***

5 ÁRA ÁBYRGÐ

40 % GÆÐALÁN TOYOTA

**Gæðalán Toyota í samstarfi við Ergo**
Fáðu 40% af verði nýrrar Toyotu að láni án vaxta í allt að þrjú ár.

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Tímabundið tilboðsverð á Avensis Sedan Terra. 40% gæðalán ekki fáanlegt með Avensis Sedan Terra. 40% vaxtalaust lán miðast við verðlistaverð án afsláttar. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum. Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað er áætlað að margir farþegar komi hingað í sumar með skemmtiferðaskipum?
**2.** Hvað voru margir togarar gerðir út frá Íslandi í lok síðasta árs?
**3.** Hvar undirbýr Advania byggingu nýs gagnavers?

**SVÖR:**

**1.** 98 þúsund. **2.** 51. **3.** Á Fitjum í Reykjanesbæ.

Rannsókn á orsökum þyrluslyssins á Eyjafjallajökli síðastliðinn fimmtudag lýkur eftir nokkrar vikur:

# Þyrlan komin í skýli á Keflavíkurflugvelli

**SLYS** Þyrla Norðurflugs, sem hlekktist á í lendingu á Eyjafjallajökli fyrir helgi, hefur verið flutt í skýli á Keflavíkurflugvelli.

Notuð var þyrla Landhelgisgæslunnar til að hífa hana upp á mánudaginn en slysið átti sér stað á fimmtudaginn í síðustu viku. Slæmt veður kom í veg fyrir að hún var flutt fyrr í burtu. Að sögn Ragnars Guðmundssonar hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa tók um hálfan sólarhring að koma vélinni til Keflavíkur frá því þyrla Landhelgisgæslunnar lagði af stað í aðgerðina frá Reykjavík um hádegisbilið.

Samkvæmt heimildum fréttastofu rákust spaðar þyrlunnar í jökulinn á fullri ferð, þegar þyrlan valt á hliðina. Þeir eru því brotnir eða beygðir, skrokkur vélarinnar dældaður og rúður brotnar. Ragnar getur ekki sagt til um hvort þyrlan sé ónýt. „Það kemur tryggingamaður seinna í vikunni. Það er ekki tímabært að segja til um það en hún er mjög illa farin.“ Frumrannsókn lýkur eftir nokkrar vikur og þá ætti að koma í ljós nákvæmlega hvað olli slysinu. Flugmaður og þrír kvikmyndatökumenn voru um borð í þyrlunni vegna kvikmyndaverkefnis en þeir slösuðust ekki.

Birgir Haraldsson, framkvæmdastjóri Norðurflugs, segir kvikmyndaverkefni öðruvísi en farþegaflug. „Allt sem við gerum er samkvæmt handbókum. Einn kafli af mjög mörgum segir okkur hvernig við eigum að haga okkur í þessum tilteknu verkefnum,“ segir Birgir. - fb



**ÞYRLA GÆSLUNNAR** Flugmaður og þrír kvikmyndatökumenn voru um borð í þyrlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samfélagsviðurkenning Byggðastofnunar í fjórða sinn:

# Norðursigling fékk Landstólpa

**SAMFÉLAGSMÁL** Fyrirtækið Norðursigling á Húsavík er handhafi Landstólpans 2014, samfélagsviðurkenningar Byggðastofnunar, sem var afhent í fjórða sinn á ársfundi stofnunarinnar í Miðgarði í Skagafirði.

Saga Norðursiglingar hófst árið 1994 þegar bræðurnir Hörður og Árni Sigurbjarnarsynir keyptu 20 tonna eikarbát, m/b Knörrinn, og létu gera hann upp. Sumarið 1995 tók Knörrinn að sigla með farþega á Skjálfandaflóa í náttúru- og hvalaskoðun.



**AFHENDING** Landstólpinn var afhentur í fjórða sinn fyrir skömmu.

„Með tilkomu Norðursiglingar og þeirra framkvæmda sem hún hefur staðið fyrir hefur ásýnd og ímynd Húsavíkur breyst verulega,“ segir í tilkynningu frá Byggðastofnun. - fb







# Hvetja til stofnunar húsnæðislánafélaga

Nýjar tillögur sem verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála kynnti í gær miða að því að bankar og lífeyrissjóðir stofni húsnæðislánafélög til að einfalda rekstur sinn. Skipta á Íbúðalánasjóði í tvennt og stofna opinbert lánafélag.

**HÚSNÆÐISMÁL** Nái tillögur verkefnisstjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála fram að ganga mun almenningur búa við fyrirsjáanlegra húsnæðiskerfi, hvort sem er á leigumarkaði eða almennum markaði, en nú er. Tillögur hópsins miða meðal annars að því að skipta Íbúðalánasjóði upp og stofna nýjan opinberan húsnæðislánasjóð sem er án allrar ríkisábyrgðar. Aðrir aðilar sem eru á lánamarkaði verða hvattir til að stofna sams konar húsnæðislánafélög og regluverk verður samræmt.

„Í tillögu verkefnastjórnar er lögð áhersla á það að óháð því hvort fyrirtæki á lánamarkaði velja að fara inn í húsnæðislánafélagaformið eða ekki þá verði þröngar jafnvægisreglur í gildi varðandi öll húsnæðislán til að tryggja að það séu sömu leikreglur sem gilda,“ segir Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra. Reglurnar miða að því að jafnvægi ríki milli útlána og fjármögnunar.

Bankastofnanir og lífeyrissjóðir, sem velja að stofna húsnæðislánafélög, munu fá töluverðar ívilnanir tengdar félögunum. „Húsnæðislánafélag tekur til dæmis ekki við innlánum. Að því leyti ætti að vera lægri eiginfjárkrafa en er núna á. Síðan höfum við verið að skoða skattaívilnanir með þeim hætti að þeir þyrftu ekki að greiða bankaskattinn. Það verður einfaldlega hagkvæmara fyrir bankana og aðra að fara inn í þessi húsnæðislánafélög.“

Það fyrirkomulag sem verkefnastjórnin kynnti hefur þó í raun og veru ekki með lánakjör að gera og því mun enn ríkja samkeppni á markaði. Tillögurnar miða að því að húsnæðislán verði óverðtryggð. Það mun þýða hærri vexti fyrir greiðendur húsnæðislána, eins og nú tíðkast með óverðtryggð lán, en hópurinn vill skoða hvort nýjar tillögur um nýtingu séreignarlífeyrissparnaðar til húsnæðiskaupa megi framlengja að þremur árum liðnum. „Íslendingar hafa oft litið á húsnæðið sitt sem ákveðna tegund af lífeyrissparnaði. Með því að hvetja fólk til þess að byrja að leggja til hliðar um leið og það kemur á atvinnumarkað getum við auðveldað fólki að kaupa húsnæði. Ég hef líka haft hugmyndir um að gefa foreldrum ákveðnar skattaívilnanir ef þeir byrja að leggja fyrir, fyrir börn sín, um leið og þau fæðast.“

Hún segir mikilvægt að fólk eigi meira eigið fé áður en það kaupi sína fyrstu eign. „Það sem hefur aðgreint íslenska markaðinn frá Evrópulöndunum er að við erum að kaupa mjög ung og eigum ekki mikið eigið fé.“ Hún segir að ýmsar hugmyndir séu uppi til að bregðast við hærri greiðslubyrði óverðtryggðra lána, meðal annars með sameiningu vaxtabótakerfis og húsnæðisbótakerfis. „Við viljum vera með sambærilegan húsnæðisstuðning við þá sem eru að leigja og þá sem eru að kaupa svo við séum ekki að mismuna ólíkum búsetuformum.“

Næsta skref stjórnvalda er að vinna upp úr tillögum verkefnastjórnarinnar og smíða frumvarp. Áætlað er að frumvarpið verði lagt fram á Alþingi næsta haust. snaeros@frettabladid.is



**VILJA GJÖRBREYTA KERFINU** Eygló Harðardóttir húsnæðismálaráðherra og Soffía Björgvinsdóttir formaður verkefnastjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## → Leigumarkaður verði traustari

Hugmyndir verkefnahópsins snúa líka að því að gera leigumarkaðinn traustari. Í tillögunum er meðal annars lögð áhersla á að stofnun leigufélaga verði auðvelduð með stofnframlögum frá ríkinu í stað niðurgreiðslu vaxta. Enn fremur er lagt til að fjármagnstekjuskattur af leigutekjum verði minnkaður úr 20 prósentum í 10 prósent. Það er von hópsins að skattalækkunin muni skila sér í lægri leigu til almennings. „Við þurfum auðvitað að hafa aðra valkosti fyrir fólk sem á ekki eigið fé en það hefur verið vandasamt því við höfum verið með svo brothættan leigumarkað. Í nágrannalöndunum er fólk að kaupa sér búseturétt og er þá að leigja. Þar er líka hægt að vera á leigumarkaði hjá leigufélögum og er fólk þá með öruggt húsnæði og hefur ákveðna hvata til að leggja til hliðar ef það hefur áhuga á að kaupa til framtíðar,“ segir Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra. Húsnæðisöryggi og val séu lykilorð í stefnu stjórnvalda nú. „Það getur verið að mín afstaða endurspeglist af því að ég er sjálf á leigumarkaðnum. Við þurfum að hjálpa fólki að spara en á meðan það er að því þá sé það líka með öruggt húsnæði.“

## SEGJA TILLÖGURNAR EKKI NÓGU VEL ÚTFÆRÐAR

Stjórnarandstöðuþingmönnum voru kynntar niðurstöður hópsins á fundi í gær. **Katrín Jakobsdóttir**, formaður Vinstri grænna, segir að margt sé enn óljóst varðandi fyrirætlan stjórnvalda. „Við eigum eftir að skoða nákvæmlega hvernig á að útfæra þetta kerfi því þarna er verið að tala fyrir mjög stórri breytingu, meðal annars að öll lánin verði óverðtryggð og þar með fjármögnuð á óverðtryggðan hátt. Það er verið að tala um að það eigi að fara í ýmiss konar mótvægisaðgerðir sem ekki er búið að útfæra.“

**Guðmundur Steingrímsson**, formaður Bjartrar framtíðar, segir hugmyndirnar byggðar á margra ára vinnu. „Það er margt í þessu sem er til framfara. Það er ánægjulegt að öll þessi vinna skuli nú loks skila sér í tillögugerð. Ég veit ekki alveg hvort það er raunhæft að hafa lánamarkaðinn algjörlega óverðtryggðan. Það er það eina sem slær mig í þessari kynningu. Forsendur í efnahagsmálum þyrftu kannski að breytast til að það geti talist mögulegt.“



**Árni Páll Árnason**, formaður Samfylkingar, tekur í sama streng: „Ég held að margt þarna horfi til bóta og ég tek eftir að það hefur verið brugðist við ýmsum af þeim athugasemdum sem við í Samfylkingu gerðum við tillögurnar sem lagðar voru til grundvallar. Þetta veltur hins vegar mikið á útfærslunni og hvernig þessu verður á endanum hrint í framkvæmd og hvort stjórnvöld séu tilbúin að leggja nægilegt fé til að búa til raunverulegan valkost í húsnæðismálum.“

# VORÚTSALA
## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

**YAMAHA HLJÓMTÆKI MEÐ ALLT AÐ 100.000 KR. AFSL.**

**LG SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 200.000 KR. AFSL.**

| Vara | Fullt verð | Tilboð | Merki | Afsl. |
|---|---|---|---|---|
| 42“ 3D SNJALLSJÓNVARP | FULLT VERÐ 249.990 | TILBOÐ 199.990 | LG | AFSL. 50.000 |
| 42“ FULL HD LED SJÓNVARP | FULLT VERÐ 139.990 | TILBOÐ 99.990 | LG | AFSL. 40.000 |
| 60“ LED SJÓNVARP | FULLT VERÐ 449.990 | TILBOÐ 299.990 | SHARP | AFSL. 150.000 |
| 46“ FULL HD LED SJÓNVARP | FULLT VERÐ 169.990 | TILBOÐ 129.990 | THOMSON | AFSL. 40.000 |
| 32“ FULL HD LED SJÓNVARP | FULLT VERÐ 129.990 | TILBOÐ 69.990 | Panasonic | AFSL. 60.000 |
| 55“ ULTRA HD SJÓNVARP | FULLT VERÐ 499.990 | TILBOÐ 349.990 | THOMSON | AFSL. 150.000 |

**MYNDAVÉLAR MEÐ ALLT AÐ 55% AFSLÆTTI**
Nikon – Olympus – Panasonic

**HEYRNARTÓL MEÐ ALLT AÐ 44% AFSLÆTTI**
Philips – JVC – TDK – JBL – AKG

**BLUETOOTH HÁTALARAR OG VÖGGUR MEÐ ALLT AÐ 48% AFSLÆTTI**
TDK – JBL – Yamaha – harman kardon

YAMAHA KENWOOD PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG INTENSO UNITED
harman/kardon JBL OLYMPUS Dantax tasco Nikon SanDisk enox. LG

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

Afbrotamaður í Danmörku:

# Gert að skera hár og skegg

**DANMÖRK** Danska lögreglan sagði alskegg og sítt hár afbrotamanns, sem setið hafði í gæsluvarðhaldi í nokkra mánuði, gera sakbendingu erfiða. Þar sem hann leit ekki eins út og þegar glæpurinn var framinn krafðist lögreglan þess að hann skæri hár sitt og skegg.

Maðurinn, sem ásamt þremur öðrum er sakaður um morðtilraun, neitaði og einnig verjandi hans en dómarar úrskurðuðu að verða ætti við kröfu lögreglunnar. Politiken sagði frá. - ibs

Tillaga um endurskoðun samgöngusamnings Reykjavíkur var ekki samþykkt á fundi borgarstjórnar:

# Ekki ráðist í stórframkvæmdir fyrir 2022

**REYKJAVÍK** Borgarstjórn vísaði í gær tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um samgöngusamning Reykjavíkur við ríkið til borgarráðs. Það var Kjartan Magnússon sem mælti fyrir tillögunni en hún fólst í því að óskað yrði eftir endurskoðun á samningnum með það að markmiði að á samningstímabilinu verði ráðist í stórframkvæmdir í samgöngumálum í Reykjavík.

„Samkvæmt samningnum verður ekki ráðist í neinar slíkar framkvæmdir fram til ársins 2022,“ segir Kjartan. „Það finnst okkur mjög slæmt.“

Hann segir að með framkvæmdum væri hægt að fækka slysum við fjölfarin gatnamót svo um munar, til dæmis með því að gera þau mislæg líkt og gert var á gatnamótum Skeiðarvogs og Miklubrautar. Þar hafi slysum fækkað um heil níutíu prósent.

„Af einhverjum óskiljanlegum ástæðum vill meirihlutinn ekki halda áfram í þessa átt,“ segir Kjartan.

Fulltrúar Besta flokksins, Samfylkingar og Vinstri grænna mæltu gegn tillögunni á fundinum. Notaði Sóley Tómasdóttir, fulltrúi Vinstri grænna, hugtakið „steypa og stórkarlaleg mannvirki“ um hugmyndir Sjálfstæðisflokksins og sagðist enga ástæðu sjá til að breyta samningnum. -bá



**MIKLABRAUT** Sjálfstæðisflokkurinn vill greiða fyrir umferð á fjölförnum gatnamótum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






# Rússar segjast ekki sjá tilgang í frekari viðræðum

Rússar segja ekkert vit í að halda kosningar í Úkraínu á næstunni. Þeir hafna frekari viðræðum um Úkraínu nema uppreisnarmönnum verði boðið til þeirra. Pútín heldur til Krímskaga á föstudag þegar efnt verður þar til hersýningar.

**ÚKRAÍNA, AP** „Það er ekki venjulegt að setja kosningar á dagskrá á meðan herinn er notaður gegn hluta íbúanna,“ sagði Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, um fyrirhugaðar forsetakosningar í Úkraínu, sem Úkraínustjórn hafði hugsað sér að efna til 25. maí næstkomandi.

Líklega verður þó ekkert úr þeim kosningum, að minnsta kosti ekki strax, þar sem Úkraínuþing hafnaði tillögu um slíkt á lokuðum fundi í gær, að því er þýska vikuritið Der Spiegel skýrði frá í gær.

Úkraínustjórn hefur sakað Rússa um að kynda undir ólgunni í austanverðri Úkraínu, ekki síst í þeim tilgangi að skemma fyrir kosningunum. Lavrov segir hins vegar að Úkraína sé engan veginn tilbúin í kosningar. Fyrst þurfi að breyta stjórnskipan landsins, þannig að héruðin fái meiri sjálfsstjórnarvöld.

Þetta sagði Lavrov í Vínarborg í gær, þar sem hann tók þátt í fundi Evrópuráðsins. Lavrov sagði þar einnig að Rússar sæju engan tilgang í frekari viðræðum um Úkraínu nema uppreisnarmönnum verði boðið til þeirra.

„Þeir sem mótmæla vilja að rödd þeirra heyrist,“ sagði hann.

Átök héldu áfram í austurhluta Úkraínu í gær, einkum í borginni Donetsk sem uppreisnarmenn hafa haft á sínu valdi að hluta. Úkraínuher styrkti víglínu sína umhverfis borgina.

Innanríkisráðherra Úkraínu fullyrti í gær að á mánudag hafi fjórir úkraínskir hermenn og 30 uppreisnarmenn, hliðhollir Rússum, fallið í átökum. Uppreisnarmenn sögðu hins vegar að úkraínskir hermenn hefðu á mánudag orðið tíu manns að bana, bæði uppreisnarmönnum og almennum borgurum.

Rússneskir fjölmiðlar skýrðu síðan í gær frá því að Vladimír Pútín Rússlandsforseti ætli sér að heimsækja Krímskaga á föstudaginn, en þá halda Rússar upp á sigur á nasistum í seinni heimsstyrjöldinni, eða föðurlandsstríðinu mikla eins og Rússar nefna styrjöldina.

Sagt var líklegt að Pútín fari til borgarinnar Sevastopol eftir að hafa fylgst með hinni árlegu hersýningu í Moskvu. Hann gæti þá náð því að fylgjast með annarri hersýningu, sem efnt verður til á Krímskaga af þessu tilefni.

Angela Merkel Þýskalandskanslari gagnrýndi þessi áform Pútíns: „Mér finnst það synd ef dagur af þessu tagi verður notaður til þess að efna til hersýningar á slíku spennusvæði,“ hefur Der Spiegel eftir henni á vefsíðu sinni.

gudsteinn@frettabladid.is



**UPPREISNARMENN Í SLOVJANSK** Harðir bardagar voru í Slovjansk á mánudag. NORDICPHOTOS/AFP













**BETL** Eldri kona á Ítalíu biður um peninga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Illa staddir flýja kuldann og kerfið í Svíþjóð:

# Heimilislausir Svíar betla í öðrum löndum

**SVÍÞJÓÐ** Samtímis því sem andstaðan gegn betlurum frá Evrópusambandsríkjum í Svíþjóð vex flýja hundruð sænskra ríkisborgara frá Svíþjóð til þess að betla á ferðamannastöðum í öðrum löndum, að því er segir í frétt á vefnum metro.se.

Þar er haft eftir prestinum Jan Janson, sem starfaði á Spáni, að erfitt hafi verið að koma heimilislausum Svíum aftur til Svíþjóðar jafnvel þótt þeim hafi verið boðinn farseðill. Þeir hafi ekki viljað fara heim í vetrarkuldann.

Haft er eftir yfirmanni sænsku kirkjunnar í útlöndum, Stefan Bergmark, að þessir einstaklingar haldi oft til heitari landa. Flestir þeirra glíma við vímuefnavanda, að hans sögn. Á vef Metro segir að heimilislausir Svíar hafist jafnframt við í mörgum evrópskum stórborgum.

Larsa Rännar, hjá sænsku kirkjunni í Brussel, segir fjölda sænskra ríkisborgara sem glíma við andleg veikindi, ferðast um Evrópu til þess að losna við meðferð sænskra heilbrigðiskerfisins. Þeir séu af og til á götunni. Þar sjaldan eða aldrei sé vegabréfaeftirlit við landamærastöðvar viti sendiráð og ræðismannsskrifstofur sjaldan af þeim.

Samkvæmt frétt metro.se hefur sænska utanríkisráðuneytið staðfest upplýsingarnar um að sífellt fleiri andlega veikir Svíar fari úr landi. - ibs




# -20 KR.

# AF BENSÍNI OG DÍSEL

## MEÐ LYKLI, STAÐGREIÐSLU- OG TVENNUKORTI HJÁ OLÍS OG ÓB Í DAG

**Til hamingju Pollapönk – og til hamingju Ísland!** Við lofuðum 10 krónum – og einni aukalega fyrir hvert umslag sem opnað yrði áður en nafn Íslands kæmi upp. Við komum upp úr umslagi nr. 10 í gærkvöldi. Þess vegna fá lykilhafar 20 kr. afslátt í dag. Á sunnudaginn verður svo afsláttur í takt við sætið sem Ísland lendir í á úrslitakvöldinu. **Hafið lykilinn eða kortin klár!**



### Gleðiveðbankinn – hver heldur þú að sigri í Eurovision?

Kíktu inn á Facebook-síðu ÓB og taktu þátt í skemmtilegum leik sem gefur þér möguleika á enn meiri afslætti með gull-, silfur- eða bronslykli!



**Sæktu lykil á næstu Olís-stöð.**

olís ÓB

PIPAR\TBWA • SÍA • 141292




Utanríkisráðherra tók til máls á ráðherrafundi Evrópuráðsins í Vín í gær:

# Úkraínubúar krefjast breytinga

**UTANRÍKISMÁL** Með átökum á Krímskaga og í austurhluta Úkraínu er vegið að lýðræðislegum stjórnarháttum og vernd mannréttinda. Þetta sagði Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra í ræðu sinni á ráðherrafundi Evrópuráðsins í gær.

Ráðið kom saman í Vínarborg í gær, meðal annars til að ræða yfirstandandi átök í Úkraínu. Gunnar Bragi situr fundinn fyrir hönd Íslands. Hann sagði að núverandi staða í landinu einkenndist af vantrausti, ótta og óöryggi.

„Úkraínska þjóðin á rétt á að búa við frið, lýðræði og réttlæti,“ sagði Gunnar. „Genfarsamkomulagið frá 17. apríl gaf von um að hægt væri að ná fram friðsamlegri lausn. Sú hefur ekki orðið raunin og staðan nú einkennist af ofbeldi, ógnunum og takmörkunum á frelsi fjölmiðla.“

Blóðug átök hafa geisað í austurhluta Úkraínu undanfarið milli stjórnvalda og aðskilnaðarsinna sem vilja að svæðið verði innlimað í Rússland. „Íbúar landsins krefjast breytinga,“ sagði Gunnar Bragi. „Þeir hafa tapað miklu en halda þó enn í vonina um bjartari tíma.“ - bá


**ÓTTI OG ÓÖRYGGI** Aðskilnaðarsinni sem lést í átökum við úkraínska lögreglu var syrgður í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Lekamálið ljótur pólitískur leikur

Innanríkisráðherra segir tvenns konar gögn í gangi í lekamálinu. Annað sé úr ráðuneytinu, hitt sé plagg sem búið sé að bæta hlutum við sem enginn kannist við í innanríkisráðuneytinu. Hún segist aldrei hafa sagt þingheimi ósatt um málið.

**ALÞINGI** Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra bar af sér allar sakir í „lekamálinu“ svokallaða á Alþingi í gær. Hún sagði málið flókið og snúið og sagði það pólitískan spuna.

„Ég er reyndar þeirrar skoðunar, en mun ekki úttala mig um það fyrr en máli þessu er lokið og rannsókn er lokið, að þetta sé meira en pólitískur spuni, að þetta sé talsvert ljótur pólitískur leikur. Málið snýst um miklu meira en þann sem hér stendur, en þann sem málið á að snúast um, sem er umræddur hælisleitandi,“ sagði Hanna Birna og vísaði þar til hælisleitandans Tonys Omos. Minnisblað um hann var til umfjöllunar í fjölmiðlum og sagt komið úr innanríkisráðuneytinu.


**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**

Bjarkey Gunnarsdóttir, Vinstri grænum, beindi spjótunum að Hönnu Birnu í óundirbúnum fyrirspurnum á þingi í gær.

Hún sagði að ráðherra hefði ekki aðhafst með fullnægjandi hætti í málinu þegar ljóst hefði verið að um refsiverða háttsemi hefði verið að ræða á vinnustað hennar í nóvember.

Þess í stað hafi hún bent á aðrar stofnanir sem sökudólga.

Hanna Birna ítrekaði það sem hún hefur oft sagt, að lögreglurannsókn málsins væri ekki lokið, því væri ekki hægt að tala um sökudólga í málinu.

Ráðherrann sagði jafnframt að hún gæti ekki svarað fyrir allt málið á meðan lögregla rannsakaði það.

„Hér er talað um að menn fari ekki alveg rétt með staðreyndir þegar ég hef rætt þessi mál á þingi,“ sagði Hanna Birna. Hún sagði tvenn gögn í gangi í málinu. Annars vegar samantekt frá ráðuneytinu sem hún væri ekki í aðstöðu til að upplýsa um, hún mætti það ekki. Hins vegar plagg þar sem búið væri að bæta við hlutum sem ráðuneytið kannaðist ekki við og gæti ekki tekið ábyrgð á.

„Í því felast meiðandi ummæli gagnvart umræddum aðila og ráðuneytið getur ekki axlað ábyrgð á því,“ sagði Hanna Birna.

Hún neitaði því að hún hefði sagt þingheimi ósatt.

„Ég hef aldrei sagt þingheimi ósatt, hvorki um þetta mál né annað,“ sagði hún.

Bjarkey lét þá skoðun í ljós að Hanna Birna hefði átt að fara í leyfi á meðan á rannsókn málsins stæði.

„Því má spyrja hvort nokkuð annað en afsögn komi til greina og hvort ríkisstjórnin og þingmenn stjórnarflokkanna treysti sér til þess að bera ábyrgð á ráðherra sem hefur farið fram á þennan hátt,“ sagði Bjarkey.

johanna@frettabladid.is


**LEKAMÁLIÐ** Hanna Birna Kristjánsdóttir segist ekki hafa sagt þingheimi ósatt í lekamálinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Vilja afsögn ráðherra

Komið hefur verið á fót undirskriftasöfnun Austurvöllur.is þar sem þess er krafist að innanríkisráðherra segi af sér. Ekki er ljóst af síðunni hver eða hverjir standa á bak við hana. En fólk er beðið um að skrifa undir svohljóðandi yfirlýsingu.

„Nauðsynlegt er af virðingu fyrir lýðræði og lögum að Hanna Birna Kristjánsdóttir axli tafarlaust ábyrgð með afsögn sem ráðherra og þingmaður.“

Borgarstjórn skorar á heilbrigðisráðherra að standa við viljayfirlýsingu sína:

# Vilja 88 ný hjúkrunarrými

**REYKJAVÍK** Borgarstjórn samþykkti einróma á fundi í gær að skora á heilbrigðisráðherra að standa án tafar við viljayfirlýsingu um byggingu hjúkrunarheimilis við Sléttuveg með 88 hjúkrunarrýmum.

Í tilkynningu frá borgarstjórn segir að velferðarráðuneytið hafi frá árinu 2008 gert ráð fyrir hjúkrunarheimili á Sléttuvegi vegna hlutfallslegrar fjölgunar aldraðra á komandi árum. Um svipað leyti hafi það verið staðfest í skipulagi borgarinnar. Jafnframt hafi ráðuneytið farið fram á að gerður yrði sérstakur samstarfssamningur milli ráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og Sjómannadagsráðs um starfsemi hjúkrunarheimilisins áður en framkvæmdir hefjast.

Í yfirlýsingunni segir að ráðuneytið vilji reisa hjúkrunarheimilið á árunum 2014 til 2016. Fyrir liggur þjónustusamningur milli Reykjavíkurborgar og Sjómannadagsráðs um rekstur þjónustukjarna með um hundrað íbúðum sem tengdar verða hjúkrunarheimilinu.

Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum er sem stendur hlutfallslega lengstur í Reykjavík og fjölgun aldraðra hröðust. Í tilkynningu borgarstjórnar segir að rýmin sem viljayfirlýsingin tekur til við Sléttuveg séu aðeins brot af áætlaðri þörf á næstu árum. - bá


**HRAFNISTA** Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum er hlutfallslega lengstur í Reykjavík. MYND/ERNIR EYJÓLFSSON

# ego dekor

## MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM

-20%



MALMO 4ra sæta sófi
Breidd: 290cm
Verð: 198.000,-
TILBOÐSVERÐ: 158.400,-

-25%



NEW ENGLAND tungusófi
Stærð: 252x165cm Færanleg tunga
Verð: 209.000,-
TILBOÐSVERÐ: 156.750,-



ERIC skenkur
Breidd: 170cm
Verð: 149.900,-



ARES 3ja sæta sófi
Breidd: 198cm
Verð: 129.900,-



ERIC TV skenkur
Breidd: 210cm
Verð: 149.900,-



Glersófaborð -3 saman
Stærð: 110X60cm
Verð: 78.000,-



KUND tungusófi
Stærð: 303X168cm
Verð: 238.500,-



COE armstóll
Verð: 108.000,-



SONATA stóll
Verð: 25.900,-



CHESTER stóll
Verð: 19.900,-



CHESS armstóll
Verð: 78.000,-



MORRIS stóll
Verð: 19.900,-



VERONA armstóll
Verð: 35.000,-

Opið mán-fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

Barnaheill segja að í löndum þar sem átök eiga sér stað sé hættulegra að vera kona eða barn heldur en karlmaður í bardaga:

# 250 milljónir barna undir fimm ára á átakasvæðum

**SAMFÉLAG** Yfir 250 milljónir barna undir fimm ára aldri búa í löndum þar sem átök eiga sér stað. Yfir helmingur allra tilfella mæðra- og barnadauða í heiminum á sér stað í þróunarlöndum eða þar sem átök eiga sér stað.

Hægt er að draga verulega úr mæðra- og barnadauða í verst settu löndum heims þegar áhersla er lögð á að bæta þjónustu við mæður og börn.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Barnaheilla – Save the Children um stöðu mæðra í heiminum sem Barnaheill á Íslandi kynntu í gær.

Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri samtakanna á Íslandi, segir langflest dauðsföllin verða vegna þess að innviðir samfélaganna hafi hrunið, skortur sé á nauðsynlegum tækjum og þjálfað heilbrigðisstarfsfólk sé ekki til staðar við fæðingu. „Við þurfum nauðsynlega að auka aðgang að heilbrigðisþjónustu á stöðum þar sem innviðir eru veikir og átök og óöryggi eru útbreidd. Öll börn eiga rétt á að lifa af, sama hvar þau fæðast.“

Í skýrslunni kemur fram að hættulegra er að vera kona eða barn í Lýðveldinu Kongó en vopnaður maður í bardaga.

Vopnuð átök hafa rústað líf milljóna mæðra og barna í Sýrlandi og Mið-Afríkulýðveldinu. Samstillt átak í Afganistan og Eþíópíu hefur skilað þeim árangri að dregið hefur úr mæðradauða um næstum tvo þriðju frá árinu 2000. Með þjálfun ljósmæðra, bólusetningum og áherslu á menntun stúlkna hefur mikill árangur náðst í að bæta heilsu kvenna og barna, að því er segir í fréttatilkynningu Barnaheilla.

Af þeim 178 löndum sem könnuð eru í ár er best að vera móðir í Finnlandi. Ísland er í fjórða sæti á listanum. Verst er að vera móðir í Sómalíu. **-ibs**



**SÝRLENSK BÖRN** Barnaheill segja að tryggja þurfi mæðrum á átakasvæðum nauðsynlegan stuðning til að þær geti annast börn sín. NORDICPHOTOS/AFP






# Sérstök áhersla lögð á öryggi sjúklinga

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, segir langtímaverkefni spítalans snúast um að taka sig á í öryggismálum. Stærsti hlutinn af því verkefni sé að bæta húsakost og tækjabúnað. 54 prósent af fermetrafjölda spítalans voru byggð fyrir 1970.

**HEILBRIGÐISMÁL** Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, segir langtímaverkefni spítalans snúast um að taka sig á í öryggismálum.

„Það nýja í þróun heilbrigðisþjónustu er að leggja sérstaka áherslu á öryggi sjúklinga. Með því að draga úr breytileika og auka öryggismenningu á meðal starfsfólks er hægt að bæta öryggi margfalt á heilbrigðisstofnunum,“ sagði Páll í samtali við blaðamann á ársfundi Landspítala sem var haldinn á Hilton Reykjavík Nordica í gær.

„Stærsti hlutinn af því verkefni er síðan að bæta húsakost og tækjabúnað. Þessi ársfundur gengur [gekk] að miklu leyti út á það hvers vegna við teljum að bætt öryggi og bættur húsakostur sé nátengt,“ sagði hann. Til stendur að sameina bráðamóttökurnar tvær í eina sem verður á einni hæð í nýjum meðferðarkjarna við Hringbraut, auk þess sem skurðstofur og gjörgæslur verða á einni hæð. Um níu þúsund sjúklingar eru fluttir á milli Fossvogs og Hringbrautar á hverju ári og um 25 á dag.

Að sögn Páls þarf að leita leiða til að fjármagna endurnýjun húsnæðis spítalans því núverandi ástand bygginganna sé að verða ógn við öryggi í heilbrigðisþjónustu. Heildarhúsnæði Landspítalans er 151 þúsund fermetrar. Þar af voru 82 þúsund fermetrar byggðir fyrir 1970, eða 54%. Á síðustu 25 árum hafa aðeins 8% af fermetrafjöldafjöldanum verið byggð.

Húsakosturinn er barn síns tíma og á fundinum var sýnt fram á að plássið sem bæði sjúklingar og starfsmenn hafa úr að moða er alltof lítið.

Fram kom í máli Maríu Heimisdóttur, framkvæmdastjóra fjármálasviðs Landspítalans, að reiknað væri með að viðhaldsþörf á spítalanum yrði um fimm milljörðum króna á árunum 2015 til 2017 sem er meira en gengur og gerist erlendis. Ef horft er lengra fram í tímann eða til 2050 er reiknað með alls 41 milljarði króna í viðhald og rekstur. Upphæðin færi upp í 61 milljarð króna ef nýbyggingar yrðu byggðar við þær sem fyrir eru. Þrátt fyrir hærri upphæð sagði María að nýbyggingar væru alltaf hagstæðari kosturinn. Þannig myndi rekstrarkostnaður Landspítalans til að mynda lækka um 2,7 milljarða á ári hverju. **freyr@frettabladid.is**



**Í RÆÐUSTÓL** Páll Matthíasson í ræðustól í gær. Eins og sjá má var ársfundurinn vel sóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## 108 hús á sautján stöðum



„Við erum í 108 húsum á sautján stöðum. Það kemur ekki alltaf að sök en það kemur virkilega að sök þegar kemur að bráðastarfsemi. Til dæmis ef þú ert með tækin og sérhæfinguna til að sinna höfuðslysum í Fossvogi en til að sinna brjóstholsáverkum á Hringbraut. Síðan færðu einstakling sem er með áverka á báðum stöðum og er of veikur til að hægt sé að flytja hann á milli þá mun sá einstaklingur hugsanlega líða fyrir það,“ segir Páll Matthíasson.


# Ný frímerki

*Safnaðu litlum listaverkum*

Á morgun 8. maí gefur Íslandspóstur út frímerki tileinkuð bæjarhátíðum og skrúðgörðum. Einnig koma út tvö frímerkjahefti með togurum og fjölveiðiskipum.



Fyrstadagsumslög fást stimpluð á pósthúsum um land allt. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni.
Sími: 580 1050. Netfang: stamps@stamps.is
Heimasíða: www.stamps.is
facebook.com/icelandicstamps

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN


Fyrsta fimleikafélagið á höfuðborgarsvæðinu í 43 ár leitar að nýju húsnæði:

# Jaðaríþróttir undir sama þaki

**SAMFÉLAG** Fyrsta fimleikafélagið á höfuðborgarsvæðinu í 43 ár, sem var stofnað fyrir mánuði, leitar nú að húsnæði.

Svo gæti farið að það verði með starfsemi sína í um þrjú þúsund fermetra húsnæði í Reykjavík. Fleiri jaðaríþróttir myndu vera undir sama þaki, þar á meðal quigong, tai chi og jiu jitsu.

Fimleikafélagið var stofnað í kringum frönsku íþróttina parkour, sem hefur notið sívaxandi vinsælda. Yfir sextíu manns mættu á stofnfundinn, sem var framar vonum, að sögn Sindra Viborg, yfirþjálfara Gerplu, sem hefur kennt íþróttina síðustu sjö ár.

Upphaflega stóð til að íþróttin yrði kennd í 1.500 fermetra húsnæði í Vatnagörðum í Reykjavík en ekkert varð af því. „Ef við fáum þetta hús sem við erum að leita eftir núna þá verður það rúmlega tvöfalt stærra,“ segir Sindri, sem telur það hagkvæmt fyrir lítil íþróttafélög að vera undir sama þaki. Peningar sparist með sameiginlegri afgreiðslu og búningsklefum. „Þarna verður hugsanlega hægt að byggja upp kjarna af óheftbundnum íþróttum.“

Parkour-íþróttin hefur verið kennd í fimleikasölum og víðar, þar á meðal hjá Gerplu, Fylki, Ármanni og í Björk. Þeir sem æfa parkour á höfuðborgarsvæðinu eru um þrjú hundruð talsins og komast færri að en vilja. Skráning í nýja félagið hefst um leið og húsnæðismálin verða komin á hreint. **-fb**



**SINDRI VIBORG** Þjálfarinn vonast til að komast í nýtt 3.000 fermetra húsnæði með íþróttina parkour. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Ófbeldisfullir tölvuleikir hafa áhrif á börn.

Eirberg

# Rodalon®

## – alhliða hreingerning og sótthreinsun

**Vottað af astma og ofnæmissamtökum Danmerkur**

### Rodalon® utanhúss

**Eyðir bakteríum, sveppagróðri og mosa**

- Fyrir sólpalla og tréverk
- Gróðurhús og garðskála
- Fellihýsi og tjöld
- Garðhúsgögn







### Rodalon® innanhús

**Áhrifarík hreingerning og sótthreinsun**

- Gegn myglusveppi og sagga
- Fyrir baðherbergi og eldhús
- Eyðir ólykt úr íþróttafatnaði
- Eyðir gæludýralykt

**Endursölustaðir: BYKO • Fjarðarkaup • Lyfjaverslanir**

Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

Þessa dagana fá yfir 100.000 Íslendingar boð um þátttöku í landsátaki

# ÚTKALL

## Í ÞÁGU VÍSINDA



Með rannsóknum á erfðaefni Íslendinga er stöðugt leitað orsaka margra alvarlegustu sjúkdóma sem hrjá mannkynið - svo sem krabbameina, hjartasjúkdóma og sykursýki.

Markmiðið er að skoða áhrif erfða og umhverfis á heilsu okkar og skila næstu kynslóðum aukinni þekkingu.

### SVARAÐU KALLINU!

Ef þú ert í úrtakinu færðu möppu senda heim. Kynntu þér innihaldið, skafðu og settu gögnin í umslagið. Björgunarsveitirnar sækja það til þín.





### TIL STYRKTAR BJÖRGUNARSVEITUNUM

Fyrir hvern þátttakanda styrkjum við björgunarsveitirnar um 2000 krónur sem renna til nauðsynlegs rekstrar þeirra og þjálfunar.

### FYRIR KOMANDI KYNSLÓÐIR

Þátttaka þín er mikilvæg. Tökum höndum saman og styðjum þetta einstaka vísindaverkefni.



ÍSLENSK ERFÐAGREINING

KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON
HEILBRIGÐISRÁÐHERRA

JÓN GNARR
BORGARSTJÓRI

INGIBJÖRG PÁLMADÓTTIR
HJÚKRUNARFRÆÐINGUR OG FYRRV. HEILBRIGÐISRÁÐHERRA



# VIÐ SVÖRUM KALLINU!



SIGURÐUR GUÐMUNDSSON
PRÓFESSOR OG FYRRV. LANDLÆKNIR



MAGNÚS KARL MAGNÚSSON
PRÓFESSOR, FORSETI LÆKNADEILDAR HÍ



SIGRÍÐUR THORLACIUS
SÖNGKONA



INGA ÞÓRSDÓTTIR
PRÓFESSOR, FORSETI HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐS HÍ



SNÆVAR ÍVARSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI FÉLAGS LESBLINDRA Á ÍSLANDI



MARÍA RUT KRISTINSDÓTTIR
FORMAÐUR STÚDENTARÁÐS HÍ



DAVÍÐ O. ARNAR
HJARTALÆKNIR, FRKVSTJ. LYFLÆKNINGASVIÐS LANDSPÍTALA



RAGNHILDUR HAUKSDÓTTIR
FORMAÐUR FÉLAGS LÆKNANEMA

**Útkallið er hafið!** Næstu dagana koma björgunarsveitirnar í heimsókn.
Taktu vel á móti þeim með umslagið tilbúið ef þú velur að taka þátt.

ÚTKALL
Í ÞÁGU VÍSINDA

www.utkall.is

# SKOÐUN

Hert á reglum um fjárlagahalla og skuldir ríkisins:

## Innlendi aginn og sá alþjóðlegi

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra mælti í síðustu viku fyrir ákaflega merkilegu frumvarpi um opinber fjármál. Tilgangur frumvarpsins er að herða agann í rekstri hins opinbera með því að setja reglur sem meðal annars banna hallarekstur og takmarka skuldasöfnun ríkissjóðs.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Ríkissjóð á að reka með afgangi á hverju fimm ára tímabili og hallinn má ekki verða meiri en 2,5 prósent af landsframleiðslu á einu ári. Þá mega heildarskuldir ríkisins ekki verða meiri en 45 prósent af landsframleiðslu. Þessar reglur eru öflug vörn gegn þeirri tilhneigingu stjórnmálamanna að kaupa sér vinsældir og lofa bættum lífskjörum upp í ermina á sér – ef þeim er samvizkusamlega framfylgt.

Ekki verður annars vart en að ágæt samstaða sé á Alþingi um að setja reglur af þessu tagi. Það er jákvætt, en líka merkilegt af því að margir stjórnmálamenn, ekki sízt í núverandi stjórnarflokkum, hafa verið duglegir að skamma vonda Evrópusambandið fyrir að framfylgja ákaflega svipuðum reglum til að bregðast við skulda- og ríkisfjármálakreppunni í evruríkjunum.

Bjarni Benediktsson hnýtti raunar sjálfur við ýmis tækifæri í ríkisfjármálasáttmála Evrópusambandsins, sem var gerður til að ná tökum á hallarekstri og skuldasöfnun í aðildarríkjunum. Í ræðu í Valhöll í janúar í fyrra ræddi Bjarni um ríkisfjármálasáttmálann og sagði: „Það er lýsandi fyrir það hve miklu viðkomandi ESB-ríki eru tilbúin – eftir atvikum tilneydd – að fórna í þágu málsins að þau framselja hluta af fullveldi sínu til að tryggja framgang þessara áforma. Því fylgir m.a. að samþykkja þvingunaraðgerðir ESB verði markmiðum í ríkisfjármálum ekki náð.“

Við sama tækifæri sagði hann að Ísland þyrfti sjálft harðari aga í ríkisfjármálum, þar á meðal skuldabremsu eins og þá sem ESB-ríkin hefðu komið sér saman um. En Íslendingar þyrftu ekki að „selja sig undir erlent yfirvald og framselja fullveldið til að hafa stjórn á eigin málum, enda er það þversögn í sjálfu sér. Það er fráleitur málflutningur að halda því fram að við séum ófær um að stjórna efnahagsmálunum.“

Þetta er dálítið skrýtinn málflutningur, ekki sízt í ljósi þess að nú hefur Bjarni mælt fyrir svipuðum reglum og gilda í Evrópusambandinu. Hvert er nákvæmlega vandamálið við að gangast undir alþjóðlegar reglur, ef í þeim felst ekkert annað en það að framfylgja stefnu sem Íslendingar vilja sjálfir? Ef svarið er að það taki frá okkur frelsið til að víkja frá reglunum, er röksemdin um að við getum sjálf beitt okkur þeim aga sem þarf rokin út í veður og vind.

Raunar segir það sig sjálft, ólíkt því sem fjármálaráðherrann heldur fram, að meiri agi og trúverðugleiki felst í alþjóðlegum reglum, sem er framfylgt af alþjóðastofnununum af því að það eru sameiginlegir hagsmunir aðildarríkjanna að þeim sé fylgt, en ef hvert ríki hefur frítt spil með að víkja frá markmiðunum tímabundið eins og var um tíma vandamál innan Evrópusambandsins.

Bjarna Benediktssyni er samt ekki verr við ríkisfjármálasáttmála ESB en svo að hann er tilgreindur í greinargerð frumvarpsins sem eitt af þeim viðmiðum sem voru höfð til hliðsjónar við gerð íslenzku fjármálareglnanna. Og svo mikið er víst að verði frumvarp ráðherrans samþykkt, verða ríkisfjármálareglur ESB engin hindrun í vegi fyrir því að Ísland gangi í sambandið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*



Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fleiri konur

Félag prestvígðra kvenna er óánægt með stöðu kvenna innan kirkjunnar. Þær segja að níutíu sóknarprestsembætti séu á landinu og þar af séu konur í tuttugu og þremur embættum, eða um fjórðungur sóknarpresta. Konur ættu að sjálfsögðu að vera helmingur sóknarpresta. Það eru 40 ár frá því að fyrsta konan var vígð til prestsembættis hér á landi. Síðan hafa völd og áhrif kvenna farið vaxandi innan kirkjunnar þrátt fyrir að mörgum hafi fundist ganga hægt. Nú er kona biskup, séra Agnes Sigurðardóttir, og önnur er vígslubiskup, séra Sólveig Lára Guðmundsdóttir. Það er út af fyrir sig góður árangur í að jafna stöðu karla og kvenna innan kirkjunnar á ekki lengri tíma. Það er svo vonandi að það verði ekki bakslag í jafnréttismálum innan hennar á næstu misserum.

### Viðreisn

Nú geta þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í stofnun nýs stjórnmálaafls á hægri vængnum skráð sig á vefnum viðreisn.is. Forsvarsmenn síðunnar eru himinlifandi með árangurinn og segja að á fyrstu tveimur sólarhringunum eftir að opnað var fyrir skráningar hafi þúsund manns skráð sig.



Það er dágóður árangur og hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir forystumenn Sjálfstæðisflokksins ef rótgróið sjálfstæðisfólk er að yfirgefa skútuna. Að minnsta kosti sagði Ragnheiður Ríkharðsdóttir þingflokksformaður það í síðustu viku. Forysta flokksins lætur sér hins vegar fátt um finnast og ræðir málið ekki opinberlega.

### Rétt goggunarröð



Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata, kvartaði sáran yfir því að réttri goggunarröð hefði ekki verið fylgt á Alþingi í gær í umræðum um lekamálið. Birgitta benti á að þingflokksformenn ættu að fá orðið á undan óbreyttum þingmönnum og það hefði ekki verið virt í umræðum um lekamálið. Óbreyttur þingmaður VG fékk að tala á undan Birgittu í málinu. Það eru greinileg dulin völd sem fylgja því að vera þingflokksformaður.

johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Takk fyrir stuðninginn við SÁÁ

HEILBRIGÐISMÁL



**Valgerður Rúnarsdóttir**
læknir hjá SÁÁ

Álfasala SÁÁ hefst í dag og stendur til sunnudags. Þetta er í 25. skipti sem álfurinn er boðinn til sölu til stuðnings SÁÁ. Álfasalan er ein helsta fjáröflunarleið samtakanna og mikilvægari nú en oftast áður.

Framlög ríkisins til starfsemi SÁÁ duga ekki fyrir kostnaði. SÁÁ hefur brugðist við með því að greiða fyrir meðferð um 500 sjúklinga á ári af sjálfsaflafé. Þessi niðurgreiðsla SÁÁ á lögbundinni heilbrigðisþjónustu hefur valdið uppsöfnuðum halla sem íþyngir rekstri samtakanna.

Fátt bendir til að ríkið ætli sér að auka framlögin. Óbreytt staða gengur ekki til lengdar. Því hefur SÁÁ tekið erfiða en nauðsynlega ákvörðun um að fækka innlögnum í um 1.800 en þær hafa jafnan verið um 2.300 á ári.

Aðgengi að meðferð við áfengis- og vímuefnasýki hefur þótt gott hér á landi. Það er mikilvægt að svo verði áfram. Þar er ekki aðeins heilsa og velferð sjúklinganna sjálfra að veði. Lengri biðtíma eftir meðferð fylgir aukið álag á margar fjölskyldur og þreyta og örvænting, vonleysi, reiði og leiði geta gripið um sig. Þegar að er gáð er líklegt að ríkið sé að spara eyrinn og kasta krónunni með því að greiða ekki fyrir fleiri pláss en nú er gert í því öfluga meðferðarkerfi sem SÁÁ heldur úti.

**➜ Aðgengi að meðferð við áfengis- og vímuefnasýki hefur þótt gott hér á landi. Það er mikilvægt að svo verði áfram.**

Sem betur fer hefur almenningur – einstaklingar jafnt sem fyrirtæki – staðið þétt við bakið á SÁÁ þegar samtökin hafa þurft á að halda. Stuðningurinn sýnir hvaða hug fólk ber til starfsemi SÁÁ og þessa sjúkdóms sem hefur haft áhrif á flestar fjölskyldur í landinu.

SÁÁ treystir á stuðning almennings nú sem fyrr. Við vonumst til að landsmenn taki vel á móti sölufólki álfsins næstu daga. Með almenning að bakhjarli mun SÁÁ gera það sem í valdi þeirra stendur til að standa vörð um bestu fáanlegu meðferð fyrir alkóhólista, aðra fíkla og fjölskyldur þeirra.

Takk allir, fyrir stuðninginn við SÁÁ, ár eftir ár.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Kjörheftir kjósendur

STJÓRNMÁL



Þorkell Helgason
sat í Stjórnlagaráði

**➜ Í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu í október 2012 um tillögur Stjórnlagaráðs hlaut spurning um aukið persónukjör stuðning nær 80% kjósenda. En síðan hefur ekkert gerst.**

Fram undan eru kosningar til sveitarstjórna á Íslandi. Ímyndum okkur að kosningakerfið væri þannig að á kjörseðlinum stæðu einungis nöfn flokka en engir væru frambjóðendurnir. Að kosningum loknum væri það hlutverk flokkanna sjálfra að velja fulltrúa til að skipa þau sæti sem kæmu í hvers hlut.

Varla þætti okkur þetta lýðræðislegt fyrirkomulag? En þannig er kerfið í raun. Hjá þeim sem kjósa utan kjörfundar er „kjörseðillinn“ meira að segja autt blað. Kjósendur sem kjósa fyrir kjördag vita lengst af ekki einu sinni hvaða flokkar eru í framboði. En jafnvel þótt kosið sé á kjördegi stendur kjósandinn aðeins frammi fyrir vali milli lista. Hann sér að vísu hvernig listarnir eru mannaðir, en getur vart haft áhrif á það hverjir munu skipa sætin. Það hafa flokkarnir ákveðið fyrir fram.

Að vísu voru áhrif útstrikana talsvert aukin með breytingum á lögum um kosningar til Alþingis um aldamótaárið. Þessi breyting hefur leitt til þess að í fjögur skipti hefur frambjóðandi færst niður um sæti. En þessu er ekki að heilsa í sveitarstjórnarkosningum. Alþingi hefur ekki komið því í verk að gera hliðstæðar breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna. Þar er vald kjósenda til breytinga á framboðslistum enn aðeins áhrifalaus sýndarmennska.

### Stuðningur nær 80 prósenta

Allt bendir þó til að kjósendur séu mjög áfram um að fá nokkru um það ráðið hvaða persónur veljast sem fulltrúar þeirra. Í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu í október 2012 um tillögur Stjórnlagaráðs hlaut spurning um aukið persónukjör stuðning nær 80% kjósenda. En síðan hefur ekkert gerst.

Óvíða er jafn víðtækt persónukjör og í Bæjaralandi þar sem þessi greinarstúfur er ritaður. Framboðslistum er í kynningarskyni stillt upp í forgangsröð en kjósendur ráða því samt alfarið hverjir veljast á landsþing eða í sveitarstjórnir. Til þess hafa þeir mikið valfrelsi. Þeir geta valið sér frambjóðendur, og það þvert á lista. Um leið, eða í staðinn, geta þeir merkt við lista, jafnvel allt að þremur. Kjósendur hafa þó allir sama kosningarétt. Dreifi þeir atkvæðinu á marga frambjóðendur eða flokka þynnist það út í sama mæli.

Stjórnlagaráð lagði til ákvæði um persónukjör við kosningar til Alþingis, en þó ekki jafn galopið og hér í Suður-Þýskalandi. Engu að síður stóð ekki á fullyrðingum ýmissa stjórnmálafræðinga um að persónukjör að hugmynd ráðsins þekktist hvergi. Einn þeirra sagði að það að atkvæði gæti skipst á milli flokka væri brot á mannsréttindasáttmálum.

Aðrir fræðingar telja persónukjör stórhættulegt lýðræðinu. Ekki verður þó annað séð en það virki mæta vel hér um slóðir. Þarf að matreiða frambjóðendur ofan í íslenska kjósendur? Eru þeir vanhæfari en til dæmis þýskir að velja sér fulltrúa af viti?

# Frelsinu fylgir ábyrgð

INTERNETIÐ



Bóas Hallgrímsson
starfsmaður Hjallastefnunnar

Við lifum á tímum snjalltækni, þar sem þróunin er svo mikil og ör að það er hartnær ómögulegt að fylgjast með. Foreldrar eru oftar en ekki lengur að tileinka sér tæknina en börn og táningar, sem óttast ekkert í tækniheimi og ana áfram og læra. Samþykkja skilmála án þess að lesa yfir, ekkert hik. Að hika er það sama og að tapa.

Heimur snjalltækni er magnaður, uppfullur af tækjum eins og símum, gps, spjald- og fartölvum. Tækin geta verið ómetanleg verkfæri í leik og starfi en líkt og með önnur verkfæri þá skiptir miklu máli að kunna réttu handbrögðin áður en haldið er af stað.

Facebook, Instagram, Snapchat, Twitter og fleiri og fleiri samskipta- og myndskiptasíður eru hluti af daglegri tilveru okkar og barnanna okkar. Við deilum hugsunum okkar, skoðunum, myndum og myndskeiðum reglulega. Fjölskyldumeðlimir og vinir sem búsettir eru í öðrum landshlutum, löndum eða jafnvel heimsálfum geta fylgst með daglegu lífi okkar. En það geta fleiri. Óhætt er að fullyrða að á flestum íslenskum heimilum megi finna einhvers konar tæki sem tengt er internetinu. Á flestum heimilum eru þessi tæki allnokkur. Mörg þeirra eru með innbyggðri myndavél sem nota má til þess að taka myndir sem svo er auðvelt að deila með umheiminum. Þetta vita börnin okkar. Hver kannast ekki við það að smella mynd af barni við skemmtilega iðju og fá svo strax spurninguna „má ég sjá myndina?“ Börn og táningar deila myndum sín á milli, við deilum myndum af börnunum okkar. Við lifum jú á tímum snjalltækni.

### Myndirnar ferðast víða

Það er mikilvægt að hafa í huga að myndirnar af börnunum okkar ferðast víða á internetinu, eins og dæmin sýna og sanna. Dæmi eru um að foreldrar finni myndir af börnum sínum inni á síðum annarra, jafnvel ókunnugra, saklausar sumarleyfismyndir af börnum á sundfötum rata á vafasamar slóðir og svona mætti lengi bæta við listann. Málin vandast svo enn þegar börnin eldast og eignast sjálf hlutdeild í samfélagsmiðlum, stofna sína eigin reikninga hjá þessum sömu miðlum og deila efni án eftirlits.

**➜ Táningar opna sig og gera sig berskjaldaða á internetinu daglega, setja myndir af sér og vinum sínum á Facebook og Instagram. Oft er slík myndbirting saklaus og skemmtileg. Góðir vinir á góðri stund, aðrir vinir og vandamenn geta svo gert athugasemdir, skrifað kveðjur og „like-að“. Stundum hefur birting mynda samt aðrar og verri afleiðingar.**

Táningar opna sig og gera sig berskjaldaða á internetinu daglega, setja myndir af sér og vinum sínum á Facebook og Instagram. Oft er slík myndbirting saklaus og skemmtileg. Góðir vinir á góðri stund, aðrir vinir og vandamenn geta svo gert athugasemdir, skrifað kveðjur og „like-að“. Stundum hefur birting mynda samt aðrar og verri afleiðingar. Algengt er að miðlar þessir séu notaðir til þess að níða skóinn af þeim sem gera sig berskjaldaða og eru rætnar og leiðinlegar athugasemdir eitthvað sem fjölmörg ungmenni búa við. Myndir eru teknar úr samhengi og notaðar gegn myndefninu. Athugasemdir hlaðast inn sem eru þess eðlis að lítillækka og smætta, eða það sem getur sært jafn mikið – engar athugasemdir, engin „like“, ekkert.

Við foreldrar og uppalendur berum ábyrgð á velferð barna okkar. Það erum við sem eigum að standa vörð um börnin og hluti af því í nútímasamfélagi er að fylgjast með netumferð barnanna okkar. Við eigum að standa við bakið á þeim, styðja þau og kenna þeim umferðarreglurnar á internetinu. Ef við gefum barninu okkar snjallsíma, eða aðgang að sambærilegu tæki þá ber okkur að sjá til þess að tækið sé notað skynsamlega. Minnum sjálf okkur og börnin okkar á að það er ekkert til sem heitir einkalíf á internetinu.

# Mannréttindaborgin Reykjavík

STJÓRNMÁL



Heiða Björg Hilmisdóttir
skipar 6. sæti á lista XS í Reykjavík

**➜ Öll vitum við að innflytjendur eru auðlind fyrir samfélagið en það eru líka öryrkjar, aldraðir og fatlað fólk …**

Reykjavík er og á að vera til fyrirmyndar í mannréttindamálum. Borg þar sem allir íbúar hafa tækifæri til að taka þátt á sínum forsendum, þroskast, læra og gefa af sér til samfélagsins. Borg þar sem hver og einn íbúi finnur að á hann er hlustað og að hann skiptir jafn miklu máli og allir aðrir íbúar.

### Burtu með fordóma

Með fordómaleysi hefur Reykjavík fyrir löngu skapað sér verðugan sess sem borg hinsegin fólks, margbreytileikinn er Reykjavík mikils virði. Öll vitum við að innflytjendur eru auðlind fyrir samfélagið en það eru líka öryrkjar, aldraðir og fatlað fólk og það er okkar hlutverk að gera þessum hópum kleift að taka þátt í samfélaginu á sínum forsendum.

### Lífsgæði allra

Fólk sem glímir við áskoranir eins og langvinna sjúkdóma og atvinnuleysi getur einnig þurft á stuðningi að halda til að bæta lífsgæði sín og tækifæri til þátttöku í samfélaginu. Mikilvægt er að Reykjavík leiti fjölbreyttra leiða í samstarfi við atvinnulífið til að virkja fólk til þátttöku á vinnumarkaði í samræmi við aðstæður og hæfni.

Eldri borgarar eiga eins og aðrir að ráða sem mestu um eigin aðstæður. Hafa val eins lengi og kostur er um búsetuform, atvinnuþátttöku, hreyfingu og innihaldsríkar tómstundir. Þegar á reynir þarf eldri borgurum einnig að standa til boða öruggur stuðningur og umönnun í samræmi við þarfir hvers og eins.

### Konur jafnt sem karlar

Konur og karlar eiga að njóta sömu réttinda, verndar og tækifæra í Reykjavík, annað er með öllu óásættanlegt. Við viljum að Reykjavíkurborg fái jafnlaunavottun á komandi kjörtímabili sem tryggingu fyrir því að launamunur kynjanna verði leiðréttur í eitt skipti fyrir öll. Við viljum fræða börn og borgara á öllum aldri um jafnrétti. Börnin okkar eiga það skilið að við hjálpum þeim að takast á við brenglaðar staðalmyndir kynjanna sem birtast okkur daglega. Reykjavík á að vinna markvisst gegn öllu ofbeldi en ekki síst kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi og huga sérstaklega að þörfum barna í því samhengi. Við viljum innleiða barnasáttmála SÞ inn í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og virkja ungmennaráð, öldungaráð og fjölmenningarráð með beinum hætti við þróun borgarinnar.

### XS fyrir mannréttindi

Mannréttindi koma ekki af sjálfu sér. Það er okkar hlutverk að setja þau á dagskrá og tryggja að stjórnmálin snúist um baráttuna fyrir réttindum og lífsgæðum þeirra sem standa höllum fæti. Samfylkingin ætlar áfram að beita sér í mannréttindamálum og tryggja að borgin okkar verði áfram mannréttindaborgin Reykjavík.

XXIX
Vorráðstefna
Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins
Hilton Reykjavík Nordica 15. og 16. maí klukkan 09:00-16:00

Fjölskyldumiðuð þjónusta
- ávinningur og áskoranir

Ráðstefnan er ætluð öllum þeim sem áhuga hafa á þjónustu fyrir fötluð börn.

Fjölskyldan er þungamiðjan í lífi allra barna. Samvinna foreldra og fagfólks er nauðsynleg til að hámarksárangur náist við íhlutun barna með sérþarfir. Fjallað verður um fjölskyldumiðaða þjónustu í víðu samhengi, hugmyndafræðin útskýrð og vel heppnuð þjónustuúrræði sem byggjast á fjölskyldumiðaðri nálgun kynnt.

Fyrir hádegi báða dagana verða fyrirlestrar en eftir hádegi skiptist ráðstefnan í málstofur, fyrri daginn um hagnýtar aðferðir og seinni daginn um rannsóknir og áhugaverð verkefni.

Dagskrá og skráning á **www.greining.is**
**Verð:** Fagaðili: 20.500.- Aðstandandi: 12.500.-
**Skráningu lýkur 10. maí**

H2 hönnun

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Elskulegur sambýlismaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**SIGURÐUR STEINBJÖRNSSON**
**Mosgerði 2, Reykjavík,**

andaðist á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi þann 30. apríl. Útför hans fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi föstudaginn 9. maí kl. 15.

**Elín Einarsdóttir**
**Steinbjörn Atli Sigurðsson**
**Anna Lilja Sigurðardóttir Óttarr Hlíðar Jónsson**
**Kristófer Leó og Kamilla Elín.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ELÍSABET JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**
**Hlíð, áður til heimilis að Klettaborg 2, Akureyri,**

lést sunnudaginn 4. maí.

**Ásta Einarsdóttir Sigmar Sævaldsson**
**Sigurður Einarsson Sveinbjörg Sigurrós Aðalsteinsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



Okkar ástkæri stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**BJARNI JÓHANNSSON**
**skipstjóri og útgerðarmaður frá Eyrarbakka,**

andaðist á Landspítalanum að kvöldi 2. maí. Hann verður jarðsunginn frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 10. maí kl. 13.00.

**Sigurborg Garðarsdóttir Ásgeir Ingi Eyjólfsson**
**Sigríður Garðarsdóttir Tyrfingur Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**HJARTAR KRISTJÁNSSONAR**
**Goðatúni 24 í Garðabæ,**

sem lést 26. apríl sl., fer fram frá Vídalínskirkju föstudaginn 9. maí nk. kl. 13.00.

**Anna Margrét Einarsdóttir**
**Birta Hjartardóttir**
**Hulda Hjartardóttir**
**Klara Hjartardóttir**
**Bóel Hjartardóttir Hjálmar Þorsteinsson**
**Guðmundur Hjörtur Þorgerðarson**
**Ian Wayne Collington og barnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

**LILJA HALLGRÍMSDÓTTIR**
**Skálateigi 3, Akureyri,**

lést sunnudaginn 4. maí.
Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 14. maí kl. 13.30.
Blóm og kransar afþökkuð, þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta Sjúkrahúsið á Akureyri njóta þess.

**Gréta Baldursdóttir Jón Pálmi Magnússon**
**Lilja Sigurðardóttir Stefán Arason**
**Elísa Ósk Jónsdóttir**
**Sóley Margrét Jónsdóttir**
**Geir Baldursson Svava Hauksdóttir**
**Valborg Rut Geirsdóttir**
**Baldur Geirsson**
**Agnar Geirsson**
**Hafliði Hallgrímsson**

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

**ÞETTA GERÐIST** 7. MAÍ 1945

## Þjóðverjar skrifa undir uppgjöf

Þann 7. maí árið 1945 skrifaði nasistastjórn Þjóðverja undir skilyrðislausa uppgjöf fyrir hönd landsins. Lauk þar með hörmulegu stríði í Evrópu sem staðið hafði yfir í hátt í sex ár. Fregnirnar bárust fyrst frá Frakklandi en voru seinna um kvöldið hinn sama dag staðfestar af upplýsingaráðuneyti Bretlands.

Undirskrift uppgjafarinnar fór fram í borginni í Reims í norðausturhluta Frakklands snemma morguns. Fyrir hönd nasista skrifaði hershöfðinginn Gustav Jodl undir uppgjöfina en fulltrúar Rússa, Frakka og Bandamanna rituðu einnig undir staðfestinguna á uppgjöfinni. Daginn eftir var haldið upp á daginn víða um heim en Winston Churchill, forsætisráðherra Breta, Jósef Stalín, leiðtogi Sovétríkjanna, og Harry S. Truman, forseti Bandaríkjanna, tilkynntu allir þrír samtímis opinberlega um uppgjöf Þjóðverja í höfuðborgum landanna þriggja.

Uppgjöf Þjóðverja hafði legið í loftinu nokkru áður en hún varð að veruleika. Höfðu meðal annars herir nasista í suðri verið sigraðir auk þess sem herir þeirra í Hollandi, Danmörku og Noregi höfðu gefist upp. Viku áður hafði Adolf Hitler, leiðtogi nasista, svipt sig lífi og hafði Karl Dönitz tekið við af honum. Hafði Dönitz þó tilkynnt að Þjóðverjar myndu ekki gefast upp meðan enn væri barist í Rússlandi. Skilyrðislaus uppgjöf Þjóðverja kom því ekki mörgum í opna skjöldu en henni var fagnað vel og lengi.





**ARNA SCHRAM** Forstöðumaður Listhúss Kópavogs hvetur Kópavogsbúa til að mæta á hátíðina.



**FRÆBBBLARNIR** Á æfingu forðum daga.



**GLEN MATLOCK** Bassaleikari The Sex Pistols.

# Alþýðumenningarhátíð, pönk og veggjalist

Arna Schram, forstöðumaður Listhúss Kópavogs, hvetur Kópavogsbúa til að njóta menningarhátíðarinnar í vikunni. Hátíðin verður með fjölbreyttara sniði en undanfarin ár.

„Þetta er árleg menningarhátíð í Kópavogi en í ár er hún öflugri og fjölbreyttari, ekki síst vegna þeirrar nýjungar að við auglýstum eftir listamönnum til að vera með viðburði. Við viljum að frumkvæðið komi frá listamönnunum sjálfum og fengum í kjölfarið fjölda umsókna, sem styrkir hátíðina verulega,“ segir Arna Schram, forstöðumaður Listhúss Kópavogs. Hátíðin sem haldin er í ellefta sinn byrjar á morgun, 8. maí, og stendur til 11. maí. Meðal þess sem boðið verður upp á á hátíðinni er pönk, gjörningar, veggjalist, gítarspil, myndlist, gönguferðir, dans og leiklist.

„Markmið hátíðarinnar er að gefa bæjarbúum tækifæri á að njóta afraksturs lista- og menningarlífs sem fram fer í bænum allan ársins hring og dagskráin endurspeglar það vel að okkar mati.“ Arna bendir á að ljóðlistin hafi verið í hávegum höfð í Kópavogi og þykir því áhugavert að sjá listakonuna Kristínu Þorláksdóttur mála stórt fígúratívt veggverk með vísun í ljóð Jóns úr Vör. Pönkið á Íslandi á jafnframt sterkar rætur í Kópavogi og mun skipa stóran sess á menningarhátíðinni. Annað kvöld mæta upphafsmenn pönktónlistarinnar á Bretlandi og á Íslandi á skemmtistaðinn Spot og halda tónleika. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00 og fram koma meðal annars Q4U, Fræbbblarnir og Glen Matlock, bassaleikari The Sex Pistols, sem er heiðursgestur pönkhátíðarinnar. Ókeypis er inn á flesta viðburði hátíðarinnar og nánari upplýsingar um dagskrána er að finna á síðunni kopavogsdagar.is.

marinmanda@frettabladid.is



Elsku konan mín,

**GUÐRÚN H. GUÐBRANDSDÓTTIR**
**frá Ólafsvík,**
**Eikjuvogi 5, Reykjavík,**

verður jarðsungin frá Langholtskirkju föstudaginn 9. maí 2014 kl. 15.00.

**Guttormur Þormar**



Ástkær faðir okkar,

**MAGNÚS GUÐMUNDSSON**
**Kvisthaga 3, Reykjavík,**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn 19. apríl. Útförin fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 8. maí kl. 13.00.

**Guðrún, Gylfi og Gauti Magnúsarbörn.**




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 7. maí 2014 | 31. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN



## STEFNUBREYTING NÝHERJA SKILAR BÆTTRI AFKOMU

- Nýherji hagnaðist um 56 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 149 milljóna tap á sama tíma 2013.
- Engar ákvarðanir verið teknar um hvort farið verður í hlutafjáraukningu.
- Mikilvægt að losna við Applicon-félögin í Danmörku, segir Finnur Oddsson, forstjóri fyrirtækisins.

SÍÐA 4

## Farþegum fjölgaði um 19%

Icelandair flutti 176 þúsund farþega í millilandaflugi í apríl. Farþegarnir voru þá 19 prósentum fleiri en í apríl 2013.

Sætanýting var 79,4 prósent og jókst um 3,4 prósentustig, samkvæmt tilkynningu flugfélagsins. Farþegar í innanlandsflugi og Grænlandsflugi voru um 22 þúsund, sem var fækkun um 13 prósent á milli ára.

„Fraktflutningar í áætlunarflugi jukust um átta prósent frá því á síðasta ári. Seldum gistinóttum á hótelum félagsins fjölgaði um 3 prósent miðað við apríl 2013. Herbergjanýting var 69,2 prósent en hún nam 66,9 prósentum í apríl í fyrra," segir í tilkynningu Icelandair. - hg

## Skapa verðmæti úr rusli

Verkefnið Haugfé fékk umhverfisstyrk upp á 500 þúsund krónur frá Ergo – fjármögnunarþjónustu Íslandsbanka. Haugfé gengur út á að safna saman upplýsingum um efni sem fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu senda til urðunar eða endurvinnslu og fá ekki greitt fyrir.

Settur verður upp gagnagrunnur sem verður almenningi aðgengilegur með upplýsingum um efnið og hvernig hægt sé að nálgast það. Þannig myndu hönnuðir, handverksfólk, skólar og aðrir sem geta nýtt efnin eiga greiðan aðgang að þeim. Þannig gætu verðmæti skapast úr því sem nú er talið vera rusl. Fyrirtæki sleppa við að greiða urðunarkostnað og hönnuðir og aðrir geta nýtt efni sem annars færi forgörðum. - skó

## Forstjóri Target segir upp

Gregg Steinhafel, forstjóri bandarísku verslunarkeðjunnar Target, hefur sagt starfi sínu lausu eftir 35 ár hjá fyrirtækinu.

Ástæða uppsagnarinnar tengist árás tölvuhakkara á tölvukerfi fyrirtækisins sem gerði þeim kleift að stela viðkvæmum persónu- og kreditkortaupplýsingum viðskiptavina, samkvæmt frétt Forbes um uppsögnina.

Árásin á tölvukerfi Target átti sér stað í desember síðastliðnum. Þá kom í ljós að hakkarar höfðu komist yfir upplýsingar um kreditkort yfir 40 milljóna viðskiptavina og persónuupplýsingar 70 milljóna viðskiptavina. - hg



## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**5** **Á UPPLEIÐ** Félög sem hækkuðu í verði

**5** **Á NIÐURLEIÐ** Félög sem lækkuðu í verði

**3** **STÓÐU Í STAÐ** Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**ÖSSUR** **28,6%** frá áramótum

**ÖSSUR** **10,7%** í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**MAREL** **-18%** frá áramótum

**HB GRANDI** **-3,6%** í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Atlantic Airways (DKK) | 144,00 | -5,9% | 0,0% |
| Bank Nordic (DKK) | 118,00 | -9,2% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 249,00 | -5,0% | 1,0% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 31,80 | 16,7% | -1,1% |
| Hagar | 42,30 | 10,2% | -0,2% |
| HB Grandi* | 26,65 | -3,8% | -3,6% |
| Icelandair Group | 17,00 | -6,6% | 0,0% |
| Marel | 109,00 | -18,0% | 3,3% |
| N1 | 17,30 | -8,5% | -2,0% |
| Nýherji | 3,77 | 3,3% | 7,7% |
| Reginn | 16,55 | 6,4% | 0,9% |
| Sjóvá* | 12,87 | -4,7% | -1,8% |
| Tryggingamiðstöðin | 29,00 | -9,5% | 1,1% |
| Vátryggingafélag Íslands | 9,09 | -15,8% | -1,3% |
| Össur | 294,50 | 28,6% | 10,7% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1.163,16 | -7,7% | 0,9% |

**First North Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 1150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 21,40 | 61,5% | 0,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,22 | 0,0% | 0,0% |

*Breyting frá útboðsverði í apríl 2014.*

## DAGATAL VIÐSKIPTALÍFSINS

**Miðvikudagur 7. maí**
- Fasteignamarkaðurinn í mánuðum eftir landshlutum
- Gistinætur á hótelum í mars 2014

**Fimmtudagur 8. maí**
- Helstu liðir í efnahagsreikningi SÍ og gjaldeyrisforði

**Föstudagur 9. maí**
- Efnahagslegar skammtímatölur í maí 2014

**Þriðjudagur 13. maí**
- Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum

**Miðvikudagur 14. maí**
- Gjaldeyrisforði og tengdir liðir

**Fimmtudagur 15. maí**
- Fiskafli í apríl 2014
- Stjórnir og framkvæmdastjórar fyrirtækja

**Föstudagur 16. maí**
- Atvinnuleysistölur fyrir apríl
- Samræmd vísitala neysluverðs í apríl 2014

**Þriðjudagur 20. maí**
- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu
- Verðmæti sjávarafla janúar-febrúar 2014
- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir júní 2014

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á* vísir




**Sparisjóðaskýrslan fæst í Bóksölu stúdenta**

Prentuð útgáfa skýrslu rannsóknarnefndar um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna er til sölu hjá Bóksölu stúdenta á Háskólatorgi HÍ og á vef bóksölunnar www.boksala.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

Vestmannaeyjabær fagnar niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur:

# Kaupin á Bergi-Hugin ógild

Héraðsdómur Reykjavíkur ógilti í gær kaup Síldarvinnslunnar hf. á öllu hlutafé í útgerðarfélaginu Bergi-Hugin ehf.

Vestmannaeyjabær stefndi Síldarvinnslunni og eignarhaldsfélaginu Q44, sem á hlutaféð í Bergi-Hugin, en félagið er í eigu Magnúsar Kristinssonar, útgerðarmanns í Vestmannaeyjum. Stefna sveitarfélagsins byggðist á því að Vestmannaeyjabær ætti forkaupsrétt á skipum útgerðarfélagsins og aflaheimildum, með vísan í lög um stjórn fiskveiða.

Síldarvinnslan í Neskaupstað keypti allt hlutafé í Bergi-Hugin í ágúst 2012. Kaupverðið var þá sagt trúnaðarmál milli kaupanda og seljanda. Með kaupunum jók Síldarvinnslan aflaheimildir sínar í bolfiski umtalsvert.

Bergur-Huginn gerir út tvo togara, Bergey og Vestmannaey, smíðaða í Póllandi á árunum 2006 og 2007.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar, sagði sveitarfélagið fagna niðurstöðu héraðsdóms í fréttatilkynningu í gær.

„Dómurinn staðfestir rétt sveitarfélaga þegar kemur að kaupum og sölu fiskiskipa og aflaheimilda sem sannarlega geta svipt íbúa atvinnu þeirra og sveitarfélögin tilverugrunni sínum,“ segir í fréttatilkynningunni. -hg



**Í EYJUM** Síldarvinnslan og Q44 voru dæmd til að greiða þrjár milljónir í málskostnað. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ísland eins og fyrirtæki í slitameðferð

***Tíminn til að setja fram öfluga og trúverðuga efnahagsstefnu er naumur, að mati Þorkels Sigurlaugssonar. Nýti stjórnvöld ekki sumarið til þess þurfi aðrir að taka við keflinu. Óróleiki og vantrú aukist þegar fólk átti sig á skertri greiðslugetu.***

**EFNAHAGSMÁL**
**Óli Kristján Ármannsson**
olikr@frettabladid.is

„Gjaldeyrishöft þjóðar eru svipuð staða og fyrirtækis sem er í greiðslustöðvun. Allir bíða eftir aðgerðum og framtíðarstefnu,“ segir Þorkell Sigurlaugsson, viðskiptafræðingur og stjórnarformaður Framtakssjóðs Íslands, í grein sem hann skrifar í nýjasta tölublað efnahagsritsins Vísbendingar.

Þorkell segir þjóðina í raun í greiðslustöðvun hvað varði samskipti við útlönd. Íbúum líði vel fyrst í stað, en þegar fólk átti sig á því að greiðslugeta sé takmörkuð aukist óróleiki og vantrú á yfirstjórn, sé ekkert að gert. „Þannig líður sífellt fleirum í dag,“ segir hann og bendir á að hér hafi stjórnvöld ekki mótað efnahagsstefnu þrátt fyrir næstum heils árs stjórnarsetu.

„Síðustu ár höfum við verið í skjóli gjaldeyrishafta, en ekki nýtt tímann til að safna gjaldeyri eða auka sparnað þjóðarinnar. Þetta skjól hefur virkað þægilegt, en á sama tíma frestað vandamálum.“ Þann litla hagvöxt sem verið hafi segir Þorkell knúinn áfram af ferðaþjónustu og einkaneyslu þar sem almenningur hafi gengið á lífeyrissparnað sinn og annan sparnað. „Við núverandi aðstæður munu hvorki almenningur á Íslandi né erlendir aðilar skipta evrum eða dollurum í krónur. Krónan er einfaldlega of hátt skráð og ótrúverðugur gjaldmiðill og er haldið uppi af gjaldeyrishöftum.“



**Á ÁRSFUNDI SAMTAKA FERÐAÞJÓNUSTUNNAR** Afkoma í ferðaþjónustu er ekki til að hrópa húrra fyrir, segir Þorkell Sigurlaugsson. Stefnumótun skorti og fjárhagslega veik fyrirtæki séu ekki með stöðu til að vaxa og búa til viðunandi hagnað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÞORKELL SIGURLAUGSSON**

Að mati Þorkels getur krónan ekki orðið framtíðargjaldmiðill og því þurfi stjórnvöld að leggja fram trúverðuga efnahagsstefnu um hvernig og hvenær hætta megi notkun minnsta gjaldmiðils í heimi. „Það er engin framtíðarsýn til hjá stjórnvöldum í efnahagsmálum sem gæti aukið traust á krónunni. Það kemur oft upp í hugann hvort rétt hafi verið að taka ekki skellinn strax 2008 og núllstilla stöðuna.“

Þorkell segir margt benda til þess að lífskjör batni ekki á næstu árum og erfitt að sjá að gjaldeyrishöft verði afnumin. „Alveg eins má búast við frekari innflutningshöftum og ríkisafskiptum á mörgum sviðum.“

Niðurstaðan, segir Þorkell, er að án öflugrar og trúverðugrar efnahagsstefnu sem styðst við sterka framtíðarsýn í atvinnu- og efnahagsmálum vinni þjóðin sig ekki út úr núverandi lífskjaravanda. Tíminn til athafna sé naumur. „Stjórnvöld þurfa að nýta sumarið vel til góðra verka og byggja þannig upp trúverðugleika á framtíð þjóðar í greiðslustöðvun. Ef það gerist ekki verða aðrir að taka við keflinu.“

Fyrirhugað verkfall flugmanna Icelandair getur kostað fyrirtækið:

# Tap Icelandair á annan milljarð króna

Icelandair Group mun tapa um 1,5 til 1,7 milljörðum króna vegna boðaðs verkfalls flugmanna, muni það vara allan þann tíma sem það hefur verið boðað. Í fjárhæðinni eru áætlaðar tapaðar tekjur að frádregnum sparnaði vegna niðurfelldra flugferða auk beins áætlaðs kostnaðar vegna aðstoðar við farþega.

Í tilkynningu frá Icelandair segir að í fjárhæðinni séu hvorki hugsanleg áhrif yfirvinnubanns né áhrif verkfallsins á bókanir og tekjur félagsins á þeim dögum sem verkfallið stendur ekki yfir. Þá er ekki tekið tillit til hugsanlegra langtímaáhrifa verkfallsins á Icelandair Group og Ísland almennt sem áfangastað fyrir ferðamenn.

Verkfall Félags íslenskra atvinnuflugmanna hefur verið boðað dagana 9., 16. og 20. maí, frá klukkan sex að morgni til sex síðdegis. Auk þess ætla flugmenn að leggja niður vinnu klukkan sex að morgni 23. maí til sex að morgni 25. maí hafi samningar ekki náðst, sem og dagana 30. maí til 3. júní. -skó




**GÍFURLEGT TAP** Tap Icelandair vegna verkfalls flugmanna getur orðið um 1,5 til 1,7 milljarðar króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ENNEMM / SÍA / NM62401



Fyrirtækjasvið

# Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í verslun og þjónustu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Rósa Júlía Steinþórsdóttir hefur veitt sveitarfélögum og opinberum aðilum fjármálaþjónustu í meira en 10 ár.

**Rósa Júlía er viðskiptastjóri sveitarfélaga hjá Íslandsbanka.**

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki




**WOW AIR** Flugfélagið var stofnað í nóvember 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

### Framkvæmdastjóri fjármálasviðs flugfélagsins sagði upp störfum:

# Hættir hjá Wow air

Linda Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs WOW air, hefur sagt upp störfum hjá flugfélaginu. Hún hafði starfað hjá félaginu frá árinu 2012.


**LINDA JÓHANNSDÓTTIR**

„Ég hef starfað hjá WOW air frá upphafi rekstrar og þetta er búinn að vera krefjandi og skemmtilegur tími. Það er búið að vera mikið ævintýri að stofna svona fyrirtæki og taka þátt í þessari uppbyggingu. Núna er góður tímapunktur fyrir mig að huga að nýjum tækifærum,“ segir Linda í tilkynningu.

Hún starfaði áður sem fjármálastjóri Baugs/Haga og framkvæmdastjóri sérvörusviðs Haga á árunum 1998-2004. Þar áður sem fjármálastjóri Heklu hf. 2004-2005. Linda var einnig eigandi og framkvæmdastjóri á Hótels Óðinsvé um fimm ára skeið frá 2005-2010.

Inga Birna Ragnarsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Wow air, lét af störfum í mars síðastliðnum.

- hg




**MINNI ÚTFLUTNINGUR** Samkvæmt spá OECD mun útflutningur minnka og innflutningur hækka á næstu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hagskýrsla OECD í samræmi við hagspár

***OECD spáir hækkandi hagvexti hér á landi næstu tvö ár. Óvissa skapast þó af minnkandi eftirspurn eftir áli í heiminum, gjaldeyrishöftum og málaferlum vegna þrotabúa bankanna og Icesave.***

„Þetta virðist vera í línu við spá okkar frá síðustu viku,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka. „Megintónninn er svipaður. Það er að segja að nú eru ágætar hagvaxtarhorfur, þetta og næsta ár. Okkar spá hljóðar upp á nær sama hagvöxt og þeir eru að spá á næsta ári. Við reiknum hins vegar með því að hagvöxturinn í ár verði aðeins meiri en OECD reiknar með.“

OECD spáir allgóðum hagvexti hér á landi samkvæmt nýrri efnahagsskýrslu sem birt var í gær. Spáð er fyrir um 2,7 prósenta hagvöxt á þessu ári og að hann verði 3,2 prósent á næsta ári. Í skýrslunni segir að hagvöxtur í fyrra hafi verið töluvert meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Stærstu áhrifavaldar þess eru sagðir vera vöxtur í útflutningi og ferðamennsku. „Hagkerfið er að komast í sæmilegt jafnvægi, en það er sjaldgæft í íslenskri efnahagssögu.“

Einnig segir í skýrslu OECD að atvinnulausum hafi fækkað á Íslandi og aðgerðir stjórnvalda til skuldalækkunar heimila muni auka einkaneyslu og hraða efnahagsbata á þessu ári. Þær aðgerðir verða að mestu fjármagnaðar með hærri skatti á skuldir banka og segir í skýrslunni að nauðsynlegt verði að hækka stýrivexti.


**INGÓLFUR BENDER**

„Það er í samræmi við það sem við höfum verið að segja. Þegar kemur fram á næsta ár og þarnæsta, þegar spenna fer að byggjast upp í hagkerfinu að nýju og slakinn fer. Samkvæmt þjóðhagsspá okkar eru þrjár stýrivaxtahækkanir á næsta ári og ein árið 2016. Reiknum við með að hver hækkun verði 0,25 prósent. Það er líka í takt við orð peningastefnunefndar,“ segir Ingólfur.

Spáin gerir ráð fyrir minnkandi útflutningi á þessu ári og því næsta sem og meiri innflutningi. Þá er gert ráð fyrir að verðbólga muni hækka, sérstaklega á næsta ári, vegna aukins launakostnaðar.

Í skýrslunni segir að þó séu margir óvissuþættir í íslenskum efnahag. Erfitt sé að spá fyrir um erlenda fjárfestingu í framleiðslu- og orkugeirunum vegna lægri eftirspurnar í heiminum eftir áli. Þá skapi gjaldeyrishöftin einnig óvissu, sem og dómsmál vegna krafna í þrotabú föllnu bankanna, svo dæmi séu tekin.

„Kerfislæg vandamál hrópa á mann í kringum fjármagnshöftin og erlendu aðilana í þrotabúunum. Hvernig leyst verður úr því er stóri skugginn í þessari annars frekar björtu mynd sem birtist í hagspám fyrir Ísland um þessar mundir og mesta áhættan varðandi það að spáin rætist eða ekki,“ segir Ingólfur. „Í heildina, hvort sem við lítum á spá okkar, OECD eða annarra aðila undanfarið, þá eru þær flestar svipaðar. Spá ágætum hagvexti, að slakinn í hagkerfinu sé að hverfa og hagur íslenskra heimila vænkast.“

samuel@frettabladid.is

TrackWell
Tímon
Taktu stjórn á vinnutíma og launakostnaði
Tímon tímaskráningarkerfi



- Einfaldar launavinnslu
- Eykur áreiðanleika í gagnavinnslu
- Bætir yfirsýn stjórnenda yfir nýtingu mannauðs

Fáðu tilboð!
Hringdu í síma 5 100 600 eða sendu okkur póst á timon@trackwell.is og fáðu tilboð fyrir þinn rekstur.
www.trackwell.is



Í ljósi reynslunnar
Ráðstefna í Hátíðasal Háskóla Íslands föstudaginn 9. maí kl. 15:00-17:00.

Í tilefni af níræðisafmæli Jóhannesar Nordals bjóða Hagfræðideild Háskóla Íslands og Seðlabanki Íslands til ráðstefnu honum til heiðurs.

**Jóhannes Nordal og peningamál á seinni hluta tuttugustu aldar**
*Már Guðmundsson, seðlabankastjóri.*

**Jóhannes Nordal – fjölhæfur forystumaður**
*Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra og seðlabankastjóri.*

**Aftur til fortíðar? Er stýring peningamagns með bindiskyldu framtíðin?**
*Ásgeir Jónsson, lektor við Hagfræðideild HÍ.*

**Hvernig stuðlum við að virku og stöðugu fjármálakerfi á Íslandi?**
*Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins.*

**Sjálfstæð peningastefna og fjármagnshöft**
*Friðrik Már Baldursson, prófessor við Háskólann í Reykjavík.*

Fundarstjóri er Sveinn Agnarsson.

**Allir velkomnir**
**Léttar veitingar að ráðstefnu lokinni.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HAGFRÆÐIDEILD
SEÐLABANKI ÍSLANDS
www.hi.is




**Í BRUSSEL** Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel, og Magnús Bjarnason, forstjóri Icelandic Group, handsöluðu samninginn í gær.

### Tvö fyrirtæki hafa keypt vélar Marel á sjávarútvegssýningu í Belgíu:

# HB Grandi gekk frá kaupum í Brussel

Sjávarútvegsfyrirtækið HB Grandi gekk í gær frá kaupum á Revoportioner, skurðar- og mótunarvél Marel, á sjávarútvegssýningunni í Brussel.

Kaup HB Granda á vélinni marka upphaf á notkun hennar í fiskiðnaði, segir í tilkynningu frá Marel.

Áður hafði verið tilkynnt að Icelandic Group hefði fest kaup á fyrstu FleXicut-vél Marel. Vélin var fyrst kynnt á sýningunni í Brussel.

„FleXicut notar háþróaða röntgentækni til að greina beingarð í hvítfiski og sker hann svo burt með vatnsskurði af mikilli nákvæmni. Vatnsskurðurinn hefur það umfram hefðbundinn hnífsskurð að hann býður upp á mun meiri sveigjanleika og nákvæmni, enda býr hann yfir þeim eiginleika að geta látið skurðinn fylgja boginni línu beinanna og mismunandi halla mjög nákvæmlega, með tilheyrandi nýtingaraukningu,“ segir í tilkynningu Marel.

- hg




# Viltu skipta um gír á markaðnum?

## Með Flotaleigu Lýsingar geturðu lágmarkað kostnað við rekstur bílaflota fyrirtækisins

Bílafloti er stór kostnaðarliður í rekstri margra íslenskra fyrirtækja. **Flotaleiga Lýsingar er nýr kostur á markaðnum** sem gerir fyrirtækjum kleift að leigja bílaflota í stað þess að kaupa. Þannig má auka hagkvæmni, halda ófyrirséðum kostnaði í algjöru lágmarki og gera allar fjárhagsáætlanir fyrirtækisins áreiðanlegri.

## Flotaleiga Lýsingar – Traustur pakki

**Einbeittu þér að því sem þú gerir best**
Áhyggjulaus rekstur bílaflotans, við stöndum vaktina með þér.

**Þú veist hvað þú greiðir**
Föst mánaðargreiðsla í allt að þrjú ár.

**Sveigjanleiki**
Það er hægðarleikur að breyta samningstíma.

**Þú nýtur stærðarinnar**
Hagkvæmnin sem skapast við stærð Lýsingar skilar sér til þín í lægri greiðslu.

**Nýir bílar nýtast best**
Með nýjum bílaflota nærðu aukinni hagkvæmni í rekstri og minni röskun verður á daglegri starfsemi.

**Einföld verðskrá**
Allur kostnaður við almennan akstur og þjónustu er innifalinn.

**Frábær yfirsýn**
Viðskiptavinir, sem þess óska, fá aðgang að upplýsingum úr ökurita sem auðveldar stýringu og eftirlit með stærri flota.

**Kynntu þér kosti Flotaleigunnar og fáðu allar nánari upplýsingar á lysing.is**

Lýsing hf. / Ármúla 1 / 108 Reykjavík / Sími 540 1500 / lysing.is / lysing@lysing.is

Lýsing

# Sala félaga í Danmörku skilar árangri

***Finnur Oddsson, forstjóri Nýherja, segir stefnubreytingu fyrirtækisins lykilinn að bættri afkomu. Fyrirtækið skilaði 56 milljóna króna hagnaði á fyrsta ársfjórðungi en tapaði 149 milljónum á sama tíma 2013. Applicon-félögin í Danmörku seld í mars. Ekkert óeðlilegt við fjárfestingar Nýherja í útlöndum árin fyrir hrun, segir Finnur.***



**VIÐTAL**
**Haraldur Guðmundsson**
haraldur@frettabladid.is




**HÖFUÐSTÖÐVARNAR** Um 450 manns starfa hjá Nýherja eða dótturfélögum fyrirtækisins hér heima og erlendis, þar af um 50 hjá Applicon í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Upplýsingatæknin er nú undirstöðuatriði í öllum rekstri en hún er á sama tíma að taka gífurlegum breytingum. Það sjá allir þessar breytingar og þær áskoranir sem þær skapa fyrirtækjum í þessum geira," segir Finnur Oddsson, forstjóri Nýherja.

Fyrirtækið kynnti í síðustu viku uppgjör fyrsta ársfjórðungs. Hagnaður Nýherja á tímabilinu nam 56 milljónum króna samanborið við 149 milljóna tap á sama tíma í fyrra. Sala á vörum og þjónustu nam 2.859 milljónum króna en 2.654 milljónum á fyrsta ársfjórðungi 2013, sem er 7,7 prósenta aukning.

## Laus við dönsku félögin

„Þetta uppgjör er það fyrsta þar sem nýrrar stefnu er farið að gæta. Við erum ekki sátt við afkomu síðustu ára, sem hafa skilað frekar veikburða efnahagsreikningi sem rekja má til eftirkasta hrunsins og fjárfestinga sem skiluðu ekki þeim árangri sem lagt var upp með," segir Finnur.

„Þess vegna förum við í vinnu við stefnumótun síðasta haust og lögðum þá drög að áætlun með það markmið að tækla þær áskoranir sem við sjáum á sjóndeildarhringnum. Ef við horfum almennt á reksturinn þá má segja að markmið okkar í þessari nýju stefnu sé að skila heilbrigðum rekstri og hagnaði."

Nýherji tapaði um 1,6 milljörðum króna á síðasta ári og þurfti þá að afskrifa 1,2 milljarða af viðskiptavild. Tapið tengdist að sögn Finns einkum rekstri tveggja dótturfélaga í Danmörku, Applicon og Applicon Solutions, sem Nýherji seldi í mars. Fyrirtækið seldi einnig danska dótturfélagið Dansupport, því áframhaldandi rekstur var ekki talinn samrýmast nýrri stefnu fyrirtækisins.

„Salan á Applicon er hluti af uppgjöri fyrsta ársfjórðungs. Þar var hins vegar lítill söluhagnaður því við vorum búin að skrifa félagið niður í það sem við héldum að við myndum fá fyrir það og það var halli á rekstrinum," segir Finnur og bendir á uppgjörstölurnar sem sýna að 26 milljóna króna tap var af aflagðri starfsemi á tímabilinu.

„Það sem kemur einnig fram í reikningnum er að hluti af söluverðinu er árangurstengdur og hann hefur ekki verið færður til tekna vegna óvissu um endanlega niðurstöðu. Þetta er í síðasta skipti sem við sjáum neikvæða tölu frá Danmörku og þetta er bara búið sem er mjög mikilvægt fyrir okkur," segir Finnur.

„Okkur hefur kannski aðeins hætt til að dreifa kröftum of víða, bæði utan landsteina og innan. Það er ljóst að við vorum ekki að ná árangri með þessi félög í Danmörku."

Þegar Finnur er spurður hvort ákvörðun Nýherja um að kaupa og reka félög í Danmörku hafi verið röng segir hann það auðvelt að vera vitur eftir á. Ómögulegt sé að draga í efa réttmæti ákvarðana gærdagsins með upplýsingum dagsins í dag.

„Aðalatriðið er að hanga ekki á einhverju sem er ekki að skila árangri og horfast í augu við raunveruleikann eins og hann er. Miðað við aðstæður sem voru uppi á árunum 2006-2007 var ekkert óeðlilegt að fyrirtæki eins og Nýherji færi í fjárfestingar erlendis til að styðja við útrás mikilvægra viðskiptavina."

## Áhersla lögð á heimamarkaðinn

Nýherja-samstæðan samanstendur nú af þremur félögum á Íslandi og einu í Svíþjóð. Rekstri Nýherja hér innanlands er skipt í tvo hluta. Annar sinnir vöru- og lausnasölu en hinn tæknirekstri. Annað félag, TM Software, þróar eigin hugbúnaðarvörur og sinnir ráðgjöf í sérhæfðum lausnum. Að lokum rekur Nýherji ráðgjafarfyrirtækið Applicon, bæði hér á landi og í Svíþjóð, en það sinnir ráðgjöf og þjónustu á sviði viðskiptahugbúnaðar.

„Við höfum ákveðið að leggja áherslu á heimamarkaðinn en við sjáum ákveðin tækifæri í því að vera áfram í Svíþjóð því Applicon í Svíþjóð og Applicon á Íslandi vinna mjög vel saman," segir Finnur og heldur áfram:

„Nýherji er öflugt fyrirtæki með mjög sterka stöðu í vörusölum og sem tölvudeild fyrir fjölda fyrirtækja. Við hefðum viljað sjá meiri aukningu í vörusölu en væntur efnahagsbati gefur væntingar um að hún eigi eftir að taka betur við sér. Í tækniþjónustunni erum við að sjá heilmikla aukningu og TM Software er ævintýri þar sem við sjáum 30 prósenta tekjuvöxt árlega á milli ára," segir Finnur og bætir því við að vörur dótturfélagsins séu seldar í 111 löndum.

„Það sem skiptir máli er að allar einingarnar eru að skila ágætri afkomu og eru á áætlun. Þegar staðan er þannig þá ertu með fyrirtæki sem er að skila hagnaði sem er gríðarlega mikilvægur viðsnúningur fyrir Nýherja. Við horfum til þess að geta haldið því áfram núna þegar dönsku einingarnar eru komnar út úr samstæðunni."

Finnur segir engar ákvarðanir hafa verið teknar um hvort eigið fé fyrirtækisins verði aukið með hlutafjáraukningu. Eiginfjárhlutfall Nýherja er nú 13 prósent.

„Það eru þrjár leiðir til að laga eiginfjárhlutfall. Með því að selja eignir, bæta reksturinn eða fara í hlutafjáraukningu. Þessar leiðir eru allar í skoðun. Við erum að bæta reksturinn og selja eignir, það ýtir okkur upp rólega, enda fór hlutfallið úr 11 prósentum við árslok í 13 prósent við lok fyrsta ársfjórðungs."

## Síbreytilegt umhverfi

Finnur segir fyrirtækið á leiðinni inn í spennandi tíma þar sem upplýsingatæknin sé að taka miklum breytingum.

„Okkar hlutverk er að sjá fyrirtækjum fyrir upplýsingatækniinnviðum. Þetta hlutverk hefur tekið stórstígum breytingum á stuttum tíma. Snjallsímarnir og önnur tæki hafa gjörbreytt lífi okkar," segir Finnur. Hann segir rannsóknir sýna að eigendur snjallsíma skoða þá að meðaltali 156 sinnum á dag. Um 90 prósent af þeim gögnum sem til séu í dag hafi ekki verið til fyrir tveimur árum.

„Allt í einu er það viðskiptamódel sem þú ert vanur að þekkja að breytast og það fljótt. Við erum með alla þessa farsíma og

**„Það sem skiptir máli er að allar einingarnar eru að skila ágætri afkomu og eru á áætlun. Þegar staðan er þannig þá ertu með fyrirtæki sem er að skila hagnaði sem er gríðarlega mikilvægur viðsnúningur fyrir Nýherja.**



**STÝRIR NÝHERJA** Finnur Oddsson hefur starfað sem forstjóri fyrirtækisins síðan í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

allt þetta gagnamagn og það er öruggt mál að sá sem nýtir sér þær upplýsingar betur en næsti maður mun ná betri árangri," segir Finnur.

Hann segir heildarfjárfestingu í upplýsingatækni ekki að aukast en að dregið hafi úr hefðbundnum fjárfestingum í búnaði sem heimili og fyrirtæki nota til að geyma gögn.

„Stærsta breytingin er tölvuskývæðingin sem hefur afgerandi áhrif á hvernig okkar viðskiptavinir munu sjá sér fyrir innviðum. Þeir munu í auknum mæli leigja sér aðgang að vinnslugetu, geymslu, hugbúnaði og lausnum í gegnum skýþjónustur í stað þess að eiga búnaðinn og hýsa á eigin forsendum. Fjárfestingar færast þannig yfir í rekstrarkostnað, sem jafnar sjóðsstreymi yfir tíma og eykur hagkvæmni í rekstri," segir Finnur. Hann segir mikla vinnu fram undan við að takast á við síbreytilegar aðstæður. Þeirri vinnu ljúki aldrei.

„Við erum að vinna eftir áætlun og það má segja að við séum komin upp að ökklum á leiðinni yfir ána. Almennt verður fólk í atvinnurekstri, og ekki síst í upplýsingatækni, einfaldlega að sætta sig við stöðugar og endalausar breytingar því hér fleygir tækninni fram á sama tíma og tæknin er að einhverju leyti að grafa undan hefðbundnum viðskiptaáætlunum fyrirtækja."

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## HJÓLAÐ Í VINNUNA

**Í dag hefst átakið Hjólað í vinnuna sem stendur til 27. maí. Frá árinu 2003 hefur Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands staðið að því að efla hreyfingu og starfsanda á vinnustöðum með þessu heilsu- og hvatningarátaki. Í fyrra tóku 645 vinnustaðir þátt í átakinu.**



# ÓÞARFI AÐ ELDAST UM ALDUR FRAM

**CELSUS EHF. KYNNIR** *Life Extension er bætiefni sem gerir fólk unglegra og frísklegra. Það hefur verið með vinsælli bætiefnum hér á landi í fjölda ára.*

Allir ættu að geta litið út fyrir að vera fimm til fimmtán árum yngri en þeir eru í raun og veru og liðið þannig," skrifar dr. Earl Mindell sem er þekktur höfundur heilsubóka. „Því miður verða margir fyrir því að virðast eldri en þeir eru. Ótímabær öldrun getur komið til vegna ýmissa neikvæðra þátta í umhverfi okkar. Rannsóknir hafa sýnt að vítamín ein og sér nægja ekki til að vinna gegn ótímabærri hrörnun eða snúa því ferli til baka," segir Anna Björg Hjartardóttir, framkvæmdastjóri Celsus ehf.

Life Extension er sænskt bætiefni sem hefur verið með vinsælli bætiefnum hér á landi í apótekum í átján ár. „Vinsældirnar má þakka formúlu sem innheldur þekkt lífræn næringarefni sem eru talin vinna gegn öldrun. Í henni eru næringarefni fyrir starfsemi frumna líkamans og virk efni úr kartöflurót sem nefnist Wild Yam en vert er að nefna að Wild Yamrótin er misjöfn að gæðum og virkni eftir uppruna."

Life Extension hefur verið sérstaklega vinsælt hjá fólki upp úr fertugu og Anna veit af fólki sem komið er yfir nírætt og notar vöruna. „Þeir sem eru með vefjagigt, síþreytu og finnst þeir vera „útbrunnir" vegna mikils álags hrósa bætiefninu fyrir góða virkni og taka það reglulega inn. Margir tala um að þeir verði léttari og jákvæðari í skapi og jafnvel félagslyndari. Einnig að líkamlegt og andlegt þrek sé meira," segir Anna.

Dæmi um algeng ummæli ánægðra notenda í gegnum árin eru; „Mér finnst ég vera áratugum yngri", „ég sef betur" og „ástarlífið hefur tekið framförum". Bætt ástarlíf er stundum það fyrsta sem fólk nefnir sem ávinning af Life Extension og er það heilsubót fyrir alla. Þurrkur í húð og slímhúð lagast og konur jafnt sem karlmenn hrósa Life Extension mikið.

„Life Extension styrkir og byggir upp bandvef sem eflir teygjanleika og liðleika. Algengt er að sjá mun á fólki þegar það tekur Life Extension því það verður frískara og allt yfirbragð þess unglegra."

Life Extension er laust við tilbúin efnasambönd. Það fæst í öllum apótekum og í hverju glasi er tveggja mánaða skammtur.

**VINSÆLT HJÁ FÓLKI UPP ÚR FERTUGU** Life Extension inniheldur þekkt lífræn næringarefni sem eru talin vinna gegn öldrun.





White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari




Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS








**Blendtec blandarinn er mikil eign.**

Þægilegur, fljótur og einstaklega fjölhæfur og kemur nú með 7 ára ábyrgð. Blendtec blandarinn bryður möndlur, lagar ís, malar korn og býr til heitar súpur ...og svo miklu meira.

Fæst í þremur litum, verð frá 109.900,-
sjá www.blendtec.is

Allt Hitt ehf.



# Bleikir dagar!



15% afsláttur
af öllum jökkum dagana 7-17.Maí.

Erum með mikið úrval af jökkum hvort sem það er við gallabuxur eða sparikjóla.

*Hlökkum til að sjá ykkur í sumarskapi*

Fylgist með okkur á
facebook.com/Parisartizkan

BASLER Parisar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



# Situr þú í skítnum?

**Hreinsandi hefur fullkomin tæki og efni til djúphreinsunar, sótthreinsunar og þurrkunar. Við vinnum á slæmum blettum og húsgögnin hreinlega ljóma**

**Hreinsandi sérhæfir sig í:** Myglugró, Djúphreinsun, Lyktareyðingu, Sótthreinsun teppa, húsgagna, rúmdýna og annarra húsmuna.




Hreinsandi
fyrir alla muni

Eldshöfða 1 S: 577-5000 Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is



UM BORÐ Ilmur, Nanna og Eva María í fallega skreyttri Rútópíu sem skutlast mun með ferðamenn um menningarheim Reykjavíkurborgar. MYND/STEFÁN

# JAÐARLISTARÚNTUR UM REYKJAVÍK

***RÚTÓPÍA** Vinkonurnar Ilmur Stefánsdóttir, Eva María Jónsdóttir og Nanna Hlíf Ingvadóttir ætla að bjóða upp á allsérstakar ferðir um listaheim borgarinnar í sumar. Þær ætla með ferðamenn í rútu með flygli innanborðs.*

Við þekkjum margt fólk í Reykjavík sem stundar listir af ýmsu tagi. Því vaknaði hjá okkur hugmynd að leyfa öðrum að fá smá innsýn inn í þennan heim," segir Ilmur Stefánsdóttir, leikmyndahönnuður og bílstjóri rútunnar Rútópíu, sem mun aka með ferðamenn um listaheim og menningarlíf borgarinnar í sumar. Með Ilmi í för verða þær Eva María Jónsdóttir dagskrárgerðarkona og Nanna Hlíf Ingvadóttir, tónmenntakennari og músíksprengja. „Eva verður gestgjafinn, Nanna sérlegur tónlistarstjóri og ég verð bílstjórinn," lýsir Ilmur.

Ferðirnar verða langt í frá hefðbundnar enda farartækið afar óvenjulegt. „Þetta er strætó af gerðinni Benz árgerð 1979. Ég keypti hann fyrir verk á Listahátíð í Reykjavík sem ég stóð að með Davíð Þór Jónssyni tónlistarmanni í fyrra. Þá tók ég meirapróf og setti svo flygil inn í rútuna," segir Ilmur og hlær. Flygilinn keypti hún fyrir leikmyndina í Tengdó á sínum tíma og fékk hann síðan framhaldslíf um borð í Rútópíu þar sem ýmsir munu taka lagið á hann í sumar.

„Þetta verða hálfgerðar jaðarmenningarferðir," segir Ilmur glettin en ýmsar skemmtilegar hugmyndir hafa vaknað hjá æskuvinkonunum. „Ein er til dæmis að stoppa fyrir utan Bónus og fá þar inn í rútuna skáld sem læsi upp Bónusljóð. Þá væri hægt að fara heim til Kristínar Gunnlaugs og tala um píkumálverk," segir Ilmur, en meginhugmyndin er að bjóða upp á skemmtilega og öðruvísi menningarferð þar sem ekið er á milli menningarstaða, farið er heim til listamanna og gestir fengnir inn í bílinn til að lesa ljóð, syngja lög eða spila á hljóðfæri. „Svo flytjum við vinkonurnar örugglega sjálfar tónlistaratriði."



**GAMAN** Vinkonurnar lofa góðri skemmtun.

Nákvæmur upphafspunktur ferðanna hefur ekki verið ákveðinn. „Við erum ýmist að ferma, gifta börn eða fara til útlanda. Svo eru ýmsar húsmæðraskyldur sem kalla enda á Eva sjö börn, ég fjögur og Nanna tvö," útskýrir Ilmur glaðlega en ætlunin er að ferðirnar verði farnar einu sinni í viku þegar þær hefjast. Þær eru ætlaðar fólki af öllum þjóðernum og fara fram á ensku.

„Þetta ætlum við vinkonurnar að gera meðfram öðrum verkefnum svo lengi sem við og aðrir höfum gaman af."

solveig@365.is

# BANNAÐ AÐ SÆKJA BARI Á SUNDFÖTUM



Samkvæmt nýjum reglum á Mallorca er betra að klæða sig áður en ströndin er yfirgefin. Þeir sem ganga í baðfötum utan strandarinnar geta átt á hættu að vera sektaðir um hundrað þúsund krónur, samkvæmt því sem sænski vefmiðillinn Aftonbladet greinir frá. Allir geta átt von á því að vera sektaðir fari þeir ekki eftir reglum, jafnt íbúar á eyjunni fögru sem þær milljónir ferðamanna sem koma þangað árlega. Reglurnar taka gildi í lok þessa mánaðar. Reglurnar eru tilkomnar vegna óánægju barþjóna og veitingahúsaeigenda yfir því að hálfnakið fólk setjist á bari til að fá sér drykk eða mat. Þá verður jafnframt bannað að vera með glerflöskur á ströndinni.












**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447



NORDICPHOTOS/GETTY

## Hreinsa listaverk

LISTAMENN OG SJÁLFBOÐALIÐAR HREINSA BERLÍNARMÚRINN.

**BERLÍN**
Innlendir og erlendir sjálfboðaliðar aðstoðuðu á dögunum listamenn við að hreinsa krot, graff og aðra óæskilega skrift af listaverkum sem skrýða hluta Berlínarmúrsins. Sá hluti múrsins sem skreyttur er listaverkum kallast East Side Gallery. Galleríið nær yfir 1,3 kílómetra langan kafla múrsins sem liggur við ána Spree. Alls eiga 118 listamenn frá 21 landi verk á veggnum en veggmyndirnar eru 106 talsins.

Galleríið er mjög vinsælt meðal ferðamanna en því fylgir einnig sá ókostur að margir freistast til að skrifa nafn sitt, upphafsstafi eða annað krot á vegginn. Listamannahópurinn sem stendur að East Side Gallery hefur gagnrýnt borgaryfirvöld fyrir að hugsa ekki nægilega vel um viðhald verkanna. Því tók hópurinn sig til og kallaði eftir aðstoð sjálfboðaliða til að þrífa listaverkin með svampi og sápu.



## VATNSRENNIBRAUT Í BORG

**ÖÐRUVÍSI MIÐBORG**
Ofurhugar í Bristol komust í feitt þegar níutíu metra löng vatnsrennibraut var sett upp í miðborginni. Vatnsrennibrautin var verk listamannsins Lukes Jerram og var uppi aðeins þennan eina dag. 96.573 manns tóku þátt í happdrætti um að fá þá 360 miða sem voru í boði í rennibrautarævintýrið. Listamaðurinn Jerram var ánægður með viðtökurnar. „Áhuginn og eftirspurnin komu skemmtilega á óvart. Við hefðum þurft að hafa rennibrautina opna á hverjum degi í átta mánuði svo allir sem höfðu áhuga á gætu prófað.“ Tilgangur Jerrams með listaverkinu var að fá fólk til að horfa á borgina sína með öðrum augum en vanalega og sjá möguleika til breytinga.

# NORRÆNIR FERÐAMENN TIL BANDARÍKJANNA

Norðurlandabúar hafa aukið mjög ferðir til Bandaríkjanna eftir að fleiri flugfélög hófu flug þangað. Danir hafa hingað til verið duglegastir að ferðast vestur um haf en 269.496 Danir flugu þangað í fyrra. Nú hafa Norðmenn farið fram úr þeim því 284.311 ferðuðust til Bandaríkjanna á sama tíma. Flugfélögin SAS, Norwegian og United Airlines hafa sett met í farþegaflutningum til Bandaríkjanna. Vegna aukins áhuga hafa flugfélögin þrjú aukið ferðir sínar til New York.

Í fyrra jókst ferðamannastraumur Norðmanna til USA um 8,2%, Svía um 7,8% en Dönum fækkaði um 0,7%. Svíar fara mest til Bandaríkjanna en frá Svíþjóð fóru 476 þúsund farþegar. Finnar voru 127 þúsund. Noregur, Svíþjóð, Danmörk, Finnland og Ísland eru því stór markaður fyrir Bandaríkin. Vegna aukins áhuga á Ameríku á Norðurlöndum hafa Bandaríkjamenn ákveðið að opna eigin ferðaskrifstofu sem verður sett upp annaðhvort í Stokkhólmi eða í Kaupmannahöfn.



**TIL VESTURS** Norðurlandabúar hafa mikinn áhuga á Ameríku.


# ...verðlaun fyrir besta Eurovisionnammið



## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



Honda Insight 1.4 Hybrid 6/2011 ek.6þús. Sjálfskiptur. Eyðsla um 4.4L. Skipti möguleg á ódýrari/dýrari. Ásett verð 3.690.000.- Rnr.285070



Nissan Qashqai Se Diesel 7/2007 ek.89þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeisli. Ásett verð 2.690.000.- Rnr.310802



VW Golf Trendline 8/2006 ek.85 þús. Beinskiptur. Allt að 100% lán mögulegt. Ásett verð 1.290.000.- Rnr.310839




VORTHEX heithúðun á allargerðir pallbíla og fleira upplýsingar í Bílaryðvörn sími 587-1390.



Toyota Land Cruiser 150 GX 10/2011 ek.48þús. Sjálfskiptur. 7 manna. Búinn í 45þús km skoðun. Skipti möguleg á ódýrari. Ásett verð 8.990.000.- Rnr.285822



M.Benz B 200 CDI Blue Efficiency Diesel 3/2012 ek.4þús. Sjálfskiptur. Leður. Skipti möguleg á ódýrari. Ásett verð 4.990.000.- Rnr.104277

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

Bílalíf



JEEP Grand cherokee overland ltd 38". Árgerð 2005, ekinn 73 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.390533.



Range Rover HSE dísel. Árgerð 2005, ekinn 126 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.680.000. Rnr.104160.



VW Caravelle 4motion 9 manna. Árgerð 2013, ekinn 23 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 7.990.000. Rnr.104283.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 og lau 12-16**
**www.bilalif.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES BENZ 420 SE. Árgerð 1988, ekinn 197 Þ.KM, 8 cyl, sjálfskiptur. Allur endurnýjaður og ótrúlega flottur. Verð 2.390.000. Er á staðnum. Rnr.161065.



SUBARU Legacy. Árgerð 2007, ekinn 138 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.950.000. Rnr.160972.



MERCEDES BENZ Ml 320 cdi. Árgerð 2007, ekinn 120 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.210352.



MERCEDES BENZ E 280 cdi station . Árgerð 2006, ekinn 499 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.140721. Tilboð kr: 1.980.000,- Mjög fallegt eintak.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

TOYOTA
Toyota Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakletthalsi.is



TOYOTA Auris terra. Árgerð 2013, ekinn 32 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.990.000. Rnr.141699.



TOYOTA Aygo terra. Árgerð 2012, ekinn 42 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.580.000. Rnr.181656.



TOYOTA Yaris sol. Árgerð 2013, ekinn 36 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.141923.

**Toyota Kletthálsi**
**Kléttháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 570 5220**
**Opið virka daga 9-18, lau 12-16.**
**www.toyotakletthalsi.is**

HEKLA
REYKJANESBÆ



SKODA Octavia. Árgerð 2005, ekinn 103 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.190.000. Rnr.111052.

**Hekla Söluumboð**
**Njarðarbraut 13, 260 Reykjanesbæ**
**Sími: 420 3040**
**www.heklarnb.is**

bilfang.is
S. 567 2000



**Í SÉRFLOKKI !**

M-Benz S 350 (056) (NEW) 03/2006 ek 93 þ.km , 3.5 V6 273 HÖ glæsilegt eintak, hlaðinn búnaði , leður 19" felgur ofl verð 6.9 míl ákv 4,3 mil

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

STÓRA BÍLASALAN



Subaru Legacy Wagon Árgerð 2003, ekinn 167þ.km. Sjálfskiptur. Bíll í fínu standi. Er á staðnum. Verð 890.000kr. Raðnúmer 155931. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

ÍSBAND.IS



**NÝTT HYMER HJÓLHÝSI**

ÚTSALA, Hymer Nova 540, Stórglæsilegt hús af flottustu gerð, lengd 7.69m, breidd 2.4m, ATH aðeins 1 stk í boði á þessu frábæra verði, Verð aðeins 4.490.000kr, Er í salnum hjá okkur,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15**
**http://www.isband.is**


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börneiga rétt á þægilum svefni


NETBÍLAR
www.netbilar.is




Nýjir NISSAN Leaf til afhendingar. Árg ,14, rafmagn, sskj. Verð 3.990.000. Rnr.200970. Nýr bíl með miklum aukabúnaði t.d álfelgur og hraðastillir. Möguleiki á allt að 100% fjármögnun.

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

hjól.is
bestir í hjólum...



BMW R1200 2005 ek 18 þús km. Rnr. 124951 Ásett verð 2590 þús. Gsm 8998471

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

100bílar.is bílasala



**HJÓLHÝSI!!**

Okkur vantar hjólhýsi og alla ferðavagna á staðinn og á skrá, Komdu á staðinn eða sendu okkur skráningu og myndir á 100bilar@100bilar.is og í síma 5179999, www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**SUBARU FORESTER - TILBOÐ ÓSKAST!**

Subaru forester. Árg. 2007. Ek. 102 þ.km. Bensín. Sjálfsk. Ljósgr. S. 866-8098



Ódýr Celica árg. 9/'99 1800vvti, 6 gíra ek. 180þ. V. 400þ. Parfnast smá lagf. Uppl. í s. 6953600



Til sölu VW TURAN, 7 manna, árg.'05, 1.9 DIESEL, sjálfsk. Mjög eyðslugrannur. Uppl. í S. 892 0888.




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.5522000

## 0-250 þús.



**TERIOS 4X4**
**TILBOÐ 235 ÞÚS !**

Daihatsu Terios 1300 árg.'99 ek. 200þús sk. ,15 Beinsk, krókur, góð dekk. Tilboð 235 þús S. 891 9847.

## til sölu

### Til sölu Húsbíll Fiat Benimar Perseo 680



**Árg. '06 ek. 21 þús 2,8 vél dísel beinsk. Sko '15, skráður fyrir 4, dráttarbeysli, hjólagrind, bakkmyndavél ofl. Einn eigandi.**
**Verð 7,5 millj.**

**Upplýsingar í síma. 868 2352 Sævar**

## til sölu



**Til sölu 31 fet / 9,5m. Yanmar vél 125 hestöfl. Ganghraði 11-12 mílur. Tilvalið t.d. fyrir tvær fjölskyldur. Svefnpláss fyrir 4 til 5. Til greina kemur að taka seljanlega bíl upp í hluta kaupverðs.**

**Upplýsingar í síma 864 3336 Jón**



**VERKIN TALA** Ný viðbygging við sjúkrahúsið Vog er risin en vinna við hana hófst síðastliðið haust. Hún var eingöngu fjármögnuð með gjafa- og söfnunarfé. | 6



**GLÖÐ OG FRJÁLS** Gunný fór í fyrstu meðferðina 17 ára. Líf hennar hefur mikið batnað eftir að hún varð edrú. | 14

**ÁLFURINN Í 25 ÁR**



Árleg álfasala SÁÁ fer nú af stað í 25. skipti. Hilmar Kristensson hefur safnað álfunum frá upphafi og á þá alla. | 9



**MEÐFERÐIN BREYTTI ÖLLU** Jóhann Ásmundsson, bassaleikari Mezzoforte, vaknaði til lífsins á ný eftir meðferð fyrir 23 árum. | 10

SÁÁ BLAÐIÐ
# EDRÚ
MIÐVIKUDAGUR 7. MAÍ 2014



## Kaupum álfinn fyrir unga fólkið

## Álfasala SÁÁ hefst í dag

Álfasalan er stærsta og mikilvægasta fjáröflun SÁÁ. Í ár er álfurinn seldur í 25. sinn.



## Af hverju kaupir þú álfinn?



**ÞORGERÐUR KATRÍN**
„Allir vita hve gott er að finna hlýju og stuðning. Álfurinn er gott tækifæri fyrir þá sem þurfa á því að halda“.



**HEIÐA ÓLAFSDÓTTIR**
„Ég vil taka þátt í að styrkja hið frábæra starf sem SÁÁ vinnur. Við þekkjum öll einhvern sem hefur þurft að nýta sér það. Áfram SÁÁ!“



**AUÐUNN BLÖNDAL**
„Til að styrkja gott og verðugt málefni.“





# Álfurinn fyrir unga fólkið



Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ.

Það þarf heilt þorp til að ala upp barn. Þannig varðar vímuefnaneysla ungs fólks landsmenn alla. Fyrir þjóðfélagið í heild sinni er það dýrmætur ávinningur þegar hópurinn sem leitar til unglingadeildar SÁÁ hættir vímuefnaneyslu og heldur áfram að mennta sig til að verða virkir og skapandi þátttakendur í samfélaginu.

Þegar allri tilfinningasemi er sleppt í umræðu um vímuefnaneyslu ungmenna eða vímuefnaneyslu yfirleitt, blasir við eftirfarandi staðreynd:

Misnotkun áfengis og vímuefna er alvarlegt heilbrigðisvandamál sem hrjáir einstaklinga á öllum aldri sem búa við misjafnt heilsufar og félagslega stöðu. Neyslan er alþjóðlegt vandamál sem stjórnvöld hvarvetna í heiminum leggja áherslu á að berjast gegn. Hún veldur einstaklingum, fjölskyldum og samfélögum skaða og tengist margvíslegri glæpastarfsemi, heilsubresti og félagslegum vandamálum.

Árleg fjárhagsleg byrði Íslendinga af neyslu áfengis og vímuefna er milli 50-80 milljarðar. Sá baggi sem er þyngstur fyrir samfélagið í krónutölu er kostnaður sem felst í framleiðslutapi vegna þeirra ofneytenda sem falla frá fyrir aldur fram vegna sjúkdóma, slysa eða ofbeldis sem og hinna sem vegna sjúkdóms síns verða óvinnufærir um lengri eða skemmri tíma.

### Sjö fyrir einn

Rannsóknir á arðsemi fjárfestinga í baráttu við ofneyslu vímuefna sýna að meðferð er arðbærasta fjárfestingin, mun arðbærari en löggregluaðgerðir, félagsleg úrræði og forvarnaherferðir.

Fyrir hverja krónu sem sett er í meðferð við þessum sjúkdómi koma rúmlega sjö krónur til baka til samfélagsins. Þar af skila rúmlega tvær krónur sér til baka strax á fyrsta árinu.

### 25 ár og „still going strong“

Eins og undanfarin ár er álfurinn tileinkaður unga fólkinu og mun allt söfnunarfé renna til rekstrar unglingadeildar okkar á sjúkrahúsinu Vogi. Álfasalan er stærsta og mikilvægasta fjáröflun SÁÁ og hefur staðið yfir óslitið í 25 ár. Afrakstur hennar hefur skapað mikil verðmæti sem má sjá í húsakosti SÁÁ og þjónustu við unga einstaklinga og aðstandendur þeirra.

Hér er ekki tjaldað til einnar nætur. Hér er engu lofað sem ekki er hægt að standa við. SÁÁ lætur verkin tala og þau birtast okkur efnislega sem öflugt þekkingarsamfélag og raunhæf þjónusta í húsnæði sem samtökin hafa byggt í krafti sjálfboðaliðavinnu og fjáraflana á löngum tíma.

Fyrir hönd SÁÁ og allra þeirra sem hafa notið góðs af þjónustu samtakanna þakka ég stuðninginn í gegnum árin. Og við álfinn segi ég: „Til hamingju með 25 ára afmælið. Megir þú lifa lengi enn!“

*Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ*

**Blaðið**

**Útgefandi** SÁÁ - samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann. Efstaleiti 7 103 Reykjavík. s. 530-7600
**Ábyrgðarmaður** Arnþór Jónsson
**Ritstjórn** Rúnar Freyr Gíslason
**Blaðamenn** Elín Albertsdóttir, Lilja Björk Hauksdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Sólveig Gísladóttir, Starri Freyr Jónsson, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir og Vera Einarsdóttir
**Forsíðumynd** Ásgeir Ásgeirsson
**Umbrot** 365 miðlar

# Fá von og trú á framtíðina

**Um 2.200 sjúklingar eru lagðir inn á Vog árlega. Þeim verður fækkað í 1.800 á þessu ári vegna fjárskorts. Helmingur þeirra sem koma í meðferð hefur aðeins komið einu sinni. Ánægjulegur árangur, segir Valgerður Rúnarsdóttir læknir.**

Valgerður Rúnarsdóttir, læknir á Vogi, segir óásættanlegt að ekki sé hægt að taka við öllum þeim sjúklingum sem þurfa nauðsynlega á meðferð að halda vegna fíknar sinnar. Nú þurfi að fækka innlögnum vegna fjárskorts. „Það er ákaflega dýrt fyrir samfélagið,“ segir hún. „Við byrjuðum að draga úr innlögnum seint á síðasta ári en á undanförnum árum höfum við meðhöndlað um 2.200 sjúklinga á ári. Á þessu ári förum við niður í 1.800 innlagnir sem er fækkun um 500 manns,“ útskýrir Valgerður.



Valgerður Rúnarsdóttir, læknir hjá SÁÁ, segir ánægjulegt að hjálpa fólki úr vítahring drykkju og neyslu. MYND/PJETUR

### Alvarlegar afleiðingar

Árlega koma 600 sjúklingar í meðferð í fyrsta skipti á Vog. Valgerður segir að þótt svo virðist sem mjög margir komi í meðferð séu samt miklu fleiri sem þurfi á henni að halda. Þetta er algengur sjúkdómur og afleiðingar hans koma niður á mörgum sviðum þjóðfélagsins. Fíknisjúkdómar eru mjög kostnaðarsamir í heilbrigðiskerfinu. Fyrir þjóðfélagið margborgar sig að sinna þessum sjúklingum. Þar fyrir utan eru öll vandamálin sem skapast á heimilum fíkla. Aðgengi að meðferð hjá SÁÁ hefur verið gott hingað til en þyrfti að vera enn meira til að sinna þeirri þörf sem er til staðar. Það er þess vegna afar slæmt þegar við drögum úr þjónustu okkar og getur haft slæm áhrif í heilbrigðiskerfinu almennt,“ segir Valgerður.

### Aukinn kostnaður

„Samtökin sjálf hafa borgað með hverri meðferð auk þess að halda utan um reksturinn og húsnæðið. Sú heilbrigðisþjónusta sem veitt er á Vogi hefur að hluta til verið greidd með sjálfsaflafé sem er orðinn stór hluti af ráðstöfunarfé samtakanna. Það er óábyrgt að halda því áfram og safna skuldum til að bæta upp fjármuni sem ættu að koma frá hinu opinbera. Til að halda uppi þeirri þjónustu og því aðgengi sem verið hefur þarf aukið framlag ríkisins í þjónustusamning við SÁÁ,“ greinir Valgerður frá. „Mikil kostnaðaraukning hefur orðið undanfarin ár en engar hækkanir hafa komið frá ríkinu. Mér finnst virkilega erfitt að geta ekki tekið við öllum þeim sjúklingum sem þurfa á okkar hjálp að halda. Sömuleiðis hef ég áhyggjur af löngum biðlistum en það er ekki skynsamlegt að láta fólk bíða lengi eftir meðferð. Það er mjög slæmt að hafa slíka hindrun ef einstaklingur er tilbúinn að breyta lífi sínu.“

### Betri aðstaða

Ný viðbótarálma hefur risið við Vog sem greidd hefur verið með gjafafé frá fyrirtækjum og einstaklingum. Valgerður segir að nýja álman muni auka gæði þjónustunnar fyrir veikustu sjúklingana. „Við hlökkum mikið til að taka þessa nýbyggingu í notkun því þá breytast mjög aðstæður til batnaðar. Spítalinn á Vogi var byggður árið 1984 og kominn tími á ýmsar endurbætur,“ segir Valgerður, sem hefur starfað á Vogi í fjórtán ár.

### Góður árangur

„Mér hefur alltaf þótt þessi vinna skemmtileg. Hér gerist gríðarlega margt jákvætt og sjúklingar fá heilmikla von og trú á framtíðina. Það er ákaflega þakklátt starf sem er unnið á Vogi. Margir sem leita hingað hafa staðið sig vel í lífinu að öllu leyti fyrir utan það sem snýr að drykkjuskap og neyslu. Það er ánægjulegt að hjálpa fólki að komast úr þeim vítahring.“

Valgerður segir að sjúklingarnir séu á mismunandi aldri. „Fáir eru mjög ungir en þó höfum við fengið 14 ára sjúklinga en það er einstakt. Langflestir sem koma í fyrsta skipti eru í kringum tvítugt. Þessi sjúkdómur kemur fram snemma á lífsleiðinni en þó eru alltaf einhverjir af eldri kynslóðum sem koma í fyrsta skipti. Um helmingur þeirra sem koma í meðferð standast hana og þurfa aldrei að koma aftur. Þetta er langvinnur sjúkdómur og þess vegna er þetta mjög góður árangur. Um 70% þeirra sem koma hingað fara síðan í framhaldsúrræði, á göngudeild eða í eftirmeðferð á Vík eða Staðarfelli. Okkar takmark er að fólk fari í áframhaldandi meðferð til að ná sem bestum árangri.“



Helga Óskarsdóttir, dagskrárstjóri Fjölskyldudeildar SÁÁ, og synir hennar Óskar og Finnbjörn Finnbjörnssynir hafa öll notið góðs af starfi SÁÁ. MYND/DANÍEL

# Betri samskipti eftir meðferð

**Samskipti í fjölskyldum alkóhólista og fíkla eru óheilbrigð. Sjúklingurinn kennir fjölskyldumeðlimum um neysluna og ástand sitt og þeir reyna að bjarga öllu sem viðheldur neyslunni. Hjá Fjölskyldudeild SÁÁ geta aðstandendur fengið aðstoð.**

Helga Óskarsdóttir, dagskrárstjóri Fjölskyldudeildar SÁÁ, hefur aldrei drukkið áfengi sjálf. Þegar eldri drengurinn hennar, Óskar Finnbjörnsson, fór í meðferð 23 ára gamall árið 1994 og sá yngri, Finnbjörn Finnbjörnsson, fjórum árum síðar, þá 17 ára, fannst henni hún sjálf hafa brugðist. „Það var enginn í minni nánustu fjölskyldu á uppvaxtarárum mínum sem drakk. Báðir strákarnir mínir fóru hins vegar þessa leið og ég, eins og mjög margir aðstandendur, kenndi sjálfri mér um. Þegar fíknisjúkdómar koma upp verða persónuleikabreytingar á sjúklingnum. Viðhorf hans og hugsunarháttur breytist og hann fer að kenna öðrum um allt sem miður fer, það er aldrei neitt neyslunni að kenna. Fíkillinn eða alkóhólistinn segir oft að vandinn sem hann finni fyrir sé aðstandandanum að kenna og aðstandandinn tekur allt inn á sig því hann veit ekki betur. Allar þessar breytingar á alkóhólistanum eru það sem ruglar samskiptin í fjölskyldunni og aðstandandinn fer jafnvel að trúa að þetta sé honum að kenna. Það er meðvirkni, allir sem hafa orðið fyrir áhrifum af neyslu einhvers annars geta orðið meðvirkir.“

## Hélt að ekkert væri að hjá sér

Þegar sjúklingur fer inn á Vog gefur hann upp nafn aðstandanda sem hann vill að verði haft samband við. Viðkomandi er boðið að koma á kynningarfund þar sem farið er yfir starfsemi SÁÁ, hvað er í boði fyrir sjúklinga og aðstandendur. Þessi kynning er opin fyrir alla og kostar ekkert. Þegar Óskar fór í meðferð var Helgu boðin þessi þjónusta hjá SÁÁ. Hún fór á kynningarfund og í fjölskyldumeðferð. Eftir nokkur ár í Al-Anon hóf hún störf hjá SÁÁ. „Ég hélt að ég væri bara að fara að hjálpa honum að hætta að drekka, hélt ekki að það væri neitt að hjá mér.“ Óskar segist hafa verið búinn að bregðast sínum nánustu mjög oft og verið með stanslaust samviskubit yfir því hvernig hann hagaði sér. „Ég var búinn að missa stjórn á eigin lífi, hvort sem það sneri að drykkjunni eða bara almennt að taka ábyrgð á sjálfum mér. Ég var atvinnulaus, skuldugur upp fyrir haus og það eina sem hafði deyft vanlíðanina, drykkjan, var hætt að virka. Á þessum tíma voru tveir af bestu vinum mínum báðir orðnir edrú og ég fékk vænt spark í rassinn frá þeim líka. Það var sennilega vendipunkturinn í því að ég ákvað að hringja upp á Vog og panta í meðferð.“

## Stolt af strákunum

Bæði Finnbjörn og Óskar hafa aðeins þurft að fara í meðferð einu sinni. „Ég er ótrúlega þakklát fyrir strákana og stolt af þeim. Ég hef fengið leyfi til að tala um það í viðtölum og meðferðum hvernig var hjá þeim og hvernig þeir náðu bata til að gefa foreldrum von,“ segir Helga.

Meðferð Finnbjörns gekk vel enda hafði hann ákveðið fyrir fram að fylgja öllum fyrirmælum. „Ég var galopinn fyrir hjálpinni. Fyrstu árin eftir meðferð upplifði ég sárasjaldan fíkn og ekkert síðustu ár,“ segir Finnbjörn sem fór í meðferð fyrir sextán árum. „Þótt ég hafi verið ungur, aðeins sautján ára, hafði ég enga stjórn þegar ég drakk áfengi, endaði fyrir rest alltaf í „blackout“ og ég hafði verið að nota kannabis flesta daga vikunnar í yfir ár. Samt sem áður myndi ég segja að ástæðan hafi fyrst og fremst verið eins konar forvörn hjá mér. Ég hafði sem barn og unglingur séð mikið af fullorðnu fólki í kringum mig meðhöndla áfengi mjög illa og fannst ég stefna sömu leið. Það ýtti undir ákvörðunina þegar ég eignaðist lítinn frænda því ég vildi að hann sæi mig sem jákvæða fyrirmynd þegar kæmi að áfengi. Bróðir minn hafði farið í meðferð fjórum árum áður, gengið vel og hans vegna sá ég meðferðina sem jákvæðan kost.“

## Engin slæm áhrif af meðferð

Helga segir samskiptin hjá fjölskyldunni hafa breyst eftir að synirnir fóru í meðferð, þau séu miklu heilbrigðari nú. „Ég hef þroskast mikið á að fara í gegnum þessa reynslu. Nú tölum við saman hreint út sem ekki er gert í meðvirkni. Þá er alltaf verið að passa upp á að öllum líði vel og fólk segir já þegar það vill segja nei.“

Óskar segist ekki sjá nokkur slæm áhrif af því að hafa farið í meðferð. „Þetta hefur bara verið til bóta fyrir mitt líf. Ég hef alltaf verið ánægður og stoltur yfir því að hafa farið í meðferð og aldrei nokkurn tímann skammast mín fyrir að vera alkóhólisti.“ Finnbjörn tekur undir þetta og segir það helst trufla aðra að hann drekki ekki. „Það virðist trufla fólk ef ég er sá eini sem er ekki að drekka til dæmis á vinnusamkomum. Því finnst ég félagsskítur eða óþægilegt að ég sé sá eini sem man allt daginn eftir. Það spyr furðulegra spurninga þegar þau heyra að ég hafi farið í meðferð eins og til dæmis: „ertu þá frelsaður?“, „bíddu, hvernig skemmtir þú þér þá?“, „þú varst svo ungur, af hverju prófarðu ekki aftur núna?“ eða „ertu hættur að reykja líka? Viltu þá ekki bara gerast munkur fyrst þú ert alveg hættur að lifa lífinu?“. Það lætur eins og ég sé ekki heill nema að ég geti drukkið áfengi og það sé að reyna, óumbeðið, að „hjálpa“ mér.“

## Aðstandendur oft óöruggir

Fjölskyldudeild SÁÁ aðstoðar fjölskyldur alkóhólista og fíkla. Boðið er upp á viðtöl og fjölskyldumeðferð þar sem fólk er frætt um meðvirkni og hvað hægt sé að gera til að fá bata og betri líðan frá meðvirkni. „Aðstandendur eru oft óöruggir og halda að þeir séu að segja eitthvað rangt. Það er mikill kvíði og vanlíðan sem fylgir því að vera í tengslum við alkóhólista eða fíkil. Þetta hefur samt ekkert með aðstandendur að gera, þetta snýst um fíkilinn eða alkóhólistann og persónuleika hans og umhverfi. Foreldrar vilja að sjálfsögðu allt fyrir barnið sitt gera þegar það er í vanda eða með sjúkdóm. Það virkar þó ekki þannig þegar þessi sjúkdómur á í hlut, þá gerir fólk bara illt verra með því að reyna að bjarga öllu og taka ábyrgð af alkóhólistanum eða fíklinum. Hann sér þá ekki hvernig staðan er á sjálfum sér. Aðstandandinn verður meðvirkur og lætur þann sjúka stjórna því hvernig honum líður. Þess vegna er svo mikilvægt að aðstandendur fái líka aðstoð í til dæmis Al-Anon,“ segir Helga.

> **„Það var enginn í minni nánustu fjölskyldu á uppvaxtarárum mínum sem drakk. Báðir strákarnir mínir fóru hins vegar þessa leið og ég, eins og mjög margir aðstandendur, kenndi sjálfri mér um.**

## Björt framtíð

Al-Anon er byggt á sama grunni og AA-samtökin. „Í AA er viðurkenndur vanmáttur fyrir áfenginu en í Al-Anon er vanmáttur gagnvart neyslu einhvers annars viðurkenndur. Það verður svo hluti af lífsstíl fólks að vera í Al-Anon, félagarnir þar verða eins og fjölskylda manns og þar á maður athvarf það sem eftir er,“ segir Helga.

Lífið eftir meðferð hjá bræðrunum hefur verið gott og framtíðin er björt. „Lífið gerist hjá manni og ég hef fengið að upplifa margt bæði gott og slæmt en verkfærin sem ég fékk í meðferð og sú hjálp sem ég hef fengið hjá öðrum alkóhólistum hefur gert það að verkum að ég er enn þá edrú frá minni fyrstu og einu meðferð. Ég á mjög gott samband við mína nánustu og það er alveg ótrúlega góð tilfinning að börnin mín hafi aldrei þurft að þola mig sem virkan alkóhólista,“ segir Óskar. Finnbjörn bætir því við að hann trúi að framtíð hvers og eins verði eins og viðkomandi ákveður. „Þannig að mín framtíð verður fullkomin,“ segir hann og brosir.

**VISSIR ÞÚ?**

**Að hófleg drykkja er skilgreind á eftirfarandi hátt:**

Karlar (20-65 ára)
Tveir drykkir eða minna á dag að jafnaði.
Aldrei meira en fimm drykkir í hvert sinn.
Samanlagt fjórtán drykkir á viku eða minna.

Konur (og karlar eldri en 65 ára):
Einn drykkur eða minna á dag að jafnaði.
Aldrei meira en fjórir drykkir í senn.
Samanlagt minna en sjö drykkir á viku.

**VISSIR ÞÚ?**

**Að neysla kannabisefna leiðir til margvíslegra breytinga í útliti og hegðun barns. Ef þig grunar að barn þitt hafi nýlega neytt kannabisefna ættir þú að skoða eftirfarandi;**

- virðist barnið svima og eiga erfitt með gang?
- virkar barnið kjánalegt og flissar út af engu?
- er það mjög rauðeygt og jafnvel með blóðhlaupin augu?
- er það mjög þurrt í munninum?
- á barnið erfitt með að muna það sem verið var að segja við það?
- er barnið óeðlilega syfjað?

Foreldrar ættu að fylgjast með einkennum eins og einangrun, þunglyndi, ábyrgðarleysi, árásarhneigð og minnkandi tengslum við fjölskyldu og vini. Þá er rétt að vera á varðbergi gagnvart verra gengi í skóla og námi, minnkandi áhuga á tómstundum og breytingum á matar- og svefnvenjum. Rétt er að hafa það í huga að þessi einkenni geta átt rót sína að rekja til annarra vandamála en fíkniefnaneyslu.

# Áfengismisnotkun er ekki einkamál



„Það er mikill léttir þegar einhver er edrú um hátíðir, þá þarf maður ekki að stressa sig.“ Þetta voru orð 16 ára stúlku sem rætt var við í útvarpinu í fyrradag en hún á föður sem er alkóhólisti. Hún, ásamt nokkrum öðrum börnum alkóhólista á aldrinum 14-18 ára, tók þátt í sérfræðingahópi sem Umboðsmaður barna setti á fót í þeim tilgangi að draga fram sjónarmið barnanna og hvað brýnt væri að gera til að bæta stöðu þeirra.

Það var margt í viðtalinu við þessa 16 ára stúlku sem snart mig og vakti mig til umhugsunar og sömuleiðis skilaboð sérfræðingahóps barnanna til fagfólks og fjölskyldna sem byrja á þessum orðum: „Við erum ekki vandamálið, en við glímum við það…“

Það er skelfilegt hlutskipti fyrir börn að búa við stöðugt óöryggi og óvissu á heimili sínu, að vita ekki hvað að þeim snýr frá degi til dags af hálfu sinna nánustu af því að Bakkus gerir sig heimakominn og getur umturnað fjölskyldulífinu fyrirvaralaust, hvenær sem er. „Þegar fólk er drukkið þá er það ekki það sjálft eins og það er þegar maður þekkir það…“ Þessi orð viðmælanda RÚV segja mikið um vandann sem snýr að börnum alkóhólista og þau þurfa að glíma við. Börn hafa óendanlega mikla þolinmæði gagnvart foreldrum sínum og þykir vænt um þá, nánast sama hvað á dynur. Það er því sorglegt til þess að vita að fjöldi fullorðins fólks sem hefur ákveðið að eignast börn og þykir að sjálfsögðu vænna um þau en allt annað, skuli missa stjórnina á áfengisneyslu sinni og skaða með því bæði sig og börnin gegn betri vitund og vilja.

Áfengismisnotkun er ekki einkamál þess sem drekkur. Samfélagið í heild ber mikið tjón af ofneyslu áfengis og fíkniefna og fórnarlömbin eru mörg og líða oft mikið. Talið er að yfir tuttugu þúsund íslensk börn eigi foreldra eða aðra aðstandendur sem glíma við alkóhólisma eða fíknivanda. Þessi börn eiga betra skilið.

Það ríður á miklu að sporna við misnotkun áfengis. Börn og ungmenni þurfa góðar fyrirmyndir og við fullorðna fólkið verðum að axla okkar ábyrgð. Enginn vill verða Bakkusi að bráð og missa þannig stjórn á lífi sínu. Við þurfum með virkum forvörnum að fyrirbyggja áfengismisnotkun og við þurfum að tryggja góða aðstoð og þjónustu við þá sem misnota áfengi eða þurfa að fást við afleiðingar þess í daglegu lífi vegna sinna nánustu. SÁÁ hefur í gegnum tíðina hjálpað mörgum, bæði til þess að sigrast á fíkninni og eins með stuðningi við aðstandendur.

Ég hvet landsmenn til þess að taka vel á móti sölumönnum álfsins í fjáröflunarátaki SÁÁ sem nú er að hefjast. Álfasalan er mikilvægasta fjáröflun SÁÁ og ágóðinn af henni hefur til dæmis staðið undir uppbyggingu unglingadeildarinnar að Vogi, starfsemi fjölskyldumeðferðarinnar og gert SÁÁ fært að þróa úrræði fyrir börn alkóhólista, ungmenni og fjölskyldur.

*Kristján Þór Júlíusson*
*heilbrigðisráðherra*

# Dóttir mín mun ekki sjá mig drekka, ef Guð lofar

**Sigmundur Einar Jónsson hefur verið edrú í fjögur ár. Hann var háður amfetamíni og áfengi og fór tvítugur inn á Vog. Í dag stundar hann nám við ráðgjafaskóla SÁÁ og ræktar sambandið við dóttur sína.**

Æskuvinir mínir eru flestir með BA og master í hinu og þessu í dag, svona „venjulegt fólk“, en ég hef aldrei tengt mig við það. Þeir keyptu sér allir kippu fyrir fyrsta fylleríið, ég keypti mér tvær. Það gerðist eitthvað hjá mér í fyrsta skiptið sem ég drakk sem þeir upplifðu ekki,“ segir Sigmundur Einar Jónsson.

Sigmundur er í starfsnámi á Vogi í ráðgjafaskóla SÁÁ. Hann er tuttugu og fimm ára og hefur verið edrú í fjögur ár. Sigmundur Einar fór á fyrsta fylleríið þegar hann byrjaði í framhaldsskóla og leiddist út í eiturlyfjanotkun.

„Frá fyrsta sopa sögðu allir að ég drykki bæði hratt og illa. Mér fannst bragðið ágætt en það voru áhrifin sem ég sóttist eftir og ég leitaði strax uppi öll skólaböll sem ég komst á þótt þau væru ekki í mínum skóla. Ég breytti um vinahóp, fór að hanga með fólki sem reykti og byrjaði sjálfur að reykja. Ég fór að drekka á fimmtudögum á svokölluðum bjórkvöldum, sem hálfpartinn eru haldin í samstarfi við skólann. Mér fannst ég alltaf þurfa að vera alls staðar, á djamminu, annars væri ég að missa af einhverju,“ segir Sigmundur.



Sigmundur Einar Jónsson varð háður áfengi og fíkniefnum á unglingsárum. Hann starfar á Vogi í dag og hjálpar öðrum með því að deila reynslu sinni. MYND/PJETUR

## Alltaf í „blackout“

Drykkjan tók sinn toll af mætingu Sigmundar í skólann. Hann hætti í skólanum eftir tvö ár en þá var hann farinn að drekka allar helgar. Þá var hann einnig farinn að nota örvandi efni og segir neysluna hafa þróast hratt til hins verra.

„Ég er þannig drykkjumaður að ég fer alltaf í „blackout“, æli alltaf og geri alltaf einhverja skandala. Þegar ég kynntist amfetamíni varð það strax mitt aðalefni því þá hætti það vesen. Mér fannst ég því hafa fundið lausnina. Þegar maður er farinn að blanda saman áfengisdrykkju og lyfjum, örvandi eða róandi, fara hlutirnir hins vegar hratt niður á við. Ég gat ekki hugsað mér daginn án þess að vera undir áhrifum einhverra efna og var í daglegri neyslu amfetamíns á árunum 2008 til 2010.“

## Rekinn fyrir að stela

Sigmundur fór að vinna eftir að hann hætti í skólanum. Hann átti kærustu og bjó með henni á Stúdentagörðum. Um tíma var hann í tveimur störfum, á bensínstöð og á bar. Hann vann oft í heilan sólarhring og hélt sér gangandi á efnum.

„Ég var alltaf undir áhrifum í vinnunni. Stundum vann ég frá hádegi til miðnættis á bensínstöðinni og mætti svo strax í vinnuna á skemmtistaðnum og vann til morguns. Ég bara áætlaði sirka hvað ég þyrfti mikið af efnum til að halda mér gangandi og keypti það síðan. Svo hætti ég reyndar sem barþjónn því ég ætlaði að hætta að drekka. Ég var samt mættur fullur á barinn þremur dögum seinna.“

„Í ágúst 2010 komst upp að ég var að stela í vinnunni og þá gerðust hlutirnir hratt. Ég missti vinnuna, kærustuna og íbúðina allt á einu bretti og endaði heima hjá mömmu og pabba. Næstu vikurnar keyrði ég allt í kaf. Hinn 7. október 2010 fór ég inn á Vog.“

## Allt í klessu á fjórum dögum

Sigmundur var inni á Vogi í tíu daga. Hann segist ekki hafa farið í meðferð með réttu hugarfari. Hann hafi ekki ætlað að hætta að drekka heldur einungis að losa sig við fíkniefnin. „Ég fór á göngudeildina bara fyrir mömmu og pabba,“ segir hann. Hann var tvítugur og stuttu eftir að hann kom úr meðferð ákvað hann að fá sér einn bjór með vinkonu sinni.

„Það var miðvikudaginn 11. nóvember og mér tókst að drekka bara einn bjór. Þá sagði hausinn á mér að drykkjan væri greinilega ekkert vandamál og kvöldið eftir datt ég í það. Á föstudeginum notaði ég fíkniefni aftur og á laugardeginum var ég kominn í sama farið. Ég klessukeyrði allt á fjórum dögum! Þá gerði ég mér grein fyrir því að ég væri algjörlega vanmáttugur gagnvart áfengi og fíkniefnum. Ég hafði ekki roð við þeim.“

## Edrú síðan 14. nóvember 2010

Sigmar leitaði til SÁÁ og gekk í stuðningshóp. Hann fór aftur inn í göngudeildarhópinn sinn og leitaði ráða hjá þeim sem voru edrú. „Ég kunni ekki að vera edrú sjálfur. Ég spurði því fólk hvað hefði virkað hjá þeim. Mér var ráðlagt að gera upp fortíðina og trúa á æðri mátt og það virkaði,“ segir Sigmundur. Hann hafi verið heppinn að eiga stuðning fjölskyldunnar vísan og fá tækifæri til að bæta fyrir brot sín.

„Ég er enn að því í dag. Ég geri það með því að vera edrú í kringum foreldra mína en ég bý hjá þeim núna. Ég hef alltaf átt þeirra stuðning.“

## Víti til varnaðar

„Ég á þrjú systkini og ekkert þeirra drekkur. Þau gengu í gegnum öll ósköpin með mér og ég held að það hafi mótað þau. Aðstandendur dragast inn í allt þótt maður geri sér ekki grein fyrir því. Maður sér bara sjálfan sig og hvað maður á bágt. Maður sér ekki að litli bróðir manns þarf kannski að draga mann dauðan eftir klósettgólfinu. Ég stal líka af foreldrum mínum ítrekað og bróðir minn hefur borgað ótal leigubíla, án þess að vita af því. Þetta verð ég alla ævi að bæta fyrir. Það er ekki nóg að segja bara „fyrirgefðu“. Ég þarf að sýna það í framkvæmd,“ segir Sigmundur og horfir björtum augum á framtíðina, staðráðinn í að standa sig.

„Ég á litla stelpu í dag. Hún er þriggja ára en ég vissi ekki um tilvist hennar fyrr en hún var orðin eins og hálfs árs. Það var ákveðið þroskaferli að ganga í gegnum – að feðra barn. En hún er hjá mér aðra hverja helgi í dag og ég get verið pabbi hennar. Hún hefur ekki séð mig drekka og mun ekki gera það, ef Guð lofar.“

## Af hverju kaupir þú álfinn?



**BENEDIKT VALSSON**
„Til að styðja við fjári gott málefni! Álfurinn er líka svo töff. Góður í bílgluggann og samsvarar sér vel."



**NÍELS THIBAUD GIRERD**
„Ég kaupi álfinn því í svona litlu þjóðfélagi þurfum við að standa saman og hjálpa hvert öðru upp þegar við föllum."



**BJÖRN BRAGI ARNARSSON**
„Ég hef alltaf keypt álfinn því ég vil styðja þessi frábæru samtök sem hafa hjálpað svo óteljandi mörgum íslenskum fjölskyldum."



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**
„Ég kaupi álfinn til að styðja við gott starf SÁÁ en langflestir Íslendingar hafa kynnst því með einhverjum hætti."

# Fór ellefu ára á fyrsta fylleríið

**Baldvin Jónsson var ellefu ára þegar hann varð sér úti um kryppling af íslensku brennivíni. Áfengisvíman náði honum strax.**

„Ég kem frá yndislegu heimili," segir Baldvin, sem hefur lent í þrætu við félagsfræðinga um að það sé félagslega ómögulegt að verða alkóhólisti svo ungur, komandi frá góðu heimili.

„Heima skorti mig aldrei neitt og þar voru góð samskipti, ást og hlýja. Ég var hins vegar orkumikill og duglegur að koma mér í vandræði og hefði örugglega verið greindur ofvirkur í dag," segir Baldvin um æskuárin.

Hugmyndin um krypplinginn kviknaði hjá Baldvini og tveimur bekkjarbræðrum hans sem allir voru nánir vinir frá átta ára aldri.

„Ég man eftir ofsalegri spennu við að taka tappann af flöskunni og fyrstu sopunum sem ollu hitatilfinningu í kroppnum. Annað man ég óljóst enda bjó ég til ótal tröllasögur um fyllerí okkar vinanna svo að lygi og sannleikur runnu saman í eitt."

Ellefu ára gamall upplifði Baldvin áfengisvímuna sterkt.

„Ég fann strax fyrir verulegri slökun og frelsi til að vera ég sjálfur. Allt varð frábært og félagslegur ótti og óþægindi hurfu. Það má lýsa þessu þannig að fram að fyrsta fylleríinu hafi líf mitt verið fínt en eftir fylleríið hafi mér þótt það vera glatað og að nú yrði allt stórkostlegt."

### Skakkur í skólanum

Eftir fyrstu kynni við Bakkus snerist allt hjá Baldvini um að endurtaka leikinn og komast í vímu.

„Foreldrar mínir gerðu sér fljótt grein fyrir að eitthvað bjátaði á og sendu mig í sveit næstu sex sumur. Það tel ég að hafi skipt sköpum þegar kom að því að hætta neyslunni snemma; að koma frá heimili þar sem ég hafði viðmið um hvað væri eðlilegt og að vera kippt burtu úr sollinum á viðkvæmum aldri til yndislegrar fjölskyldu sem hafði sannarlega góð áhrif á mig."

Þegar haustaði og Baldvin sneri heim í höfuðstaðinn fóru helgarnar í drykkjuskap á Hallærisplaninu og á lokaári grunnskólans prófaði hann kannabisefni.

„Kannabis var „góð" leið til að komast upp með mikla neyslu án þess að tekið væri eftir því. Í þá daga var kerfið illa upplýst og hægt að vera skakkur í skólanum án þess að vekja grun."

### Leitaði að vondum félagsskap

Eftir grunnskóla sneri Baldvin sér að hörðum fíkniefnum og leiddist út í glæpi til að fjármagna neysluna.

„Líðan í slíku ástandi er tryllingur. Allt gengur út á að viðhalda neyslunni og áhyggjur um að eiga ekki nóg. Maður vakir dögum saman og þorir ekki að sofna nema að hafa tryggt sér efni við rúmstokkinn að morgni. Undirliggjandi er stöðugur ótti við fráhvörf og það að takast á við lífið óvímaður," útskýrir Baldvin um ástandið síðustu tvö árin sem voru samfelld neysla og fyllerí.

„Mamma og pabbi reyndu lengi að halda sambandi við mig. Það er ríkt í foreldrum að vilja skella skuldinni á slæman félagsskap en það átti ekki við í mínu tilviki. Ég átti góða æskuvini en leitaði sjálfur uppi félagsskap sem endurspeglaði hver ég var. Í báðum ættum finnst alkóhólismi og ég hef aldrei efast um erfðaþáttinn því frá fyrstu sopunum mínum tók áfengið yfir."

Ofurseldur fíkninni kom Baldvin sjaldan heim og lenti þá oftast í rifrildi við foreldra sína sem reyndu að siða hann til og skilja hvað hefði farið úrskeiðis.

„Mömmu leið sérstaklega illa út af þessu og reyndi að finna ástæður til að kenna sjálfri sér um. Sem foreldri skil ég nú hvað þetta hefur verið þeim erfitt."

### Samviskubit vegna mömmu

Síðustu misserin sem Baldvin var í neyslu fékk móðir hans heilaæxli og var lögð inn á sjúkrahús til meðferðar í níu mánuði.

„Þegar pabbi lét mig vita hvað mamma var veik var mín eina hugsun hvort ég mætti þá eiga bílinn hennar. Mamma lá á sjúkrahúsi í í sirka níu mánuði. Ég heimsótti hana held ég ekki nema tvisvar og þá í bæði skiptin að kröfu föður míns gegn því að fá lánaðan bílinn hennar. Ég man að ég sat og horfði á hana og fannst óþægilegt að vera þar og finna ekkert gagnvart henni. Samt sat ég í tuttugu mínútur sem tóku á, því af einhverjum ástæðum fannst mér það vera viðurkennd lengd heimsóknartíma."



Baldvin Jónsson starfar sem sölustjóri á Fréttatímanum. Hann segist hafa prófað allt sem bauðst í fíkniefnum en aðallega neytt áfengis, amfetamíns og kannabisefna. „Fyrstu árin voru tryllingsleg skemmtun sem hentaði vel mínum yfirspennta karakter en síðustu tvö árin runnu saman í einn og sama ómerkilega og slæma daginn."

MYND/DANÍEL

> Ég hafði litið á meðferðina sem hvíldarinnlögn, eins og svo margir aðrir, en á fimmtu viku innlagnar helltist yfir mig samviskubit vegna mömmu. Þá skynjaði ég að eitthvað stórkostlega mikið væri að mér að vera svona kaldur og frosinn vegna konunnar sem ól mig í þennan heim og hafði alla tíð elskað mig og annast.

Þegar rann loks af Baldvini urðu veikindi móður hans vendipunktur í áfengis- og fíkniefnameðferð SÁÁ.

„Ég hafði litið á meðferðina sem hvíldarinnlögn, eins og svo margir aðrir, en á fimmtu viku innlagnar helltist yfir mig samviskubit vegna mömmu. Þá skynjaði ég að eitthvað stórkostlega mikið væri að mér að vera svona kaldur og frosinn vegna konunnar sem ól mig í þennan heim og hafði alla tíð elskað mig og annast. Margir vildu tengja það við neyslu á amfetamíni en ég kenni kannabisefnum um. Engin efni höfðu jafn víðtæk neikvæð áhrif á mig. Þau slökkva hratt á öllum áhuga og hjá krökkum sem reykja kannabis má sjá hraðar og miklar félagslegar breytingar."

### Fyrirgefningin mikilvæg

Baldvin var nítján ára þegar rann af honum víman.

„Samviskubitið, sem ég fann fyrir í fyrsta skipti árum saman, varð til þess að ég ákvað að verða edrú og gefa lífinu séns. Ég fór á 12 spora fundi og varð skotinn í stelpu í meðferðinni. Þótt ekki sé mælt með ástarsamböndum á milli einstaklinga í meðferð hafði samband okkar mikil áhrif á að ég drykki ekki, sérstaklega fyrstu mánuðina," segir Baldvin um sambandið sem stóð slitrótt í fjögur ár.

Allar götur síðan hefur Baldvin hvorki drukkið né neytt eiturlyfja.

„Ég varð strax virkur í félagsstarfi SÁÁ og sleit öll samskipti við dópfélaga frá árunum á undan. Ég kynntist nýju fólki í nýju umhverfi og uppgötvaði að það var hellings gaman að vera til allsgáður."

Móðir Baldvins lifði í tólf góð ár eftir að hann kom úr meðferð og æskuvinirnir sem deildu með honum krypplingnum völdu báðir rétta veginn þótt annar hefði fylgt Baldvini í óreglu um tíma.

„Sá vinur hafði mikil áhrif á að ég var sendur í meðferð. Hann óttaðist um líf mitt og greindi fjölskyldu minni í einlægni frá ástandi mínu. Hann reyndist mér vinur í raun þótt ég hafi verið brjálaður út í hann þegar þetta gerðist."

Baldvin er þakklátur fyrir tímann sem hann fékk með móður sinni eftir að hann varð edrú og tækifæri til að bæta fyrir hegðun sína.

„Við sem höfum verið í neyslu eigum svo marga skugga. Því hefur mikið að segja að geta bætt fyrir fortíðina og biðjast fyrirgefningar í gegnum 12 spora leiðina. Við verðum að gera upp fortíðina og bæta fyrir brot okkar því við viljum geta gengið um sem frjálsir einstaklingar."

Í dag eru 24 ár liðin síðan Baldvin varð edrú.

„Ég á gott líf, er hamingjusamlega giftur, tveggja barna faðir og hef ríka þörf til að taka þátt í samfélaginu og bera ábyrgð. Ég fer með 12 spora fundi á stofnanir og reyni af mætti að hafa góð áhrif því ég veit að skuld mín verður aldrei að fullu greidd."



Sami hópur fyrir framan við nýbygginguna en hann tók fyrstu skóflustunguna fyrir rétt rúmu hálfu ári. Byggingin er eingöngu fjármögnuð með frjálsum framlögum og verður tekin í notkun nú í maí. MYND/PJETUR

# SÁÁ lætur verkin tala

**Fyrsta skóflustungan að nýrri viðbyggingu við sjúkrahúsið Vog var tekin í október á síðasta ári. Nýja byggingin mun nútímavæða alla þjónustu að sögn formanns SÁÁ en byggingin er eingöngu fjármögnuð með gjafa- og söfnunarfé. Rífandi gangur er í framkvæmdinni.**

„Verkið gengur glimrandi vel. Við reiknum með að taka húsið í notkun 11. maí næstkomandi en fyrsta skóflustungan var tekin í október í fyrra. SÁÁ lætur sannarlega verkin tala," segir Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ.

Nýbyggingin er rúmlega 400 fermetrar að stærð og í henni verða sex sjúkrastofur. Arnþór segir bygginguna mikla viðbót við þjónustuna. Það hafi mikið að segja að geta boðið upp á einstaklingsstofur.

„Það getur verið snúið þegar tveir til fjórir sjúklingar deila stofu, sérstaklega ef sjúklingar eru mjög veikir. Þarna verður sem sagt sérstök álma fyrir þá sem leggjast mikið veikir inn á spítalann og þurfa mikla aðhlynningu," segir Arnþór.

„Með nýrri byggingu erum við einnig að nútímavæða vaktina hjá okkur. Við bætum aðstöðu og aðbúnað sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga en hér er auðvitað vakt allan sólarhringinn. Einnig verður sérútbúin aðstaða til sýnatöku, sem ekki var áður. Við fáum einnig lyfjageymslu með flokkun og afgreiðslu samkvæmt nútímastöðlum. Við höfum alla tíð verið fagleg í öllu sem við gerum en viljum stöðugt vera að bæta okkur," segir Arnþór.

Fjármögnun nýbyggingarinnar byggist eingöngu á frjálsum framlögum. Það hefur þó ekki staðið framkvæmdinni fyrir þrifum nema síður sé.

> **Við söfnum fyrir öllu sem við gerum og njótum mikils stuðnings bæði fyrirtækja og einstaklinga. Þetta er, að ég held, eina uppbyggingin sem er í gangi í heilbrigðiskerfinu í dag og hún er í boði SÁÁ og fólksins í landinu!**

„Við erum einfaldlega í skýjunum með þetta en allar áætlanir hafa staðist," segir Arnþór. „Við byggðum upphaflega spítalann líka fyrir söfnunarfé árið 1983 sem og meðferðarheimilið Vík á Kjalarnesi. Bættum svo við aðstöðu fyrir unglinga á Vogi og byggðum einnig göngudeild og skrifstofur niðri í Efstaleiti. Við söfnum fyrir öllu sem við gerum og njótum mikils stuðnings bæði fyrirtækja og einstaklinga. Þetta er, að ég held, eina uppbyggingin sem er í gangi í heilbrigðiskerfinu í dag og hún er í boði SÁÁ og fólksins í landinu!"



Fyrsta skóflustungan var tekin af hjúkrunarfræðingum á vakt, með sérútbúinni skóflu í október síðastliðnum. MYND/SÁÁ

Vertu með í símasöfnun SÁÁ til styrktar sjúkrahúsinu Vogi.

**Áfram Vogur – Hringdu núna í síma:**

**903-1001** (1.000 króna stuðningur) | **903-1003** (3.000 króna stuðningur) | **903-1005** (5.000 króna stuðningur)

# Ekki skilja við mig, mamma mín

**Frá sextán ára aldri réði Bakkus ríkjum í lífi Önnu Jónu Ármannsdóttur og rændi hana barnungum syni. Anna Jóna hefur nú verið edrú í 32 ár og þakkar SÁÁ fyrir að endurheimta líf sitt og soninn.**

„Ekkert edrúafmæli hefur verið jafn stórt og sex mánaða afmælið, þegar ég fékk barnungan son minn aftur. Vonin um að fá litla drenginn til mín varð öllu yfirsterkari. Ég óttaðist að deyja ef ég fengi hann ekki til mín því ég hafði áður gefið hann frá mér og vissi að ég gæti ekki lifað án hans.“

Þetta segir Anna Jóna Ármannsdóttir sem drakk fyrsta vínsopann sextán ára, eftir að hafa beðið í óþreyju eftir að verða nógu gömul til þess að geta byrjað að drekka áfengi.

Nýorðin sautján ára eignaðist Anna Jóna son sinn og hafði sterkar skoðanir á því hvernig mamma hún vildi verða.

„Á sama tíma var ég ung, hress og skemmtanaglöð og fjarlægðist skjótt gildin sem ég vildi í heiðri hafa. Hegðun mín og karakter tóku stakkaskiptum í drykkjunni og þegar lífið kallaði á mig hafði Bakkus ávallt yfirhöndina. Ég vildi losna undan ábyrgð móðurhlutverksins og komst að þeirri niðurstöðu að best væri að ég léti drenginn frá mér. Ég átti líka kærasta á þessum tíma en var ekki heil í því sambandi heldur, því Bakkus hafði forgang.“

Anna Jóna gaf drenginn sinn þegar hann tæpra fjögurra ára. Þá vildi hún hefja nýtt líf í Danmörku, þar sem bjórinn fékkst.

„Mér er minnisstæð togstreitan við Bakkus kvöldið sem ég setti strákinn minn frá mér. Þá var í fyrsta sinn orðað við mig að allt væri það neyslunni að kenna. Snáðinn minn litli hlustaði á, hélt fast í mig og sagði grátandi: „Gerðu það, mamma. Hættu að drekka. Ekki skilja við mig, mamma mín.“ Ég hafði áður sagt honum að ég vildi skilja við kærastann því ég elskaði hann ekki lengur og barnið tók því sem svo að ég væri líka að skilja við sig og því hætt að elska það.“

Önnu Jónu setur hljóða en heldur svo áfram: „Orð barnsins krömdu hjarta mitt og það þyrmdi yfir mig hvað þetta var rétt hjá honum en svo tók við tilhugsunin um bjórinn og hún hafði vinninginn.“

## Kvöl, myrkur og eftirsjá

Í tæpt ár lifði Anna Jóna á götum Kaupmannahafnar, eða allt þar til foreldrar hennar komu út og vildu að hún kæmi heim.

„Mér leið aldrei vel í áfengisvímunni og þegar rann af mér á kvöldin kom myrkrið, kvölin, eftirsjáin og sektarkenndin. Þá var betra að drekka meira til að deyfa sársaukann. Ég taldi mér trú um að drengurinn hefði það betra hjá foreldrum sem brygðust honum ekki eins og ég hafði alltaf gert, því neyslan hafði forgang í lífi mínu og eyðilagði allt fyrir mér.“

Í Kaupmannahöfn fékk Anna Jóna heimsókn frá systur sinni.

„Systir mín var hreinskilin við mig og sagði mig vera alkóhólista. Hvað ég hataði hana fyrir það. En sannleikurinn fer inn í hjartað og vinnur sitt verk. Ég leitaði upplýsinga um aðstoð við alkóhólista en í AA-samtökunum voru eingöngu gamlir karlar og mér fannst ég ekki eiga athvarf þar.“

Anna Jóna viðurkenndi fyrir foreldrum sínum að hún væri alkóhólisti og þarfnaðist hjálpar.

„Mamma og pabbi voru tilbúin að gera allt til að koma mér á réttan kjöl, finna mér íbúð og vinnu og styðja mig í að fá barnið aftur. Sjálf vildi ég allt til þess gera og þráði barnið. Ég gat ekki sætt mig við að verða róni en tapaði jafnharðan fyrir Bakkusi.“

Komin aftur heim til Vestmannaeyja hafði Anna Jóna heiðarlegan vilja til að snúa baki við Bakkusi en strax fyrsta kvöldið drakk hún í laumi.

„Ég hafði sex mánuði til að sýna fram á að ég gæti staðið mig og eftir hálft ár fékk ég strákinn til mín um helgar. Ég var orðin rólegri og hætt að elta partíin en drakk áfram í laumi og átti í ört vaxandi baráttu. Ég vissi ekki á kvöldin hvort ég myndi vakna edrú eða full. Hefði einhver bankað upp á með vínflösku var stríðið við Bakkus tapað.“

## Drengurinn tekinn

Þegar Anna Jóna kom heim til Íslands árið 1980 var búið að stofna SÁÁ. Áður höfðu engin úrræði verið til staðar fyrir fólk sem vildi hætta að drekka.

„Á vertíð til Eyja komu nokkrir sem farið höfðu í meðferð en fallið aftur. Þeir sögðu mér frá ungu fólki sem hafði hætt að drekka í meðferðum SÁÁ og það gaf mér von. Ég var svo gjörsamlega vanmáttug en þráði að losna út.“

Barnaverndarnefnd og lögregla höfðu tíð afskipti af Önnu Jónu í móðurhlutverkinu. Hún átti til að týnast dögum saman, þrátt fyrir að hafa rétt ætlað að skreppa í bíó.

„Þegar drengurinn minn varð sjö ára var ákveðið að taka hann af mér. Þá ákváðu foreldrar mínir og systir að standa með Barnaverndarnefnd. Þau töldu sig hafa gert allt í sínu valdi og gefið mér öll tækifæri sem hægt var til að verða edrú. Því þyrfti að bjarga drengnum frá mér. Ég vældi út enn einn fund hjá Barnaverndarnefnd til að útskýra hvernig ég ætlaði að takast á við vandamál sonarins. Strákurinn var þá hættur að mæta í skólann en fór í staðinn niður í bæ að brjóta rúður,“ segir Anna Jóna, sem þá var of skert til að skilja orsökina.

„Ég gat ómögulega skilið að hegðun hans væri afleiðing af drykkjunni minni og hugsaði bara: „Greyið ég. Ofan á allt á ég líka vandræðabarn“.“

## Bænheyrð á ögurstundu

Mikilvægasti fundur Önnu Jónu hjá Barnaverndarnefnd átti að hefjast klukkan tvö.

„Hálftvö bankar á dyrnar kunningi með vínflösku og spyr hvort hann megi fá sér í glas. Ég útskýrði af allri minni skynsemi að fundurinn væri mitt síðasta tækifæri og því mætti ég alls, alls ekki drekka. Það ætti að taka barnið mitt af mér. Það skildi maðurinn vel og lagði til að hann biði mín heima hjá mér og ég fengi mér í glas eftir fundinn.“

Við tillögu mannsins brustu allar varnir Önnu Jónu.

„Ég óttaðist að hann yrði búinn með flöskuna þegar ég kæmi til baka og hellti með hraði í glas. Síðan flýtti ég mér að drekka áður en ég skipti um skoðun og drakk grátandi í tíu daga. Ég gat ekki horfst í augu við tilveruna né látið renna af mér og vitaskuld fór ég ekki á fundinn hjá Barnaverndarnefnd.“

Að tíu daga fylleríi liðnu fór Anna Jóna á fund foreldra sinna. Þar var sonur hennar staddur.



Anna Jóna Ármannsdóttir var ómenntuð þegar hún kom úr meðferð og fékk vinnu hjá Álverinu í Straumsvík. Þar hefur hún unnið í tuttugu ár og varð fyrsta konan til að verða verkstjóri í kerskála. MYND/DANÍEL

> Ég óttaðist að hann yrði búinn með flöskuna þegar ég kæmi til baka og hellti með hraði í glas. Síðan flýtti ég mér að drekka áður en ég skipti um skoðun og drakk grátandi í tíu daga. Ég gat ekki horfst í augu við tilveruna né látið renna af mér og vitaskuld fór ég ekki á fundinn hjá Barnaverndarnefnd.

„Foreldrar mínir vildu alltaf allt fyrir mig gera en nú bara grétu þau í uppgjöf. Ég skynjaði að þau ættu ekki fleiri lausnir og þeirra uppgjöf gerði mína uppgjöf ofsalega. Ég bað um að fá drenginn minn heim en hann þorði ekki með mér því hann vissi að Barnaverndarnefnd kæmi og sækti sig. Ég hafði kennt honum að Barnaverndarnefnd væri óvinur. Ég kenndi drengnum mínum ranga afstöðu til lífsins og breytti sjálf rangt. Ég gat ekki skilið að eini óvinur minn væri Bakkus.“

Heim frá foreldrum sínum kom Anna Jóna niðurbrotin.

„Í sálu minni varð algjört brot. Ég öskraði eftir hjálp upp í himininn og lít á það sem gjöf og bænheyrn að ég fylltist fullvissu um að ég fengi hjálp og myndi hætta að drekka fyrir fullt og allt.“

Anna Jóna hélt áfram að drekka þar til hún komst í meðferð hjá SÁÁ á Silungapolli og Staðarfelli.

„Eftir meðferðina samdi ég um annað tækifæri til að fá son minn, ef ég gæti verið edrú í hálft ár. Heimaey er lítill bær þar sem allir þekkja alla og auðvitað hafði enginn trú á mér, hvorki Barnaverndarnefnd, lögreglan né mamma sem varð mér reið fyrir að gefa drengnum innihaldslausar grillur um enn eina skyndilausnina.“

## Móðurástin sigraði að lokum

Anna Jóna fékk son sinn heim eftir að hafa lokið áfengismeðferð. Þau hafa verið samferða síðan og sonurinn að verða fertugur.

„Drengurinn var átta ára þegar ég fékk hann aftur heim. Mér var sama þótt lífið yrði hundleiðinlegt án víns; ég bara varð að fá hann aftur. Áfengið hafði verið sterkara en móðurástin en hún var stöðugt að verki og sigraði að lokum.“

Anna Jóna segist ekki hafa átt neina von fyrr en SÁÁ hóf meðferðir sínar.

„Allt í lífinu á ég SÁÁ að þakka. Laus við áfengið flutti ég til Hafnarfjarðar þar sem enginn þekkti mig sem rónann í Vestmannaeyjum. Ég var bara móðir með barn og samfélagið gerði heilbrigðar kröfur um að ég sinnti uppeldi þess. Í Eyjum hafði alltaf verið talað við foreldra mína eða systur þegar eitthvað kom upp á í skólanum. Ábyrgð á barninu var því hinn þátturinn sem hjálpaði mér að verða heil á ný.“

Um þessar mundir eru liðin 32 ár síðan Anna Jóna lauk meðferð hjá SÁÁ.

„Mig langar aldrei í áfengi og hefur ekki langað síðan í meðferðinni. Bakkus rændi mig öllu; því að ég gæti hugsað um barnið mitt og komið vel fram við foreldra mína. Þá er gott að geta beðist fyrirgefningar, vera fyrirgefið og viðurkenna hver maður er. Það tók langan tíma að ávinna traust barnsins míns á ný. Það var orðið svo sjálfala og erfitt fyrir drenginn að eignast allt í einu foreldri sem hugsaði um hann. Lengi lifði hann í ótta um að einhver byði mér vín og ég félli fyrir Bakkusi og tók alls þrjú ár að meðtaka að ég væri endanlega hætt að drekka og myndi ekki svíkja hann aftur.“



„Fólk spekúleraði mikið í álfinum, sérstaklega hvað leyndist í hattinum. Við fengum margar sögur af því hvernig fólk nýtti fræin, en þeim var sáð bæði í potta og úti í náttúrunni. Þannig má segja að við höfum verið að rækta bæði mannssálir og landið með sölu á álfinum,“ segir Theódór. MYND/VILHELM

# Ræktuðu bæði land og mannssálir

**Theódór Halldórsson var framkvæmdastjóri SÁÁ þegar fyrsti álfurinn leit dagsins ljós á vormánuðum 1990. Hann hefur sjálfur brugðið sér í hlutverk álfsins og segir álfasöluna hafa margvíslega þýðingu fyrir starfsemi SÁÁ.**

„Fyrsti álfurinn var með sérstökum hatti en í honum voru bæði birki- og lúpínufræ. Álfurinn var síðan seldur undir kjörorðinu: „Kaupið álf og sáið sjálf“,“ segir Theódór, sem gegndi stöðu framkvæmdastjóra SÁÁ á árunum 1990 til 2003. „Hugmyndin að álfinum kom frá Grétari heitnum Bergmann en hann var mikill SÁÁ-maður sem starfaði fyrir samtökin á þessum tíma. Ætlunin var að safna fé með merkjasölu og Grétari datt í hug að gaman væri að vera með skemmtilega fígúru á borð við álfinn,“ lýsir Theódór. Ákveðið var að fara í samstarf við Landgræðsluna og þaðan kom hugmyndin að því að setja fræ í hatt álfsins. Tengingin við Landgræðsluna er ekki augljós en Theódór taldi samstarfið að öllum líkindum hafa komið til vegna þess að Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri var og er enn mikill stuðningsmaður SÁÁ.

## Land og sál

Theódór segir álfinn hafa vakið verðskuldaða athygli. „Fólk spekúleraði mikið í álfinum, sérstaklega hvað leyndist í hattinum. Við fengum margar sögur af því hvernig fólk nýtti fræin, en þeim var sáð bæði í potta og úti í náttúrunni. Þannig má segja að við höfum verið að rækta bæði mannssálir og landið með sölu á álfinum,“ segir Theódór glettinn.

Álfurinn var keyptur frá Hollandi og nokkurt havarí sem fylgdi því. „Við þurftum að senda fræin út til Hollands og þar vann her manna að því að setja fræin í hattana,“ lýsir Theódór en þetta var í eina sinn sem slíkur glaðningur leyndist í álfinum.

„Síðan þetta var hafa 24 álfar til viðbótar litið dagsins ljós og hver og einn ólíkur þeim næsta,“ segir Theódór. Hann segir útlit álfsins stundum hafa miðast við visst þema. „En annars er þetta bara léttur, brosmildur álfur sem á að koma öllum í gott skap sem horfast í augu við hann,“ segir hann hlæjandi.

## Álfahátíðir og dansleikir

Almenningur tók sölufólki álfsins vel strax frá fyrsta degi enda þótti málefnið verðugt. „Ég held að fyrsta árið hafi selst í kringum tuttugu þúsund álfar,“ segir Theódór en ýmislegt var gert til að kynna álfinn fyrir landanum. „Það var farin gróðursetningarferð upp á Nesjavelli þar sem gróðursett voru tré og dreift birkifræjum,“ segir hann en í gegnum tíðina hefur margt verið brallað til að halda merkjum álfsins á lofti. „Til dæmis voru settir upp tónleikar, haldnar álfahátíðir og dansleikir. Þá var til álfabúningur í mannsstærð og ég lenti oft í því sjálfur að þurfa að skella mér í búninginn og óskuðu eftir að styðja SÁÁ með því að hjálpa til við söluna en álfasalan byggðist á sjálfboðaliðastarfi,“ segir Theódór.

## Mikilvægir sjálfboðaliðar

Framar vonum gekk að byggja upp sölukerfi álfsins um land allt. „Margir aðilar komu fram og óskuðu eftir að styðja SÁÁ með því að hjálpa til við söluna en álfasalan byggðist á sjálfboðaliðastarfi,“ segir Theódór.

Sumir lögðu mikið á sig í álfasölunni. „Sauðburður stendur oft hátt þegar álfasalan fer fram. Ég man eftir því fyrsta árið að Eyjólfur Ragnar Eyjólfsson heitinn í Húnavatnssýslu greip á það ráð að aka heim á alla bæi í sýslunni að selja álfinn þar sem bændur komust ekki frá sjálfir,“ segir Theódór og bendir á að álfasalan sé fastur liður í lífi afar margra sjálfboðaliða á hverju vori.

## Álfasala 1990-2013

Seldur fjöldi og ágóði á verðlagi janúar 2014




Álfurinn stendur undir fjölmörgum þáttum í þjónustu SÁÁ. Hann borgar meðal annars fyrir sálfræðiþjónustu og allar rannsóknir á borð við HIV-skimun og lifrarbólguskimun sem sprautufíklar eru settir í við komuna á SÁÁ.

## Hjálpar til við uppbyggingu

Mikilvægi álfasölunnar er mikið fyrir SÁÁ. „Hún hefur gildi á tvennan hátt: annars vegar að vekja athygli á starfsemi SÁÁ, fyrir hvað hún stendur og fyrir hverja hún er. Hins vegar er álfasalan fjárhagslega mikilvæg en peningarnir úr söfnuninni hafa runnið til uppbyggingar SÁÁ. Til dæmis til að koma upp sértækri meðferð fyrir einstaka hópa, til að efla aðstöðu, byggja upp húsnæði og kaupa tæki og tól,“ segir Theódór, sem hefur ekki sagt skilið við SÁÁ, enda er hann enn í framkvæmdastjórn samtakanna og formaður bygginganefndar þeirra.

„Nú stýri ég til dæmis viðbyggingu við sjúkrahúsið Vog sem mun klárast 11. maí, sömu helgi og álfasalan fer fram,“ lýsir hann en allur kostnaður við bygginguna er greiddur með sjálfsaflafé samtakanna. „Það verður sannarlega gleðihátíð þegar viðbyggingunni lýkur en hún mun koma í afar góðar þarfir.,“ segir hann og hvetur fólk til að taka vel á móti álfasölufólki á næstunni.



# SÁÁ-Álfurinn í 25 ár

**SÁÁ-álfurinn stendur á tímamótum og er 25 ára í ár. Hin árlega álfasala hefst í dag og vonast menn til að salan gangi vel á afmælisári enda verðug verkefni fram undan. Hilmar Kristensson hefur safnað álfunum frá upphafi.**



- Fyrsti SÁÁ-álfurinn leit dagsins ljós árið 1990. Þeir voru reyndar tveir; karl með fjöður í grænum hatti og kona með sams konar hatt á skíðum.
- Í hatti karlsins voru bæði birki- og lúpínufræ og var hann seldur undir kjörorðinu „Kaupið álf og sáið sjálf“.
- Grétar Bergmann heitinn átti hugmyndina að álfinum. Hann var mikill SÁÁ-maður og starfaði fyrir samtökin á upphafsárum.
- Fyrsta árið var ákveðið að fara í samstarf við Landgræðsluna og þaðan kom hugmyndin að því að hafa fræ í hatti álfsins. Samstarfið kom líklega til af því að Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri var og er enn mikill stuðningsmaður SÁÁ.



- Fræin voru gróðursett víða en þetta var í fyrsta og eina skipti sem álfinum fylgdu fræ.
- Álfarnir eru nú orðnir 25 og er hver um sig einstakur. Stundum taka þeir mið af ákveðnu þema en aðallega er um að ræða léttan og brosmildan álf sem á að koma þeim sem horfast í augu við hann í gott skap.
- Álfurinn í ár minnir á hirðfífl með doppótta dúskahúfu. Starfsfólk SÁÁ valdi úr um það bil tuttugu tillögum og kaus svo á milli fimm gerða. Dúskaálfurinn hlaut flest atkvæði.
- Markmið álfasölunnar er tvíþætt. Henni er annars vegar ætlað að vekja athygli á starfsemi SÁÁ og hins vegar að vera fjáröflun en ágóðinn rennur til uppbyggingar SÁÁ. Ágóði sölunnar hefur meðal annars verið notaður til að bæta aðstöðu, byggja upp húsnæði og kaupa tæki og tól.



- Hin árlega álfasala hefst í dag og stendur til 11. maí. Einstaklingar og félagasamtök selja álfinn um allt land og eru góð sölulaun í boði. Algengt er að íþróttafélög og skólar taki að sér að selja álfinn og safna í leiðinni fyrir skólaeða íþróttaferðalögum. Þeir sem kaupa álfinn eru því að styrkja fleira en eitt málefni.
- Álfurinn kostar 2.000 krónur. Sölulaunin eru 400 krónur eða tuttugu prósent. Í ár hafa fjölmörg íþróttafélög tekið að sér að selja álfinn. Má þar nefna Hauka, FH, Breiðablik, Fram, Gróttu, KR, Ármann, Val, Aftureldingu, Stjörnuna, Leikni og Fjölni. Þá eru fjölmargir skólar með, en alls hafa 1.200 sölumenn boðið fram krafta sína.



- Álfurinn verður fáanlegur um allt land. Bæði verður gengið í hús og selt fyrir utan verslanir og aðra fjölfarna staði.
- Sölufólki hefur í gegnum tíðina verið mjög vel tekið. Í upphafi seldust rúmlega tuttugu þúsund álfar en í fyrra voru þeir hátt í þrjátíu þúsund. Nú á 25 ára afmæli álfsins vonast menn til að gera enn betur enda verðug verkefni fram undan. Álfurinn er fyrir unga fólkið og rennur ágóðinn af sölu hans í þjónustu fyrir ungt fólk og fjölskyldur þess, sem ekki er fjármögnuð af hinu opinbera.



Fyrsta árið voru álfarnir tveir. Karl sem var með fræ í hatti og kona á skíðum.

Hilmar Kristensson hefur umsjón með álfasölunni en 1.200 sölumenn um allt land hafa boðið fram krafta sína í ár. Hér er hann með fyrsta álfinn sem leit dagsins ljós árið 1990. Í hatti hans voru bæði birki- og lúpínufræ. Hilmar hefur unnið fyrir SÁÁ um margra ára skeið og á alla álfana. MYND/GVA



„Maður vaknaði til lífsins og varð þátttakandi í því á ný," segir Jóhann Ásmundsson, bassaleikari Mezzoforte. MYND/PJETUR

# Krafturinn og gleðin komu aftur

**Á yfirborðinu virtist Jóhanni Ásmundssyni, bassaleikara Mezzoforte, ganga allt í haginn. Hljómsveitin ferðaðist um allan heim og hélt tónleika við góðar undirtektir. Á sama tíma ágerðist drykkja hans sem endaði með því að hann fór í meðferð árið 1991.**

Hljómsveitin Mezzoforte náði miklum vinsældum víða um heim árið 1983 með laginu Garden Party. Í kjölfarið urðu miklar breytingar í lífi hljómsveitarmeðlima sem fluttu til Englands. Næstu árin einkenndust af tónleikaferðum víða um heim og á þessu tímabili ágerðist drykkja Jóhanns Ásmundssonar, bassaleikara hljómsveitarinnar. Hann fór í meðferð árið 1991, þá þrítugur að aldri, en segist hafa verið dagdrykkjumaður nokkur ár fyrir þann tíma. „Ég byrjaði að fikta við áfengi um þrettán ára aldurinn. Árin fyrir 1991 einkenndust af dagdrykkju og svo var komið að nokkrir kollegar mínir komu að máli við mig og bentu mér á þennan möguleika; að fara í meðferð."

Alkóhólisminn er að sögn Jóhanns gríðarlega erfiður sjúkdómur sem hefur áhrif á alla þætti í lífi fólks og aðstandendur þeirra. „Á þessum árum ferðuðumst við mikið um heiminn og vorum á stöðugum tónleikaferðum. Þetta var auðvitað starf okkar á þessum tíma og það var orðið mjög erfitt að standa í þessu, að vera drekkandi daglega og stunda stífa spilamennsku á endalausum tónleikaferðalögum. Ég var stöðugt að reyna að gera það sem mér bar að gera með hljómsveitinni og standa mína plikt en maður var ekki alltaf að standa sig vel."

## Hafði fordóma

Jóhann fór inn á Vog árið 1991 og við tók tíu daga meðferð. Eftir að henni lauk tók við önnur fjögurra vikna eftirmeðferð í Hveragerði en þar hafði SÁÁ aðstöðu áður en Vík tók til starfa. „Þetta voru gríðarleg viðbrigði fyrir mig á þessum tíma. Ég þekkti sjálfur sjúkdóminn ekki neitt og hafði raunar bara fordóma gagnvart honum."

Hann segir meðferðina þó hafa gengið vel, þrátt fyrir allt. „Auðvitað var ég í þannig ástandi þegar ég kom inn að þetta reyndist mér ekki auðvelt í upphafi. Mér leið ekki vel í fyrstu en fékk þó góða ráðgjöf og aðhlynningu frá ráðgjöfum og starfsfólki. Upphaflega ætlaði ég að klára þessa tíu daga og halda svo bara áfram með líf mitt og drekka á þann hátt sem ég óskaði mér. En ég lærði fljótt að það var ekki raunhæfur möguleiki og þáði því í staðinn ráð hjá þessu góða fólki."

Eftir að meðferðinni lauk og Jóhann hóf nýtt líf án áfengis þurfti hann eins og aðrir í hans sporum að takast á við nýjar og krefjandi áskoranir. „Mér gekk eðlilega betur að takast á við lífið eftir meðferðina. Ég tók þó ekki þá ráðgjöf sem mér var gefin; að forðast tónlistarbransann. Þar er maður oft að spila um helgar og seint á kvöldin. Ég ákvað nú samt að gera það enda er spilamennskan starf mitt. Það var auðvitað mikil áskorun en það hjálpaði mikið til að ég átt góða félaga í hljómsveitinni sem hjálpuðu mér. Sjálfsagt hefði ég aldrei getað þetta án þeirra hjálpar. Ég gekk líka í 12 spora samtökin eftir ráðleggingar ráðgjafa SÁÁ."

## Aldrei liðið betur

Miklar breytingar urðu á lífi Jóhanns að eigin sögn. „Meðferðin breytti öllu fyrir mig. Maður vaknaði til lífsins og varð þátttakandi í því á ný. Krafturinn kom aftur og gleðin jókst á ný. Svo þegar maður þroskaðist smátt og smátt eftir því sem tíminn leið náði ég meira andlegu jafnvægi. Þá fóru líka hlutir, sem áður virtust vera óyfirstíganlegar, að vera auðveldari í framkvæmd."

Jóhann hefur nú lifað án áfengis í tæp 23 ár og hefur aldrei liðið betur. „Það tók náttúrulega tíma að byggja upp traust hjá fjölskyldu og vinum og annað sem maður hafði brotið niður á þessum tíma sem maður var í óreglu. Þær breytingar komu þó smátt og smátt. Það að vera laus við áfengi breytir lífinu óendanlega mikið og lífið batnar með hverju árinu sem líður."

**„Meðferðin breytti öllu fyrir mig. Maður vaknaði til lífsins og varð þátttakandi í því á ný. Krafturinn kom aftur og gleðin jókst á ný. Svo þegar maður þroskaðist smátt og smátt eftir því sem tíminn leið náði ég meira andlegu jafnvægi. Þá fóru líka hlutir, sem áður virtust vera óyfirstíganlegar, að vera auðveldari í framkvæmd.**

## Af hverju kaupir þú álfinn?



**GUÐMUNDUR PÁLSSON**
„Af því að með því styrki ég starf sem getur bjargað mannslífum.“



**LOGI BERGMANN**
„Ég held að íslenskt samfélag án SÁÁ sé ekki heillandi tilhugsun.“



**JÓN JÓNSSON**
„Því það er gott að geta hjálpað þeim sem hafa ákveðið að hjálpa sér …“



**SAGA GARÐARSDÓTTIR**
„Ég kaupi álfinn því það er bannað og ómannúðlegt að versla með dverga.“

# Ólýsanleg tilfinning að vinna leik

**Félagsstarf SÁÁ skipar stóran sess í lífi margra sem tengdir eru samtökunum. Knattspyrnufélag SÁÁ hefur starfað samfleytt síðan í febrúar á síðasta ári en saga þess er mun lengri. „Knattspyrna hefur verið ríkjandi íþrótt innan SÁÁ í gegnum tíðina,“ segir Davíð Kristján Guðmundsson, þjálfari og leikmaður Knattspyrnufélags SÁÁ. Fótboltinn hefur hjálpað mörgum við að halda sér edrú.**

„Ég heyrði einhvern tímann sögu af því að lið samtakanna fyrir mörgum árum hefði verið samsett af eintómum goðsögnum. Knattspyrnufélagið var endurvakið árið 2007 og starfaði til 2011 en þá vorum við með stóran hóp af strákum sem fylgdust að. Ég þurfti sjálfur að fara aftur í gegnum SÁÁ-kerfið fyrir tæpum tveimur áður og þá saknaði ég fótboltans. Ég fór því til Rúnars Freys Gíslasonar, samskiptafulltrúa SÁÁ, og spurði hvort það væri ekki vilji til að keyra fótboltann í gang aftur. Hann var til í það og nú er þéttur hópur af strákum að tengjast í gegnum boltann.“

### Samstíga í edrúmennskunni

Davíð segir einhver óútskýrð tengsl vera á milli einstaklinga sem glíma við sameiginlegt vandamál hvort sem það er áfengi, matarfíkn eða meðvirkni. Þegar þeir deila vandamálinu með öðrum komi upp væntumþykja og þakklæti og einhver tilfinning sem erfitt sé að setja orð á. Hann langar til að halda knattspyrnunni í SÁÁ gangandi því hún hafi hjálpað honum sjálfum mikið. „Mér fannst það mjög gott að vita af því að ég kæmist á æfingu á ákveðnum tíma í hverri viku. Að hitta hópinn, ræða málin, fá útrás og vera samstíga í edrúmennskunni. Þetta er ekkert endilega bundið við fótbolta, það má gera þetta líka með körfubolta og hverju sem áhugi er fyrir. SÁÁ stendur þétt við bakið á fólki og vill hafa gott utanumhald. Þetta er fjölskyldusjúkdómur og það getur verið jafn einangrandi að vera aðstandandi. Þeir eru því velkomnir á æfingar til okkar sem og aðrir sem tengjast sjúkdómnum.“

### Ólíkir en samt eins og bræður

Knattspyrnufélag SÁÁ tekur þátt í utandeildinni en auk þess fara strákarnir stundum saman á fundi og hittast utan fótboltans. „Flest liðin í utandeildinni eru samsett af vinahópum. Það verður hins vegar til skemmtileg dýnamík þegar ólíkir aðilar koma saman sem hafa það eitt sameiginlegt að hafa glímt við áfengis- og/eða vímuefnafíkn. Að vinna leik með þessum strákum er ólýsanleg tilfinning. Það er svo mikill sigur fyrir okkur. Við erum eins og bræður, við höfum sama markmið og erum að reyna að bjarga lífi okkar og koma okkur út úr eldgömlu hegðunarmynstri. Að vera á vellinum með þessum „snillingavitleysingum“ er alveg æðislegt,“ segir Davíð og hlær.

Allir geta komið á æfingar hjá Knattspyrnufélagi SÁÁ óháð kyni og aldri. „Aldursbilið hjá okkur núna er breitt, yngstu strákarnir eru um það bil sextán ára gamlir og svo eru menn hér allt upp í rúmlega fertugt. Formið á mönnum er misjafnt, sumir eru í dúndurformi en aðrir í arfaslöku. Það er gaman að fylgjast með þeim sem koma í lélegu formi og sjá þá svo blómstra eftir smá tíma.“ Konur eru líka velkomnar á æfingar en ekkert kvennalið keppir á vegum félagsins.



Knattspyrnufélag SÁÁ var endurvakið árið 2007. Þá starfaði liðið í nokkur ár og hópurinn var sterkur.



Davíð Kristján Guðmundsson, þjálfari og leikmaður Knattspyrnufélags SÁÁ, spáir hér í spilin á æfingu ásamt liðsmönnum sínum.



Knattspyrnufélag SÁÁ vann utandeildina árið 1994.

> **Mér fannst það mjög gott að vita af því að ég kæmist á æfingu á ákveðnum tíma í hverri viku. Að hitta hópinn, ræða málin, fá útrás og vera samstíga í edrúmennskunni.**

### Langar að vera fyrirmynd

Davíð er spilandi þjálfari SÁÁ-liðsins en auk þess er hann stjórnarformaður utandeildarinnar. „Þegar við mætum í leiki erum við yfirleitt litla liðið og það er ákveðin yfirlýsing fólgin í því að spila undir nafni SÁÁ. Ég var nú búinn að lofa sjálfum mér að fara ekki í stjórn þegar ég var beðinn um það. Ég hafði nóg á minni könnu en þegar á hólminn var komið fann ég að mig langaði að vera fyrirmynd fyrir aðra sem farið hafa þessa leið. Mér fannst því borðleggjandi að vera virkur í starfi utandeildarinnar. Þegar fólk er að vinna í því að fá bata frá alkóhólisma þá þarf það að vinna með fólki. Það er gott að fá að batna saman og þess vegna ætlum við í Knattspyrnufélagi SÁÁ að selja álfinn saman. Okkur langar til að gefa til baka með því að selja álfinn og vera fyrirmynd í því verkefni.“

# Vonum að skilaboðin lifi

**Á árinu 2013 kom umboðsmaður barna, í samstarfi við SÁÁ, á fót sérfræðihópi barna sem eiga foreldra sem glíma við áfengis- og vímuefnavanda. Markmiðið var að ná fram sjónarmiðum þessara barna og fá þau til að miðla af reynslu sinni.**

„Mig hafði lengi langað að búa til sérfræðihóp barna sem byggi yfir einhverri sameiginlegri reynslu," segir Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna. „Við höfðum samband við SÁÁ sem hafði uppi á strákum og stelpum á aldrinum 14 til 18 ára," lýsir Margrét en hópurinn hittist reglulega frá október í fyrra og fram á vorið.

Margrét segir ofneyslu áfengis- og vímuefna mikið vandamál sem snerti líf margra barna. „Áætlað er að það séu yfir 20.000 börn á Íslandi sem alast upp við alkóhólisma. Oft ríkir mikil þöggun um neyslu innan veggja heimilisins og eru börn alkóhólista því falinn hópur. Þessi börn upplifa gjarnan mikla skömm og halda að þau ein búi við slíkt vandamál," segir Margrét. Markmiðið með sérfræðihópnum var að heyra frá krökkunum sjálfum hvernig það er að eiga foreldri sem á við áfengis- og vímuefnavandamál að stríða, hvers konar aðstoð hafi reynst þeim vel og hvaða þjónustu þurfi helst að bæta.

### Sálfræðiþjónusta brýn

Krakkarnir fimm í sérfræðihópnum áttu það sameiginlegt að hafa allir fengið þjónustu sálfræðinga hjá SÁÁ. „Ítrekað kom upp í samræðum þeirra hve sálfræðiþjónustan hefði gefið þeim mikið," segir Margrét en einnig töldu þeir afar nauðsynlegt fyrir börn alkóhólista að geta talað við einhvern sem þau treysta. „Sérfræðihópurinn taldi brýnt að þau börn sem ekki hafi slíkan stuðning í nærumhverfinu hafi aðgang að fagfólki á borð við skólasálfræðing," segir Margrét og hafi krakkarnir bent á að auka þyrfti framboð og aðgang að slíku fagfólki. Umboðsmaður barna hefur bent á það að börn ættu að geta sótt sér þjónustu sálfræðinga sjálf og að eigin frumkvæði. Samþykki foreldra ætti því ekki að vera skilyrði fyrir því að sálfræðingur megi ræða við börn. Þetta er í samræmi við almennar athugasemdir Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um 12. gr. Barnasáttmálans.

### Fræðsla skiptir sköpum

Öll voru börnin sammála um að sú sálfræðiaðstoð og ráðgjöf sem þau fengu frá SÁÁ hefði hjálpað þeim og breytt miklu fyrir þau. „Fræðslan skipti þar miklu máli og fannst þeim erfitt að hugsa til þess hvernig það hefði verið ef hún hefði ekki komið til," segir Margrét en í kjölfar fræðslunnar hafi þau áttað sig á því að mun fleiri glími við alkóhólisma en þau héldu. „Þau töldu að þörfin fyrir frekari fræðslu til alkóhólista og aðstandenda þeirra væri bráðnauðsynleg. Til dæmis töldu þau að vel gerður bæklingur sem höfðar til breiðs aldurshóps gæti skilað miklu því þannig gæti skapast vitneskja um hvar megi leita eftir hjálp."

### Skilaboð til fagmanna og foreldra

Margrét segir vinnuna með sérfræðihópnum hafa verið mjög lærdómsríka og skemmtilegt að sjá þá stefnu sem krakkarnir tóku. „Í vinnu þeirra mynduðust skilaboð annars vegar til foreldra og hins vegar til fagfólks um hvað það er að búa við alkóhólisma," segir Margrét en ætlunin er að senda þessi skilaboð í alla skóla og á heilsugæslustöðvar. „Við vonum að þessi skilaboð muni lifa og nýtast því fagfólki sem starfar með börnum, fjölskyldum þeirra barna sem búa við alkóhólisma sem og öðrum í samfélaginu."

### Hittu ráðherra

Sérfræðihópurinn taldi mikilvægt að skilaboðum hans yrði komið á framfæri við ráðamenn. Einn lokapunktur í starfi sérfræðihópsins var að halda fund með tveimur ráðherrum, þeim Eygló Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra, og Kristjáni Þór Júlíussyni heilbrigðisráðherra í apríl. Þar afhentu börnin ráðherrunum skilaboðin. „Ráðherrarnir voru afar ánægðir með framtakið," segir Margrét og vonar að það verði til að vekja athygli þeirra á vandanum sem steðjar að börnum alkóhólista og hvað megi gera til að hjálpa þeim gegnum erfiða reynslu.



Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, telur að tilraunaverkefnið með sérfræðihóp barna hafi tekist afar vel. MYND/PJETUR

**HUGMYNDIR UMBOÐSMANNS BARNA AÐ ÚRBÓTUM**

Auka fræðslu um áfengis- og vímuefnavanda til barna og fullorðinna, til dæmis í skólum. Slík fræðsla má ekki einungis miða við neyslu ungmenna heldur þarf hún einnig að ná til þess hvað sé hægt að gera ef einhver nákominn á við vandamál að stríða.

Hafa upplýsingar um áfengis- og vímuefnavanda og þá aðstoð sem er í boði aðgengilegar fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

Hvetja fjölskyldur og fagfólk til þess að ræða við börn sem búa við alkóhólisma og veita þeim upplýsingar um vandann, í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Efla þjónustu og aðstoð við börn alkóhólista, til dæmis á vegum SÁÁ.

Sjá til þess að þjónusta og aðstoð við börn alkóhólista sé til staðar úti um allt land, þannig að börnum sé ekki mismunað eftir búsetu.

Tryggja að nægileg meðferðarúrræði séu tiltæk fyrir þá sem glíma við áfengis- og vímuefnavanda, þannig að þeir geti fengið aðstoð án tafar.

Tryggja stuðning við börn alkóhólista á meðan foreldrar eru í meðferð.

# Ánægja meðal barna og foreldra

Öll börnin í sérfræðihópi umboðsmanns barna höfðu sótt þjónustu sálfræðinga hjá SÁÁ. „Umboðsmaður barna sóttist eftir samstarfi við SÁÁ í þessu verkefni og við sáum um að finna börnin í hópinn," segir Ása Margrét Sigurjónsdóttir, sálfræðingur hjá SÁÁ.

Vel gekk að fá krakka í hópinn, sem fundaði sjö sinnum á nokkurra mánaða tímabili. „Ég sat alla fundi þeirra en það þótti betra að hafa sálfræðing viðstaddan þar sem málefnið er viðkvæmt og upp gátu komið erfið umræðuefni," segir Ása en börnin höfðu kost á fundum með sálfræðingi meðan á vinnunni stóð og einnig í kjölfar hennar.

„Ekki var þörf á því enda reyndust fundirnir mjög uppbyggjandi fyrir krakkana sem fundu fyrir miklum stuðningi frá jafningjum sínum sem voru í svipuðum sporum," lýsir Ása. Hún segir frábært hve ánægðir bæði krakkarnir og foreldrar þeirra voru með framtakið.

Niðurstaðan af vinnu sérfræðihópsins er afar jákvæð að mati Ásu. „Skilaboðin sem krakkarnir sömdu til fagaðila og fjölskyldu virka mjög sterkt og vonandi munu þau nýtast öðrum krökkum sem eru í svipaðri stöðu."




Ása Margrét Sigurjónsdóttir er sálfræðingur hjá SÁÁ og sat alla fundi sérfræðihóps barna. MYND/DANÍEL

**SKILABOÐ FRÁ BÖRNUM ALKÓHÓLISTA TIL FJÖLSKYLDU**

Við erum börn, ekki setja ábyrgðina á okkur.

Ekki vera í afneitun, það gerir engum gott.

Ekki fela ástandið, talið um það.

Hátíðir og frí valda oft kvíða.

Við finnum fyrir óöryggi þegar fólk í kringum okkur drekkur áfengi eða notar önnur fíkniefni.

Það hjálpar okkur ekki að talað sé illa um foreldri okkar.

Við viljum ekki lenda á milli foreldra.

Það er gott að alkóhólistinn fari í meðferð en það er erfitt að takast á við langa fjarveru foreldris.

Þegar við viljum tala um vandann er nauðsynlegt að hlusta og sýna skilning.

Við viljum eiga öruggan samastað.

**SKILABOÐ FRÁ BÖRNUM ALKÓHÓLISTA TIL FAGFÓLKS**

Við erum ekki vandamálið en við glímum við það.

Góð fræðsla getur minnkað fordóma gagnvart alkóhólisma.

Við búum við alls konar aðstæður.

Við teljum að jafningjafræðsla og reynslusögur virki vel á börn í forvarnaskyni.

Verið vakandi fyrir þeim vanda sem getur fylgt því að vera barn alkóhólista.

Alkóhólisma fylgja oft alvarlegar geðraskanir.

Þegar alkóhólistinn vill leita sér hjálpar þarf sú hjálp að vera til staðar núna.

Við þurfum aðstoð til að styrkja sjálfsmynd okkar.

Allir eiga rétt á því að fá þjónustu óháð því hvar þeir búa.

Alkóhólismi er meira vandamál en fólk heldur, samt er lítið talað um hann.

# Gott að finna að maður er ekki einn

**Ungmennin sem skipuðu sérfræðihóp barna telja að fólk mætti vera upplýstara um alkóhólisma og það sem honum fylgir. Þau hafa sent út skilaboð til fagfólks og fjölskyldu sem verða aðgengileg í skólum og á heilsugæslustöðvum.**

„Ég tel mig heppna að hafa fengið að taka þátt í þessu verkefni," segir stúlka úr sérfræðihóp barna. „Það var gott að hitta aðra í svipuðum sporum og finna að maður er ekki einn. Vonandi verður vinnan til góðs fyrir fleiri en það þurfa allir að vera upplýstari um þessi mál, bæði almenningur og ráðamenn. Það eykur skilning og minnkar fordóma."

Sérfræðihópur barna sem eiga foreldra sem glíma við áfengis- og vímuefnavanda var settur á fót síðastliðið haust og skilaði niðurstöðum sínum fyrir páska. Fimm ungmenni á aldrinum 14 til 18 ára sem höfðu sótt ráðgjafarþjónustu hjá SÁÁ mynduðu hópinn og hittust þau sjö sinnum frá október í fyrra og fram á vor. Útkoman var skilaboð frá börnum alkóhólista til fagfólks og fjölskyldu sem þau kynntu fyrir Eygló Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra, og Kristjáni Þór Júlíussyni, ráðherra heilbrigðismála, fyrir páska. Skilaboðin munu framvegis verða aðgengileg á heilsugæslustöðvum, í skólum og víðar.

Ungmennin hittust hjá umboðsmanni barna með ráðgjafa frá SÁÁ. Ólíkar aðferðir voru notaðar til að skapa umræðu og ná fram aðalatriðum sem síðar urðu að umræddum skilaboðum.

„Ráðherrarnir tóku okkur mjög vel og sýndu okkur mikinn skilning," segir drengur úr hópnum.

Markmið vinnunnar var að ná fram sjónarmiðum barna og vekja athygli á stöðu þeirra. Meðal skilaboða þeirra til ráðamanna var að þau telja góða fræðslu geta minnkað fordóma, eins að jafningjafræðsla og reynslusögur virki vel á börn í forvarnarskyni. Þá lögðu þau áherslu á að allir ættu rétt á sömu þjónustu, óháð búsetu svo dæmi séu nefnd.

Ungmennin í hópnum höfðu öll sótt ráðgjafarþjónustu SÁÁ og voru þau sem blaðamaður ræddi við afar ánægð með þá þjónustu. „Þar fengum við upplýsingar um sjúkdóminn og ýmsar útskýringar sem hjálpa til við að skilja. Eins var okkur hjálpað að takast á við erfiðar tilfinningar."

Bæði börnin sem rætt var við sögðu alkóhólisma foreldris hafa haft mikil áhrif á þau. Þau lögðu áherslu á mikilvægi þess að eiga öruggan samastað og að fá stuðning hjá öðrum fjölskyldumeðlimum og vinum.



Ungmennunum var vel tekið af ráðherrunum Kristjáni Þór Júlíussyni og Eygló Harðardóttur. „Þau sýndu okkur mikinn skilning," segir drengur úr hópnum. NORDICPHOTOS/GETTY

> Gott að opna umræðuna við sína nánustu.

> Pabbi er bara edrú þegar hann er að vinna.

> Stundum skilja vinir ekki alveg.

> Góð þjónusta en langir biðlistar.

> Erfiðara að eiga móður sem er alkóhólisti en pabba.

> Ég er elstur og þarf að passa upp á litla bróður minn.

> Börn fá oft ekki að vita af þeirri þjónustu sem er í boði.

> Ég veit aldrei hvernig andrúmsloftið er þegar ég kem heim.

# Hægt að rjúfa vítahringinn

**SÁÁ hefur veitt börnum alkóhólista sálfræðiþjónustu í fjölda ára. Starfsemin er rekin fyrir sjálfsaflafé en leitað hefur verið eftir stuðningi frá hinu opinbera.**

„Alkóhólismi er fjölskyldusjúkdómur sem hefur mikil og neikvæð áhrif á börnin okkar sem þurfa að alast upp í návígi við sjúkdóminn og stundum við hreint óbærilegar aðstæður," segir Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ.

SÁÁ leggur sitt af mörkum til að aðstoða börn alkóhólista með því að bjóða upp á sálfræðiþjónustu fyrir þau. „Þetta höfum við gert fyrir eigin reikning ár eftir ár," lýsir Arnþór.

Hugurinn og viljinn til að gera vel er mikill og fyrir aðeins einu ári sinntu þrír sálfræðingar þessari þjónustu. Vegna fjárskorts hefur þurft að fækka þeim niður í einn. „Við þessa fækkun hefur biðlisti lengst verulega en mikil eftirspurn er eftir þessari þjónustu," segir Arnþór.

## Engin svör frá ráðherra

„Við teljum að ríkið hafi lagaskyldu til að veita börnum þessa þjónustu en því miður hefur hið opinbera ekki komið að rekstri hennar," segir Arnþór, sem telur að ekki þurfi að kosta miklu til viðbótar svo hægt sé að sinna þjónustunni vel. Hann hefur ítrekað sent erindi til velferðar- og félagsmálaráðuneytisins, sem hefur þessa lagaskyldu, en engin svör fengið.

## Fjölskyldulægur sjúkdómur

Sálfræðiþjónusta SÁÁ við börn hefur þróast og vaxið í gegnum árin en sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að sjúkdómurinn liggur í fjölskyldum. „SÁÁ og Íslensk erfðagreining fengu á sínum tíma háan styrk frá Evrópusambandinu til að rannsaka fjölskyldulægni sjúkdómsins. Við lásum saman gagnagrunna okkar og Íslendingabók og þá blasti þessi niðurstaða við."

## Rangar leiðir farnar

Arnþór segir hið opinbera oft bregðast rangt við vandanum. „Með vissu árabili, eins og til að friða samvisku stjórnmálamanna, er peningum dælt í skammtímaverkefni, oft í nafni forvarna. Því miður skila þær herferðir oftast litlum árangri. Það situr yfirleitt lítið eftir þegar peningarnir klárast og átakið er búið," segir Arnþór sem telur að lítið samráð sé haft við fagaðila þegar kemur að forvörnum. „Við þurfum að hjálpa þessum börnum að rjúfa fjölskylduvítahringinn. Það er áþreifanleg og varanleg forvörn."

## Þarf að rjúfa vítahringinn

„Börn sem alast upp á heimili þar sem er mikil neysla áfengis- og vímuefna finna strax fyrir ótta og öryggisleysi og sektarkennd. Þessar tilfinningar og viðhorf fara þau með inn í lífið sitt og eru berskjölduð og fyrir fram illa stödd í samfélagi þar sem vímuefnaneysla er almenn og viðurkennd eins og hjá okkur. Við þurfum að hjálpa þessum börnum svo þau eigi sömu möguleika og hinir," segir Arnþór.



Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ, segir að með fækkun sálfræðinga SÁÁ hafi biðlisti barna lengst til muna. Til að standa vel að verkefninu þurfi hið opinbera að koma að því. MYND/DANÍEL

# Glöð og frjáls einn dag í einu

**Barnæska Gunnýjar Gunnlaugsdóttur einkenndist af ástundun íþrótta og stórum draumum. Um unglingsaldurinn fór að síga á ógæfuhliðina og sautján ára gömul fór hún í sína fyrstu meðferð. Í dag stundar hún háskólanám, þjálfar fótbolta og horfir björtum augum til framtíðarinnar.**

Það var fátt sem benti til þess að Gunný Gunnlaugsdóttir myndi ánetjast áfengi og eiturlyfjum þegar hún ólst upp í Vestmannaeyjum. Hún var að eigin sögn ákaflega þægilegt og duglegt barn sem stundaði íþróttir og átti sér stóra drauma og háleit markmið fyrir lífið. „Það var gott að alast upp í Vestmannaeyjum. Ég var næstyngst í fjögurra systkina hópi og æfði fótbolta og dans með góðum árangri. Ég fyrirleit áfengi og tók mjög ung þá ákvörðun að neyta aldrei áfengis.“

Þær fyrirætlanir breyttust þegar hún komst á unglingsaldurinn og árið 1999, þá nýorðin fimmtán ára gömul, byrjaði hún að neyta áfengis. „Ég byrjaði strax að drekka mjög stíft og var komin í þetta helgarmynstur þar sem helgin fór fljótlega að lengjast. Ég drakk mig yfirleitt til óminnis og gat með engu móti haft stjórn á gjörðum mínum.“ Tveimur mánuðum síðar hún farin að reykja kannabis til þess að reyna að minnka drykkjuna. Þegar hún var á lokaári í grunnskóla hafði hún náð að draga úr drykkjunni og henni tókst að klára grunnskólann að mestu áfallalaust.

## Illa á sig komin

„Eftir grunnskóla varð hins vegar mikil breyting á lífi mínu. Eins og flestir jafnaldrar mínir skráði ég mig í menntaskóla en mánuði síðar kom verkfall og ég mætti ekkert aftur. Á þessum tímapunkti hafði ég sagt skilið við áfengið en var farin að neyta eiturlyfja daglega.“

Gunný var ekki nema sautján ára gömul þegar hún fór í fyrstu meðferðina en árið á undan einkenndist af mikilli eiturlyfjaneyslu. „Á þeim tíma trúði ég að allt yrði betra eftir meðferðina. Ég gerði mér hins vegar enga grein fyrir eðli sjúkdómsins og var ekki tilbúin að gera neitt til þess að breyta hlutunum. Þegar þarna var komið við sögu var ég orðin frekar illa á mig komin, vannærð, svefnlaus og persónubreytingin orðin mikil. Sjálf var ég stöðugt önug og uppstökk og fannst öll tilmæli fjölskyldunnar hljóma sem stjórnsemi og fannst hún gera fullmikið úr vandræðum mínum.“



„Það að breytast og breyta viðhorfum sínum krefst mikillar vinnu og oft tók þetta mjög á andlega,“ segir Gunný Gunnlaugsdóttir. MYND/STEFÁN

Þegar Gunný var 22 ára gömul tók hún þá ákvörðun að reyna að koma lífi sínu í lag eina ferðina enn. Hún flutti til föður síns sem bjó í Grindavík. „Þá taldi ég mér trú um að ég gæti lært að drekka eins og siðuð kona. Það má segja að það hafi verið upphafið að endinum. Lífið fór að vera ansi óþægilegt því það er ekkert verra fyrir alkóhólista en að vera þurr og án lausnar. Þetta ævintýri mitt tók sex mánuði þangað til ég náði algjörri uppgjöf.“ Gunný fór þrisvar sinnum inn á Vog og einu sinni kláraði hún fulla meðferð hjá SÁÁ. „Ég varð síðan edrú þegar ég var 23 ára. Ég fór reyndar ekki í meðferð í það skiptið heldur notaði ég þær lausnir og úrræði sem ég hafði kynnst í fyrri meðferðum. Síðan vissi ég hvert ætti að leita til að ná langvarandi bata frá alkóhólisma.“

## Erfitt andlega

Fyrstu mánuðirnir án áfengis og eiturlyfja voru mjög misjafnir að sögn Gunnýjar. „Ég þurfti að læra að lifa lífinu algjörlega upp á nýtt og það edrú. Það að breytast og breyta viðhorfum sínum krefst mikillar vinnu og oft tók þetta mjög á andlega. Samskiptin byrjuðu þó fljótlega að lagast til hins betra. Ég sá til dæmis aldrei hvað foreldrar mínir voru alltaf tilbúnir til að vaða eld og brennistein til þess eins að hjálpa mér og er ég ótrúlega lánsöm að eiga svona yndislega fjölskyldu.“

Í dag stundar Gunný nám í íþróttafræði við Háskólann í Reykjavík auk þess að þjálfa yngri flokka kvenna í knattspyrnu hjá Stjörnunni. „Ég klára annað árið mitt í vor og eftir útskrift stefni ég á mastersnám í íþróttasálfræði. Hvað framtíðin ber í skauti sér er ekki gott að segja en ég plana yfirleitt ekki lengra en ár fram í tímann. Næst á dagskrá hjá mér er að fara í gott og langt jólafrí í desember þar sem ég ætla að heimsækja vinkonu mína til Los Angeles. Þar fyrir utan vonast ég til að halda áfram að vera edrú og lifa hamingjusöm, glöð og frjáls einn dag í einu.“

### Vissir þú?

- Að hægt er að hringja og panta sértæka sálfræðiþjónustu fyrir börn alkóhólista hjá SÁÁ, Efstaleiti 7, í síma 530-7600.
- Að sagan um að alltaf sé sama fólkið á Vogi er goðsögn. Um 24 þúsund einstaklingar hafa lagst inn á Vog.
- Að 20 prósent fólks drekka 88 prósent alls áfengismagnsins. Þetta eru áfengis- og vímuefnasjúklingar og annað ofdrykkjufólk.

**Sölufólk óskast!**

Hin árlega álfasala SÁÁ fer fram dagana 7 - 11. maí.
SÁÁ auglýsir eftir sölufólki.
Góð sölulaun eru í boði fyrir bæði einstaklinga og félagasamtök.
Áhugasamir hafið samband við Hilmar í síma 824-7646 eða senda póst á hilmar@saa.is eða thorkell@saa.is



# Álfurinn bjargar mannslífum

Rúnar Freyr Gíslason, samskiptafulltrúi SÁÁ, segir meðferð margborga sig og njóta jafnt einstaklingar, fjölskyldur og samfélag góðs af henni.

„Manneskja sem fer í meðferð hefur oft verið baggi á þjóðfélaginu og tekið sinn toll af félagslega kerfinu, heilbrigðiskerfinu og löggæslukerfinu – að ekki sé nú talað um vinnutapið sem hlýst af sjúkdómnum. Þegar þessi manneskja snýr aftur heil og byrjar að gefa til samfélagsins snýst dæmið við. Rökin fyrir meðferð eru því ekki bara mannúðleg. Þetta er ekki bara mjúkt mál heldur snýst um beinharða peninga. Í augum flestra er þetta bara einfalt reikningsdæmi,“ segir Rúnar Freyr.

Hann segir að því miður vanti töluvert upp á að yfirvöld styðji nægilega vel við bakið á samtökunum. „Því hefur SÁÁ alltaf treyst á að fólkið í landinu geri sér grein fyrir mikilvægi starfseminnar. Sem betur fer erum við heppin og njótum mikils velvilja. Fólk um allt land fylkist að baki okkur, kaupir álfinn og sýnir þannig stuðning sinn í verki.“

Sjúkdómurinn snertir líka marga. „Það vita allir að alkóhólismi er ekki bara bundinn við sjúklinginn sjálfan. Hann hefur ótrúlega víða anga og fara börn og fjölskyldur sjúklinga ekki varhluta af honum. Það er hins vegar alveg magnað að sjá hvernig heilu fjölskyldurnar reisast við þegar rétt og vel er tekið á málum,“ segir Rúnar.

Álfasalan er stærsta og mikilvægasta fjáröflun SÁÁ. „Við treystum algerlega á þetta og ég hvet alla sem vettlingi geta valdið til að taka sölufólki okkar vel og kaupa álfinn, því álfurinn bjargar mannslífum.“



Rúnar segir meðferð margborga sig. „Manneskja sem fer í meðferð hefur oft verið baggi á þjóðfélaginu. Þegar þessi manneskja snýr aftur heil snýst dæmið við.“

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Reykjavík

| | |
|---|---|
| ASK Arkitektar ehf | Geirsgötu 9 |
| 7.is ehf | Urriðakvísl 15 |
| Arkitektar Laugavegi 164 ehf | Laugavegi 164, 2 hæð |
| Árbæjarapótek ehf | Hraunbæ 115 |
| Bandalag starfsm ríkis og bæja | Grettisgötu 89 |
| Danica sjávarafurðir ehf | Suðurgötu 10 |
| DGJ Málningarþjónusta ehf | Krummahólum 2 |
| Efling stéttarfélag | Sætúni 1 |
| Eignaumsjón hf | Suðurlandsbraut 30 |
| F.Í.B | Borgartúni 33 |
| Faxaflóahafnir sf | Tryggvagata 17 |
| Ferill ehf,verkfræðistofa | Mörkinni 1 |
| Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga | Suðurlandsbraut 22 |
| Fróðhús | Stórhöfða 15 |
| Fylgifiskar ehf | Suðurlandsbraut 10 |
| Herrafataverslun Birgis ehf | Fákafeni 11 |
| Húsalagnir ehf | Gylfaflöt 20 |
| Hússtjórnarskóli Reykjavíkur | Sólvallagötu 12 |
| Höfðakaffi ehf | Vagnhöfða 11 |
| Iceland Seafood ehf | Köllunarklettsvegi 2 |
| Íslensk endurskoðun ehf | Bogahlíð 4 |
| Íslenska Gámafélagið ehf | Gufunesi |
| Kirkjugarðar Reykjavíkur | Vesturhlíð 8 |
| Landsnet hf | Gylfaflöt 9 |
| Landssamband lögreglumanna | Grettisgötu 89 |
| Loftstokkahreinsun ehf | Garðhúsum 6 |
| Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu | Hverfisgötu 115 |
| Matthías ehf | Vesturfold 40 |
| Nýi ökuskólinn ehf | Klettagörðum 11 |
| Ósal ehf | Tangarhöfða 4 |
| Rafstjórn ehf | Stangarhyl 1a |
| Rafsvið sf | Þorláksgeisla 100 |
| Rarik ohf | Dvergshöfði 2 |
| Réttingaverk ehf | Hamarshöfða 10 |
| Samhjálp | Stangarhyl 3a |
| Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja,SSF | Nethylur 2 e |
| Sportbarinn | Álfheimar 74 |
| Sprettur - þróun og stjórnun ehf | Laugavegi 26, 3. hæð |
| Spöng ehf | Bæjarflöt 15 |
| Suzuki-bílar hf | Skeifunni 17 |
| Tanngo ehf | Vegmúla 2 |
| Tannvernd ehf | Vinlandsleið 16 |
| TBLSHOP Ísland ehf | Kringlunni 4-12 |
| Tölvar ehf | Síðumúli 1 |
| Vernd,fangahjálp | Laugateigi 19 |
| Verslunartækni ehf,Reykjavík | Draghálsi 4 |
| Yndisauki ehf | Vatnagörðum 6 |
| Þrír Grænir Ostar ehf | Skólavörðustíg 8 |

## Kópavogur

| | |
|---|---|
| ALARK arkitektar ehf | Dalvegi 18 |
| Alur blikksmiðja ehf | Smiðjuvegi 58 |
| Á Guðmundsson ehf | Bæjarlind 8-10 |
| Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf | Akralind 9 |
| Blikksmiðjan Vík ehf | Skemmuvegi 42 |
| Guðjón Gíslason ehf | Ennishvarf 15b |
| Iðnvélar ehf | Smiðjuvegi 44 |
| Litlaprent ehf | Skemmuvegi 4 |
| Rafbreidd ehf | Akralind 6 |
| Vaki fiskeldiskerfi hf | Akralind 4 |

## Garðabær

| | |
|---|---|
| Garðabær | Garðatorgi 7 |
| Samhentir - kassagerð ehf | Suðurhrauni 4 |

## Hafnarfjörður

| | |
|---|---|
| Ferskfiskur ehf | Bæjarhrauni 8 |
| Fjörukráin ehf - Hótel Víking | Strandgata 55 |
| Hagtak hf | Fjarðargötu 13-15 |
| Hvalur hf | Reykjavíkurvegi 48 |
| Múr og menn ehf | Heiðvangi 10 |
| Spennubreytar | Trönuhraun 5 |
| Verkalýðsfélagið Hlíf | Reykjavíkurvegi 64 |

## Álftanes

| | |
|---|---|
| Eldvarnarþjónustan ehf | Sjávargötu 13 |

## Reykjanesbær

| | |
|---|---|
| Reykjanesbær | Tjarnargötu 12 |
| Verslunarmannafélag Suðurnesja | Vatnsnesvegi 14 |
| Suðurflug ehf | Bygging 787, Keflavíkurflugv. |
| Sparri ehf | Fitjabraut 30 |

## Grindavík

| | |
|---|---|
| Einhamar Seafood ehf | Verbraut 3a |
| Marver ehf | Stafholti |
| Vísir hf | Hafnargötu 16 |

## Mosfellsbær

| | |
|---|---|
| Laxnes ehf | Laxnesi |
| Nonni litli ehf | Þverholt 8 |
| Sæbúð ehf | Furubyggð 21 |

## Borgarnes

| | |
|---|---|
| Vatnsverk-Guðjón og Árni ehf | Egilsgötu 17 |
| Söðulsholt ehf | Söðulsholti |

## Reykholt Borgarfirði

| | |
|---|---|
| Garðyrkjustöðin Varmalandi | Reykholtsdal |

## Stykkishólmur

| | |
|---|---|
| Bókhaldsstofan Stykkishólmi ehf | Aðalgötu 20 |
| Stykkishólmsbær | Hafnargötu 3 |

## Hellissandur

| | |
|---|---|
| Breiðavík ehf | Háarifi 53 Rifi |

## Búðardalur

| | |
|---|---|
| Dalabyggð | Miðbraut 11 |

## Reykhólahreppur

| | |
|---|---|
| Guðjón Gunnarsson | Hellisbraut 18 |

## Ísafjörður

| | |
|---|---|
| Ráðgjafa- og nuddsetrið ehf | Sindragötu 7 |

## Bolungarvík

| | |
|---|---|
| Bolungarvíkurkaupstaður | Aðalstræti 12 |

## Tálknafjörður

| | |
|---|---|
| Gistiheimilið Bjarmalandi ehf | Bugatúni 8 |

## Þingeyri

| | |
|---|---|
| Sveitasæla ehf | Núpi |

## Norðurfjörður

| | |
|---|---|
| Hótel Djúpavík ehf | Djúpuvík |

## Hvammstangi

| | |
|---|---|
| Steypustöðin Hvammstanga ehf | Melavegi 2 |
| Villi Valli ehf | Bakkatúni 2 |

## Sauðárkrókur

| | |
|---|---|
| Kaupfélag Skagfirðinga | Ártorgi 1 |

## Siglufjörður

| | |
|---|---|
| Fjallabyggð | Gránugötu 24 |

## Akureyri

| | |
|---|---|
| Pípulagnaþj. Bjarna Fannberg Jónasson ehf | Melateigi 31 |
| Samvirkni ehf | Hafnarstræti 97 |
| Sólskógar ehf bt: Katrín Ásgrímsdóttir | Kjarnaskógi |
| Tannlæknastofa Árna Páls Halldórssonar | við Mýrarveg |
| Viðskiptahúsið ehf | Pósthólf 73 |

## Olafsfjörður

| | |
|---|---|
| Sjómannafélag Ólafsfjarðar | Brekkugata 9 |

## Egilsstaðir

| | |
|---|---|
| Bókráð,bókhald og ráðgjöf ehf | Miðvangi 2-4 |
| Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf | Einhleypingi 1 |

## Eskifjörður

| | |
|---|---|
| Fjarðaþrif ehf | Strandgötu 46 |

## Neskaupstaður

| | |
|---|---|
| Síldarvinnslan hf | Hafnarbraut 6 |

## Höfn í Hornafirði

| | |
|---|---|
| Jökulsárlón ehf | Reynivöllum 3 |

## Selfoss

| | |
|---|---|
| Pylsuvagninn Selfossi | Berghólum 15 |
| Flóahreppur | Þingborg |

## Hveragerði

| | |
|---|---|
| Eldhestar ehf | Völlum |

## Þorlákshöfn

| | |
|---|---|
| Fiskmark ehf | Hafnarskeiði 21 |

## Hvolsvöllur

| | |
|---|---|
| Bu.is ehf | Stórólfsvelli |
| Eldstó ehf | Austurvegi 2 |
| Héraðsbókasafn Rangæinga | Vallarbraut 16 |

## Vík

| | |
|---|---|
| B.V.T. ehf | Ránarbraut 1 |

## Kirkjubæjarklaustur

| | |
|---|---|
| Ferðaþjónustan Efri-Vík ehf | Efri-Vík |

## Vestmannaeyjar

| | |
|---|---|
| Frár ehf | Hásteinsvegi 49 |
| Bessi ehf | Box 7 |
| Langa ehf | Eiðisvegi 5 |
| Rannsóknarþj Vestmannaeyjum ehf | Strandvegi 50 |
| Tvisturinn ehf | Faxastíg 36 |

AFL Starfsgreinafélag – Til góðra verka
www.akureyri.is Akureyri – Öll lífsins gæði
ASÍ – Alþýðusamband Íslands
Vínbúðin
Café Bleu
Eimskip – Yfir hafið og heim
Íslandsbanki
ISNIC
Íslandsspil
Jarðböðin við Mývatn
KFC – WWW.KFC.IS
L&S Verktakar Akureyri
Landsvirkjun
112 – Einn einn tveir
Nýherji
nýja kaffibrennslan
Samskip
Verksýn
Öryrkjabandalag Íslands
Sérverk ehf
wise – snjallar lausnir


ÁLFASALA SÁÁ
HEFST Í DAG
Álfasalan er stærsta og mikilvægasta fjáröflun SÁÁ. Í ár eru 25 ár síðan álfasalan hófst.
Á hverju ári hefur þjóðin sýnt hug sinn í verki og styrkt þá sem eiga við áfengis- og vímuefnavandamál að stríða og vilja öðlast nýtt og betra líf.
Við hvetjum alla landsmenn til að taka sökufólki okkar vel.
Kaupum Álfinn!
FYRIR
UNGA
FÓLKIÐ

## 250-499 þús.



**TILBOÐ 380 ÞÚS - VÍSALÁN**
TOYOTA RAV4 árg 96 ek 180 þús, beinskiptur,4X4 ný tímareim, vel með farinn bíll á sett verð 490 þús TILBOÐ 380 ÞÚS möguleiki á 100% visa s.841 8955

## 500-999 þús.



**SPARNEYTINN POLO !**
VW Polo 1.2 árg ,05 ek aðeins 125þús km. ný sk 2015. bsk. bíll í toppstandi og eyðir mjög litlu. Tilboðsverð aðeins 650þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



**VIRKILEGA GOTT EINTAK**
Skoda Octavia 2.0 station 4x4. árg ,02. ek aðeins 154þús km. ný tímareim í 135þús km. skoðaður ,15. bsk. dráttarkrókur. Tilboðsverð 690þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696

## Bílar óskast

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ 800 ÞÚS.STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 800þús. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Jeppar



**ÞESSI EÐALVAGN ER TIL SÖLU.**
Ford Econoline árg. 1999. Ekinn 218.000 km. Framdrif. Breyttur fyrir 35"dekk. 14 farþega. Ný yfirfarinn. Verð 3.500.000 kr. Nánari upplýsingar í s: 8982489 (Ásgeir) og 8587880 (Ágúst).

## Sendibílar




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Tjaldvagnar

Compicamp tjaldvagn til sölu árg. ,93 með fortjaldi. Góð svefnaðstæða fyrir tvo og lítið barn. Tilboð óskast. Uppl. í s. 6995445

## Húsbílar




## Fellihýsi




## Vinnuvélar



Sópur fyrir dráttarvél Árgerð 1993 Verð:420.000.-kr + vsk. Nánar á www.velamidstodin.is S:577-5757/6949999 magnusr@velamidstodin.is

## Bátar



Arvor 215, með 100 hestafla VW dísel aðeins ek. 640 tíma. Er með beinu drifi. Er á góðum vagni sem fylgir með í kaupum, er með Gps og fiskisjá. Uppl. í s. 661 9777 Verð 6millj.

## Bílaþjónusta




Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000




## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.



Continetal Matador Rubber heilsársdekk. Gæðadekk á góðu verði Kaldasel ehf Dalvegur 16 b, 201 Kópavogur s. 5444333 (kaldasel@islandia.is) Dekkjaverkstæði

## Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

**EIGUM VARAHLUTI Í PESSA. KAUPUM BÍLA Í NIÐURRIF.**
Nissan, Ford, Skoda, Subaru, Toyota, Mitsubishi, Opel. Hyundai Accent-Trajet, Dodge Caravan, Peugeot. Kia, Renault, Volvo S40-S70, Mazda 323. Bílar&Partar 421-7979 bilarogpartar.is

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315




**VANTAR ÞIG PÍPARA ?**
Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/tímavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**TOPPPRIF EHF. S. 778 0330**
Ræstingar og þrif fyrir fyrirtæki og húsfélög. Gerum verðtilboð. toppthrif@toppthrif.is

## Garðyrkja







**ÓDÝR GARÐÞJÓNUSTA**
Fáðu verðtilboð í garðklippingar eða garðsláttinn fyrir sumarið. Engi ehf Sími: 615-1605.

## Bókhald

**SKATTFRAMTAL 2014**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 fob@fob.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**REGNBOGALITIR**
Alhliða málningarþjónusta. Frí verkskoðun og tilboð. s.8919890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




## til sölu



## atvinna

**SMIÐIR**
**VERKAMENN**
**MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

**S. 777 2 333**




## Húsaviðhald

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir
- álklæðningar

**Sími 567 6699**
vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

**ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ**
Ertu að framkvæma og vantar þig gáma, vinnuskúra eða salerni? Nánari upplýsingar fást í síma 5775757 eða með því að send tölvupóst á gamur@gamur.is

**FATABREYTINGAR**
**ÁRNI GÆRDBO KLÆÐSKERI**
Allar fatabreytingar og viðgerðir.

Fljót og góð þjónusta.

Opið alla virka daga frá kl. 10-16.

Geymið auglýsinguna.

**Skraddarinn á Horninu, Skúlagata 26**
**Sími 861 4380.**

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**myranaut**
Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

**FERÐAÞJÓNUSTUAÐILAR !**
**Húsgögn og fleira til sölu**
Til sölu rúm (90x200), hillur, skrifborð, skrif-borðsstólar, borðstofu-/eldhúsborð, eldhússtólar,fataskápar, eldvarnar-hurðir, hitakútar og fl.
Allt notað en vel með farið og í mjög góðum gæðum.
**MJÖG GOTT VERÐ**
Nánari upplýsingar gefur Jóhann s. 891-8604, s. 822-7303 Eiríkur og á www.sandfellehf.is



**SKRIFBORÐ EIK**
Til sölu eikarskrifborð stærð 160X60, hefur lítið verið notað. Verð 12.000kr Uppl. í s. 663 3313

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun





**WE-VIBE II, III OG IV**
Bætir kynlífið og konur fá miklu meira út úr samförum með WE-VIBE Vinsælasta unaðstæki í heiminum meðal para mörg ár í röð. Sendum um allt land Millifærsla - greiðslukort - netgíró www.hush.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT




# HEILSA

## Heilsuvörur

Ég náði árangri með Herbalife. Frítt lífsstílsmat. Rannveig 862 5920, rkbald@simnet.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þá, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 600 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 160- 400 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði Funahöfða 17a-19, Reykjavík Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

## Húsnæði óskast

Karlmaður um sextugt óskar eftir tveggja herb. íbúð. Langtímaleiga. Öruggar greiðslur. Uppl. í s. 8660784

3ja eða 4ra herb. Íbúð óskast - langtíma, frá 01júlí, ágúst eða sept. Vinsamlega sendið skilaboð eða hringið í gsm 821-7277

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Óska eftir bílskúr til leigu. 100-200 fm. Uppl. í S. 857 3867.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**STARFSKRAFTUR ÓSKAST Í VEIÐIBÚÐ**
Sumar starf. Þekking á stangveiði, stundvísi, og góð framkoma skilyrði.
**Ferilskrá sendist á zircon@simnet.is**

**BYGGINGAVINNA**
Óskum eftir vönum mótasmiðum, vönum járnamönnum, og nemum á samning. Unnið í uppmælingu.
**Umsóknir sendist á: 111@simnet.is**

**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**
óska eftir að fá múrara í vinnu eða mann vanann húsaviðgerðum.
**Umsóknir sendist til info@husavidgerdir.is**

**STARFSFÓLK ÓSKAST !**
Veitingahús óskar eftir starfsfólki á bar og í afgreiðslu. Helst vönu, aldur 25+. Íslensku kunnátta skilyrði.
**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is merkt „veitingahús"**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
**Heitar kynlífssögur**
905-2002 • 535-9930
**Símadömur • live spjall**
908-6000 • 535-9999

# KIRKJULUNDUR 12-14 - GARÐABÆ
# Sölusýning í dag frá kl. 17-18:30

Glæsilegar 2ja, 3ja og 4ra herbergja
lúxusíbúðir með yfirbyggðum svölum.
Lyfta og sér stæði í bílageymslu.









## Kirkjulundur 12 - sex íbúðir eftir

| ÍBÚÐ | STÆRÐ | HERB | SÖLUVERÐ |
|---|---|---|---|
| 101 | 121,1 fm | 3ja | 41.800.000 |
| 102 | 135,9 fm | 4ra | 46.600.000 |
| 103 | 101,9 fm | 3ja | 35.400.000 |
| 204 | 105,2 fm | 3ja | 38.400.000 |
| 403 | 101,8 fm | 3ja | 42.450.000 |
| 302 | 137,5 fm | 4ra | 55.900.000* |

*Íbúð 0302 er fullbúin með gólfefnum.

## Kirkjulundur 14 - þrjár íbúðir eftir

| ÍBÚÐ | STÆRÐ | HERB | SÖLUVERÐ |
|---|---|---|---|
| 101 | 91,4 | 2ja | 31.450.000 |
| 201 | 102,9 | 3ja | 37.600.000 |
| 301 | 103,3 | 3ja | 40.300.000 |

Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna núna í maí.
Baðherbergi og önnur votrými skilast flísalögð.

Staðsetning eignarinnar er afar góð í miðbæ
Garðabæjar og stutt er í alla þjónustu.

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Byggingaraðili: Kristjánssynir ehf.**

atvinna

# NORA MAGASIN

VIÐ LEITUM AÐ FRAMÚRSKARANDI EINSTAKLINGUM TIL STARFA. NORA MAGASIN ER BAR OG VEITINGASTAÐUR VIÐ AUSTURVÖLL SEM BÝÐUR UPP Á ÆÐISLEGAN MAT, EINSTAKT UMHVERFI OG FRÁBÆRA ÞJÓNUSTU.

OKKUR VANTAR NÚ ÞEGAR:

- REKSTRARSTJÓRA
- ÞJÓNA
- BARÞJÓNA
- KOKKA
- AÐSTOÐ Í ELDHÚSI

**Áhugasamir sendi póst á info@noramagasin.is**

Nora Magasin - Pósthússtræti 9 - 101 Reykjavík

s: 578-2010 - info@noramagasin.is - #noramagasin

tilkynningar

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Auglýsing um skipulag í Hafnarfjarðarkaupstað

### Tillaga að breyttu deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum vegna lóða nr. 30-34 við Herjólfsgötu.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 19. mars 2014 að auglýsa tillögu að breytingunni í samræmi við 41. gr. laga nr. 123/2010. Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 30. apríl að auglýsa breytingartillöguna. Breytingin felst í að lóðirnar Herjólfsgata 30, 32 og 34 eru sameinaðar í eina lóð þar sem gert er ráð fyrir tveimur fjögurra hæða byggingum með 32 íbúðum og bílakjallara.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá skipulags- og byggingarsviði Norðurhellu 2 og í þjónustuveri Garðabæjar á Garðatorgi frá 6. maí til 18. júní 2014. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á forsíðu vefs Hafnarfjarðarbæjar **www.hafnarfjordur.is** og á heimasíðu Garðabæjar **www.gardabaer.is** Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði Hafnarfjarðar.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 18. júní 2014. Þeir sem eigi gera athugasemd við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

***Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar***
***Skipulagsnefnd Garðabæjar***

fasteignir

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

# EIGNAMIÐLUN

Frá 1957 Sala fasteigna í 57 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

## Hæð í vesturborginni óskast

**Traustur kaupandi óskar eftir 120-160fm hæð í vesturborginni. Góðar greiðslur í boði.**

**Nánari upplýsingar veita Sverrir og Brynjar.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Brávallagata 14 - Rvk. Tvær íbúðir.

**EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS FRÁ KL. 17.15-17.45**




Vel skipulögð 4ra herbergja 85,4 fm. íbúð á 2. hæð í fjórbýlishúsi auk sér um 40 fm. 2ja herbergja nýinnréttaðrar íbúðar í risi hússins. Skjólgóðar svalir til suðurs út af barnaherbergi stærri íbúðar. Auðvelt að breyta annarri stofu í herbergi. Nýlegir þakgluggar eru á risíbúð. Barnvænn bakgarður á milli Ljósvallagötu og Ásvallagötu. **Áhvílandi eru 19,0 millj. lán, óverðtryggt með 7,5% vöxtum frá Íslandsbanka. Verð 36,9 millj. Verið velkomin.**

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

tilkynningar

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

### Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

**Flutningsæðar frá Hverahlíð til Hellisheiðarvirkjunar í Sveitarfélaginu Ölfusi** skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á **www.skipulagsstofnun.is**. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **4. júní 2014.**

fasteignir

170 Seltjarnarnes

## Nesbali 20



**OPIÐ HÚS**
**Miðvikudag 7. maí 17:30 - 18:00**

## Glæsilegt raðhús

Tvílyft raðhús samtals 202 fm
auk sólstofu um 30 fm (ekki skráð)
Fimm svefnherbergi (möguleiki)
Fallegt eldhús, endurnýjað árið 2010
Garður hannaður af Stanislas Bohic
Hús sem hefur fengið gott viðhald

Verð: **59,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Fasteignasala Stykkishólms

Ægisgötu 11 – 340 Stykkishólmi – Sími: 567-6688 – Gsm: 896-4489




**Víkurgata 2 í Stykkishólmi** er ca. 96 fm. er um. 100 ára fallegt hús með sál, álklætt timburhús á steyptum sökklum. Húsið er nánast viðhaldsfrítt því fyrir ca. 10 árum var það klætt utan með álklæðningu og settir í það nýjir gluggar, úti og svalahurð, kjallari er undir hluta hússins með lítilli lofthæð, bílskúr er ca.20 fm. Út frá stofur er góður sólpallur. Svalir í norður yfir bíslagi. Aðkoma að húsinu er góð, húsið er á hornlóð. Húsið getur verið laust fljótt! Mjög fallegt innbú getur fylgt, að hluta til antik. **Verð 23,7 millj.** Lykill á skrifstofunni.

**Sverrir Kristjánsson, löggiltur fasteignasali**

Stakfell :: 535_1000

Grétar Haraldsson
Hrl. Lögg.fast.fyrirt.og skipasali
Aðalheiður Karlsdóttir
Lögg.fast.fyrirt.og skipasali
Berta Bernburg
Lögg. fasteignasali og leigumiðlari

Fasteignasala . Íbúðarhúsnæði . Skúlatún 2 . 105 Rvk

**OPIÐ HÚS í DAG kl 17:30-18:00**

4ra herbergja íbúð - sér inngangur - sér suður lóð.
Nýstandsett eign í góðu húsi - skipti möguleg á bifreið eða öðru.



Dvergaborgir 12. 112 Grafarvogi | verð 31,9mkr. | laus strax

Stakfell fasteignasala | stofnuð 1984 | stakfell.is

# Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

## Auglýsing á starfsleyfistillögu vegna bensínstöðvar með metangasafgreiðslu

Með vísan til 24. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eða mengandi starfsemi, mun tillaga að starfsleyfisskilyrðum fyrir neðangreint fyrirtæki liggja frammi hjá Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 1. hæð, frá 7. maí til 7. júní 2014.

| Fyrirtæki/gildistími starfsleyfis í árum | Almenn skilyrð | Sértæk skilyrði | Reglugerð 785/1999 | Staðsetning |
|---|---|---|---|---|
| Skeljungur hf / 12 ár | X | X | X | Miklabraut 101 |

**Rétt til að gera athugasemdir hafa eftirtaldir aðilar:**

1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir sem málið varðar.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og sendast Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Umhverfis- og skipulagssviði, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, í síðasta lagi 7. júní 2014.

# WHIRLPOOL DAGAR

## 10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM WHIRLPOOL VÖRUM




**ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR - UPPÞVOTTAVÉLAR**
**ÖRBYLGJUOFNAR - OFNAR - HELLUBORÐ - GUFUGLEYPAR**
**KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - FRYSTIKISTUR**



**25%**

**Whirlpool WME1887DFCTS**
179sm og 374 lítra stál kæliskápur. Stafræn hitastilling. 6th Sense Fresh Control. MultiFlow kælitækni tryggir jafnari kælingu. AntiBakteria Sía. Easy Open ventill. Orkuflokkur: A+. Stærð (HxBxD) 179x59.6x62,6 sm.

**TILBOÐ**
**119.995**
FULLT VERÐ 159.995



**20%**

**Whirlpool AWOD6114**
1400sn 6kg þvottavél með 6th Sense. 52L tromla. Rafeindastýrður kerfisveljari og hitastillir. LCD skjár. Clean+ blettakerfi. 15 þvottakerfi og 30 mín hraðkerfi. Stafræn niðurtalning. Þvotthæfni A. Vinduhæfni B. Orkunýting A+.

**TILBOÐ**
**79.995**
FULLT VERÐ 99.995



**20%**

**Whirlpool AZB7570**
7 kg tvíátta barkalaus þurrkari með 6th Sense rakaskynjara. 9 Þurrkstillingar. Vatnstankur uppi. Hægt að tengja beint við niðurfall. Kaldur blástur og krumpuvörn. Stærð (BxHxD): 60x85x62sm.

**TILBOÐ**
**79.995**
FULLT VERÐ 99.995



**33%**

**Whirlpool AKT821LX**
60 sm helluborð með 4 keramik hellum og snertitökkum. 1 x 2100w hella 14,5-21 sm. 1 x 1800w hella 14,5-25 sm. 2 x 1200W hellur 14,5 sm. Stál hliðar. Mál: (bxhxd): 58x4,6x51 sm.

**TILBOÐ**
**49.995**
FULLT VERÐ 74.995




**29%**

**Whirlpool ADPU8783TR**
Uppþvottavél með 10 kerfi s.s. sótthreinsi-kerfi, hraðkerfi og sjálfvirkt 6th Sense kerfi með gufu. PowerClean með 32 stútum. LCD skjár. Vatnsflæðivörn. Sjálfhreinsandi filter. Þurrkar með hita og viftu. Þvottahæfni A. Orkuflokkur A++. Þurrkgeta A.

**TILBOÐ**
**99.995**
FULLT VERÐ 139.995




**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# Vildi fyrst ekki sjá viðskiptafræðina

***Guðrún Ó. Blöndal, framkvæmdastjóri Verðbréfaskráningar Íslands, ætlaði upphaflega að læra sjúkraþjálfun. Hún var einn af fyrstu starfsmönnum Kaupþings og fylgdist þar með verðbréfamarkaðinum slíta barnsskónum.***

**SVIPMYND**
**HARALDUR GUÐMUNDSSON** | HARALDUR@FRETTABLADID.IS

Guðrún Ó. Blöndal hefur starfað sem framkvæmdastjóri Verðbréfaskráningar Íslands (VS) í rúma fimm mánuði. VS er dótturfyrirtæki Nasdaq OMX sem á og rekur kauphallir á 26 mörkuðum, þar á meðal á Íslandi, fimm verðbréfaskráningar og þrjú uppgjörshús.

„Þetta er áhugavert fyrirtæki og það var spennandi að koma inn í þetta. Sérstaklega núna þar sem umhverfi verðbréfaskráningar í Evrópu er að breytast með samræmingu laga og regluverks," segir Guðrún og heldur áfram:

„Í Evrópu er stefnt að samræmdum verðbréfamarkaði eins og þekkist í Bandaríkjunum sem myndi einfalda uppgjör og umhverfi verðbréfaviðskipta."

Guðrún útskrifaðist frá Verslunarskóla Íslands árið 1981 og fór þá í nám í sjúkraþjálfun í Háskóla Íslands.

„Eina sem ég vissi þá var að ég ætlaði svo sannarlega ekki að verða viðskiptafræðingur," segir Guðrún.

Hún ákvað að taka sér frí frá námi eftir eitt ár í sjúkraþjálfuninni þegar hún eignaðist sitt annað barn í miðjum vorprófum. Árið 1984 var hún ráðin til Kaupþings, sem þá var tveggja ára gamalt fyrirtæki, og Guðrún var þá níundi starfsmaður fyrirtækisins.

„Ég vann í tvö ár hjá Kaupþingi og var á endanum orðin ákveðin í að fara í viðskiptafræði í Háskólanum. Að fjögurra ára námi loknu fór ég aftur til Kaupþings og vann þar í ýmsum störfum. Ég sá um eignastýringu, var markaðsstjóri, starfsmannastjóri og deildarstjóri. Að fá vinnu hjá Kaupþingi á þessum tíma var einstakt tækifæri þarna við upphaf íslensks verðbréfamarkaðar. Markaðurinn var í örri þróun og alltaf eitthvað nýtt að gerast á hverjum einasta degi og það voru allir í öllu enda var þetta lítið fyrirtæki á þeim tíma."

Árið 2002 tók Guðrún við stöðu framkvæmdastjóra Arion verðbréfavörslu, dótturfélags Kaupþings. Hún stýrði fyrirtækinu þar til það sameinaðist bankanum árið 2012.

„Eftir það sat ég í stjórnum fimm félaga, þar á meðal Regins fasteignafélags og Framtakssjóðs Íslands, og var í endurskoðunarnefndum líka."

Guðrún segist ekki hafa haft mikinn tíma fyrir áhugamál í gegnum tíðina.

„Það fer mikill tími í að lesa það sem tengist vinnunni og fylgjast með því sem er að gerast í kringum mann. En ég er nýbyrjuð í golfi. Maðurinn minn er búinn að reyna að fá mig út á golfvöllinn í hátt í tíu ár og ég er nú fyrst að taka sönsum. Svo er ég yfirleitt með einhverja krimma á borðinu hjá mér enda hef ég gaman af því að lesa sakamálasögur," segir Guðrún.




**STÝRIR VS** Guðrún er gift Friðriki J. Arngrímssyni lögfræðingi og saman eiga þau fjögur börn og tvö barnabörn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## GÓÐUR STJÓRNANDI SEM BLÓTAR MEÐ NORÐLENSKUM HREIM



„Guðrún er einstaklega hlý og indæl manneskja með mikla útgeislun. Öllum líður vel í návist hennar og hún hefur alltaf nægan tíma fyrir aðra. Hún er afar gestrisin og vinir og vandamenn venja komur sínar út á Seltjarnarnesið. Ég þekki það af eigin reynslu þar sem ég hef búið erlendis í nærri þrjátíu ár og í nánast hverri einustu Íslandsferð minni þá gisti ég hjá Guðrúnu og fjölskyldu. Guðrún hefur engu að síður stóran veikleika sem hún fer vel með en það er að þegar henni er mikið niðri fyrir þá blótar hún eins og versti sjóari með norðlenskum hreim, enda Siglfirðingur að uppruna."

**Gústaf Baldvinsson, framkvæmdastjóri Ice Fresh Seafood.**



„Guðrún er jákvæðasta manneskja sem ég þekki og hún á ekki í nokkrum erfiðleikum með að sjá það jákvæða í fari fólks. Hún er yfirleitt alltaf í góðu skapi, bjartsýn, drífandi og rösk. Einstaka sinnum örlar þó á óþolinmæði, helst hefði allt átt að gerast í gær. Guðrún er frábær stjórnandi sem hefur einstakt lag á að fá fólk með sér. Hún hefur mikinn áhuga fyrir verkefnunum sem hún tekur sér fyrir hendur, vinnur þau vel og af samviskusemi og það er einstaklega gaman að vinna með henni."

**Þóra Björk Smith, starfsmaður rekstrarsviðs Verðbréfaskráningar Íslands.**

# Umhverfisrask fylgir öllum leiðum

***Landsnet kynnti í gær kerfisáætlun fyrir árin 2014 til 2023. Um leið voru kynnt drög að umhverfisskýrslu.***

**SVIPMYND**
**ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON** |
OLIKR@FRETTABLADID.IS

Veruleg umhverfisáhrif og rask er samfara öllum kostum sem fyrir liggja í framtíðaruppbyggingu og styrkingu flutningskerfis raforku hér á landi.

Fram kom á kynningarfundi Landsnets í gær þar sem farið var yfir umhverfisskýrslu kerfisáætlunar fyrirtækisins til 2014 til 2023 að nauðsynlegt sé að styrkja meginflutningskerfi raforkunnar. Sú styrking feli í öllum tilvikum í sér nauðsyn þess að styrkja tengingar milli Suðurlands og Norðausturlands.

„Mat á umhverfisáhrifum hálendislínu annars vegar og styrkingar byggðalínuhringsins hins vegar leiðir í ljós að styrking byggðalínuhringsins er líklegri til að hafa neikvæðari áhrif á umhverfið þegar tekið er mið af þeim mælikvörðum sem stuðst er við og byggja á stefnumiðum stjórnvalda, alþjóðlegum samþykktum, öðrum áætlunum og lögum og reglum," segir í umfjöllun Landsnets um fundinn.

Er þetta í fyrsta sinn sem kerfisáætlun Landsnets fer í umhverfismat áætlana, í samræmi við lög nr. 105/2006 og gefst þeim sem vilja kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir við drögin að umhverfismatsskýrslunni. Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 18. júní næstkomandi.

„Megininntak kerfisáætlunar Landsnets 2014-2023 er greining á flutningsþörf meginflutningskerfisins til næstu tíu ára og samanburður á loftlínum og jarðstrengjum. Hún er bæði stefnumótandi áætlun um framtíð flutningskerfisins og áætlun um einstök verkefni sem koma til framkvæmda á árunum 2014 til 2016." Grundvallarforsendur fyrir gerð kerfisáætlunarinnar eru Raforkuspá 2013-2050, áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun) og þróun raforkumarkaðar.

Í umhverfismati kerfisáætlunar sem unnið var undir handleiðslu VSÓ Ráðgjafar var lagt mat á umhverfisáhrif mögulegra leiða til að uppfylla þörf á styrkingu flutningskerfisins. Megináhersla var lögð á þrjá valkosti; hálendislínu og Norðurland, byggðalínu og svo hálendislínu og vesturvæng.

„Niðurstaða matsvinnunnar er að allar flutningsleiðir munu valda neikvæðum og verulegum neikvæðum áhrifum á einhvern þeirra umhverfisþátta sem voru til skoðunar, óháð því hvort um sé að ræða loftlínu eða jarðstreng og óháð spennustigi," segir í umfjöllun Landsnets. „Áhrifin eru ólík milli leiða, en meginmunur liggur þó í því hvort flutningsleið fari um hálendið eða meðfram núverandi byggðalínu."

Í kjölfar mats á mögulegum áhrifum leiðanna þriggja var gerður nánari samanburð á hálendislínu og Norðurlandi annars vegar og byggðalínu hins vegar, til að gera betur grein fyrir þeim mun sem felst í umhverfisáhrifum þess að fara um hálendið og byggðalínuna. Niðurstaðan var að byggðalínan væri líkleg til að hafa neikvæðari áhrif á umhverfið þegar tekið væri mið af þeim mælikvörðum sem stuðst var við og byggjast á stefnumiðum stjórnvalda, alþjóðlegum samþykktum, öðrum áætlunum og lögum og reglum. Hluti ástæðunnar er að byggðalína þarf að fara um lengri veg. Hálendisleiðin er svo aftur sögð líklegri til að hafa neikvæðari áhrif á landslag og ásýnd. „Og vegur þar þyngst breyting á upplifun landslags á hálendinu."

## SAMANBURÐUR Á ÁHRIFUM VALKOSTA Í KERFISÁÆTLUN LANDSNETS*

| Umhverfisþáttur | A Hálendislína og Norðurland | B Byggðalína | C Hálendislína og vesturvængur |
|---|---|---|---|
| 1. Land | Neikvæð áhrif. Meira land fer undir flutningskerfi. | Veruleg neikvæð áhrif. Mun meira land fer undir flutningskerfi. | Neikvæð áhrif. Meira land fer undir flutningskerfi. |
| 2. Landslag og ásýnd | Veruleg neikvæð áhrif. Lína um Sprengisand. | Neikvæð áhrif. Fer um svæði sem njóta verndar vegna landslags. | Veruleg neikvæð áhrif. Lína um Sprengisand. |
| 3. Jarðmyndanir | Neikvæð áhrif. | Neikvæð áhrif. Raskar nútímahrauni. | Neikvæð áhrif. |
| 4. Vatnafar | Óveruleg áhrif. | Óveruleg áhrif. | Óveruleg áhrif. |
| 5. Lífríki | Neikvæð áhrif. Raskar friðlýstum svæðum, öðrum náttúruverndarsvæðum, sérstökum fuglaverndarsvæðum og votlendi. | Veruleg neikvæð áhrif. Raskar friðlýstum svæðum, öðrum náttúruverndarsvæðum, sérstökum fuglaverndarsvæðum og votlendi. | Neikvæð áhrif. Raskar friðlýstum svæðum, öðrum náttúruverndarsvæðum, sérstökum fuglaverndarsvæðum og votlendi. |
| 6. Menningarminjar | Óvissa um áhrif. | Óvissa um áhrif. | Óvissa um áhrif. |
| 7. Loftslag | Óveruleg jákvæð áhrif. | Óveruleg jákvæð áhrif. | Óveruleg jákvæð áhrif. |
| 8. Samfélag | Veruleg jákvæð áhrif. Í samræmi við rammaáætlun og uppbyggingu atvinnustarfsemi. Styrkir samkeppnishæfni. | Veruleg jákvæð áhrif. Í samræmi við rammaáætlun og uppbyggingu atvinnustarfsemi. Styrkir samkeppnishæfni. | Veruleg jákvæð áhrif. Í samræmi við rammaáætlun og uppbyggingu atvinnustarfsemi. Styrkir samkeppnishæfni. |

** Veruleg jákvæð áhrif eru merkt græn og veruleg neikvæð eru rauð.*
*Heimild: Landsnet*

Make it matter




## HP EliteBook Folio 1040 G1

með Intel® Core™ i7-4600U örgjörva.

## Framúrskarandi hönnun, létt, þunn og sterkbyggð

HP hefur tekist að skapa einstaka fartölvulínu fyrir fyrirtækjaumhverfi.
Jafnvel kröfuhörðustu notendur verða ekki fyrir vonbrigðum.

- UltraSlim tengikví fyrir skrifstofuna.*
- Léttu þér lífið.
- Solid State diskur (SSD). SSD 128 GB
- 3 ára ábyrgð á rafhlöðu.

*aukabúnaður

**Kynntu þér EliteBook nánar á www.ok.is**

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is.
Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum, Microsoft og Windows eru skráð vörumerki Microsoft Corporation.

OPIN KERFI
Sérfræðingar þér við hlið
Preferred Partner

Mikil ábyrgð hvílir á herðum þeirra sem sigla kjarasamningum í höfn.

# Milli steins og sleggju

Það er örugglega erfitt og vanþakklátt starf að sinna formennsku stærstu samtaka atvinnurekenda á landinu og sigla kjarasamningum líkt og þeim sem samið var um í desember í höfn. Ábyrgðin sem hvílir á herðum þeirra sem sinna þessum störfum er mikil, ekki aðeins gagnvart viðsemjendum og skjólstæðingum sem samið er fyrir heldur einnig gagnvart efnahagslífi heillar þjóðar.



**Markaðshornið**
Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

**Ekki bætir úr skák að kjarasamningar eru afskaplega viðkvæmir.**

Ekki bætir úr skák að kjarasamningar eru afskaplega viðkvæmir. Þegar ríkið samdi nú á dögunum við framhaldsskólakennara og BHM um meiri launahækkanir en kveðið var á um í kjarasamningunum fyrir jól fór allt í uppnám. Forsvarsmenn launþegahreyfinga risu strax upp á afturlappirnar og sögðu að forsendur samninga væru brostnar.

Formaður Samtaka atvinnulífsins um þessar mundir er einnig forstjóri Icelandair Group, móðurfélags Icelandair, en flugmenn félagsins hafa boðað verkfall á sunnudaginn sem mun hafa áhrif á 46 flugferðir á vegum félagsins og raska ferðum líklegast um 7.000 manns verði af því. Ekki aðeins myndi slíkt verkfall hafa gríðarleg áhrif á ferðaþjónustuna í heild og valda ómældu tjóni, heldur munu flugmenn ekki síður valda vinnuveitanda sínum, Icelandair, talsverðu tapi.

Samúð með þessari verkfallsboðun verður að teljast við frostmark. Fyrir utan þá staðreynd að flugmenn Icelandair eru með á bilinu 1,5 milljónir til 2 milljónir í tekjur á mánuði þá hefur Fréttablaðið greint frá því að kröfur flugmanna séu margföld sú 2,8 prósenta hækkun sem SA samdi um við ASÍ fyrir jól. Með öðrum orðum þá setja þessar kröfur kjarasamningana frá því fyrir jól í algjört uppnám.

Þessi staða setur forstjórann og formann Samtaka atvinnulífsins í klemmu. Sem forstjóra Icelandair ber honum skylda til að forða fyrirtækinu frá því tjóni og orðsporsmissi sem verkfallið mun óumdeilanlega valda. Það hlýtur því að teljast afar freistandi að ganga að kröfum flugmanna, sama hversu veruleikafirrtar og freklegar þær eru. En sem formanni SA ber honum að stuðla að ásættanlegri verðbólgu til að halda niðri skuldum fólks og fyrirtækja, minnka atvinnuleysi og auka kaupmátt – þar á meðal þegar hann semur við starfsmenn síns fyrirtækis. Ef hann samþykkir kröfur flugmanna þá er hann í raun að vinna gegn öllu sem Samtök atvinnulífsins hafa boðað upp á síðkastið.

Stóra spurningin er hvað verður ofan á. Það er örugglega erfitt að standa í þeim sporum að hafa staðið fyrir samningum sem raunverulega stuðluðu að stöðugleika og gátu náð markmiðum um hæfilega verðbólgu og allt það sem því fylgir, og þurfa síðan að standa í lappirnar gagnvart starfsfólki sínu sem krefst miklum mun meira en almennu launafólki var veitt.

Þetta kemur allt í ljós á föstudaginn. Þangað til verðum við bara að vona að minni hagsmunir fái að víkja fyrir meiri. Að heimtufrekjan fái að víkja fyrir hagsmunum þjóðarinnar.

# „Ég veit það ekki, ég er bara að vinna hérna“

**FERÐAÞJÓNUSTA**
ÁRNÝ ELÍASDÓTTIR
Mannauðstjóri





MENNTUN EFLD Mikilvægt er að efla enn frekar mannauðsstjórnun í ferðaþjónustu með öflugri menntun í framhalds- og háskólum, frekari greiningu á hæfni í störfum, faglegum ráðningum og skipulagðri þjálfun.

Með hækkandi sól fjölgar ferðamönnum um land allt. Víða er fjárfest í uppbyggingu ferðaþjónustunnar sem skapar okkur nú miklar gjaldeyristekjur. Mikið er í húfi að greinin nái að þroskast og dafna. Að undanförnu hefur verið nokkur umræða um þróun greinarinnar, gæðamál og þjónustu. Í tengslum við þá umræðu er nærtækt að spyrja sig hvort svo geti verið að við sinnum ekki nægilega afar mikilvægum þætti í ferðaþjónustunni sem varðar gæði og þjónustu.

Hér er ég að tala um fræðslu og þjálfun starfsmanna. Ferðamaður spurði starfsmann á veitingahúsi hvaða léttvín væri á boðstólum. „Hvernig vín er það?“ var svarið. Annar spurði um hvers vegna ekki væri hægt að kaupa ákveðna þjónustu á ákveðnum degi. „Ég veit það ekki, ég er bara að vinna hér.“

Höfundur þessarar greinar hefur um árabil komið að fræðslu og þjálfun starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði. Mörg fyrirtæki og stofnanir standa vel að þjálfun starfsmanna sinna og leggja sérstaka áherslu á móttöku og þjálfun nýliða. Enn er þó of algengt að nýjum starfsmönnum sé varpað í „djúpu laugina“ án nokkurrar leiðsagnar.

Það viðhorf er oftar en ekki ríkjandi, meðal annars innan ferðaþjónustunnar, að starfsmaðurinn hljóti að geta ráðið við starfið sem þurfi nú ekki að kenna sérstaklega. Því er nýi starfsmaðurinn oft ragur við að leita sér aðstoðar. „Það geta nú allir steikt hamborgara.“ Eða: „Er konan ekki nýkomin úr námi?“ er spurt. Nám er eitt en hæfnin til að sinna ákveðnu starfi á ákveðnum vinnustað er annað.

**Margt óunnið**

Stjórnendur þurfa að sjá til þess að starfsmenn þeirra hafi þá hæfni sem þarf til að geta sinnt þörfum viðskiptavina. Í ferðaþjónustu þarf m.a. að byggja upp þekkingu á vörum og þjónustu svo starfsmaður geti svarað spurningum viðskiptavina, þjálfa þjónustuvitund og þjónustulund svo og færni í ýmsum verkþáttum. Þrátt fyrir athyglisvert fræðslustarf Samtaka ferðaþjónustunnar er margt óunnið í þessum efnum í fyrirtækjum í ferðaþjónustu og fáar rannsóknir til á mannauðsstjórnun í greininni. Ekki hefur verið kortlagt nægilega vel hvaða hæfni þarf í ferðaþjónustu og hvernig má efla hana. Því er ánægjulegt að benda á lokaverkefni Paavo Olavi Sonninen í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands sem fjallar um hæfni og þjálfunarþörf leiðsögumanna í ævintýraferðum en hann hlaut verðlaun Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og Samtaka ferðaþjónustunnar fyrir verkefnið. Sjá nánar á skemman.is.

Mikilvægt er að efla enn frekar mannauðsstjórnun í ferðaþjónustu með öflugri menntun í framhalds- og háskólum, frekari greiningu á hæfni í störfum, faglegum ráðningum og skipulagðri þjálfun. Aukin menntun, markviss þjálfun og stjórnun starfsmanna skilar sér margfalt til baka í faglegri þjónustu við viðskiptavini, ánægðari og öruggari starfsmönnum, betri rekstrarárangri og samkeppnishæfni landsins.




50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ford Explorer 4WD 7 manna 3,5 TiVCT V6 290 hö bensín, 6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 12,4 l/100 km.
Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# 128GB SSD DISKUR Á SÉRTILBOÐI !




**SÉRTILBOÐ**

**12.990**

**FULLT VERÐ 14.990**

## HÁGÆÐA SSD DISKAR

SanDisk SSD diskar eru prófaðir til að duga allt að 2 milljón klukkutíma. Þeir þola líka betur högg, titring og hitabreytingar en hefðbundnir diskar. Þessi diskur er með allt að 475MB/s leshraða sem gerir ræsingu tölvunnar og vinnslu sérstaklega hraða.

Tölvulistinn hefur verið söluaðili fyrir SanDisk sem um árabil hefur verið leiðandi framleiðandi SSD á heimsvísu. Lág bilanatíðni og diskar sem fyrirtæki þekkja og treysta.

## LÆKKAÐ VERÐ VEGNA STÓRINNKAUPA

Stefna okkar er að leyfa viðskiptavinum okkar að njóta hagstæðra innkaupa sem við náum við okkar framleiðendur. Rammasamningsfyrirtæki ríkis og sveitarfélaga hafa keypt þennan disk undanfarið í miklu magni sem gefur okkur kost á að lækka hann niður í þetta hagstæða verð.

tl.is

TÖLVU LISTINN

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

414-1710 / sala@tl.is

**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 111,8 | DKK 20,865 | NOK 18,896 | CHF 127,9 |
| GBP 20,865 | EUR 155,72 | SEK 17,182 | JPY 1,097 |

**FTSE 100**
6,798.56 -23.86 (0,35%)

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti

## NÝR MARKAÐSSTJÓRI

### Jón Þorgeir ráðinn hjá Borgarleikhúsinu

Jón Þorgeir Kristjánsson hefur verið ráðinn markaðsstjóri Borgarleikhússins. Hann lauk BA-gráðu í grafískri hönnun frá Listaháskóla Íslands árið 2010 og National Diploma við Physical Theatre í Wales.

„Jón hefur starfað í leikhúsi um árabil sem hönnuður og verkefnastjóri. Hann hefur tekið þátt í sviðssetningu á þriðja tug leiksýninga ásamt því að hafa gegnt ýmsum störfum innan leikhússins, m.a. við ljósa- og myndbandshönnun,“ segir í tilkynningu Borgarleikhússins.

## 6.4.2014

„Verkefnisstjórnin hefur unnið gott verk. Hér eru komnar skýrar og vel útfærðar tillögur sem munu stuðla að sjálfbærum húsnæðismarkaði með raunhæfum valkostum og skynsamlegum húsnæðisstuðningi við fólk eftir efnum þess og aðstæðum. Markmiðið er að tryggja öllum öruggt húsnæði og þessar tillögur eru góður grunnur að því.“ Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra.



## GENGI ÖSSURAR ALDREI HÆRRA

### Upp um 29 prósent frá áramótum

Gengi hlutabréfa stoðtækjafyrirtækisins Össurar hefur hækkað um 28,6 prósent frá áramótum. Bréfin hafa hækkað um 10,7 prósent á síðastliðnum sjö dögum, þar af 1,73 prósent í gær. Gengi bréfanna stendur nú í 294,5 krónum á hlut og hefur aldrei verið hærra.

## Hin hliðin



BRYNHILDUR S. BJÖRNSDÓTTIR, M.SC. Í STJÓRNUN OG STEFNUMÓTUN

## „One size fits all“ afleit stefna í gjaldeyrismálum

Rannsóknir á atvinnuskópun sýna að ein mikilvægustu hjól atvinnusköpunar eru ört vaxandi sprotafyrirtæki. Þrátt fyrir tilraunir til að gera innlenda fjárfestingu aðlaðandi fyrir erlenda fjárfesta eru þeir enn tregir til að koma inn með fjármagn og fara yfirleitt fram á að félögin flytji höfuðstöðvar sínar til útlanda.

**Háð erfiðum skilyrðum**

Vegna haftanna mega íslensk fyrirtæki ekki stofna móður-/dótturfélög erlendis, kaupa/selja hlutafé eða hugverkarétt nema með leyfi Seðlabankans. Þótt leyfið fáist yfirleitt ríkir mikil óvissa um hve langan tíma það tekur, auk þess sem það er alltaf háð erfiðum skilyrðum.

Umsóknarferli Seðlabankans gerir engan greinarmun á umsóknum út frá eðli eða stærð fyrirtækja – hvað þá um hvers konar upphæðir er að ræða. Þar að auki er ferlið allt of tímafrekt og kostnaðarsamt, bæði fyrir fyrirtækin og þjóðarbúið. Seðlabankinn gefur sér að lágmarki átta vikur í undanþáguferlið en mörg dæmi spanna nokkra mánuði.

Sem dæmi tók það sprotafyrirtækið Clöru marga mánuði að fá undanþágu til að stofna dótturfélag í Bandaríkjunum og lögfræðikostnaðurinn við að millifæra 1 Bandaríkjadal út var 750.000 kr.

**Dæmið um Skema**

Annað nýlegt dæmi er Skema, sem iðnaðarmálaráðherra veitti nýverið verðlaunin „Skapandi ungir frumkvöðlar“ og Forbes tilnefndi sem eitt af athyglisverðustu sprotafyrirtækjum heims. Félagið sótti um undanþágu til að stofna móðurfélag í Bandaríkjunum og flytja 75,6 dali úr landi. Undanþáguferlið tók heila átta mánuði og kostaði félagið um 1 m.kr. í lögfræðikostnað, fyrir utan annan kostnað sem hlaust af þessum töfum. Að fengnu leyfi til að lána erlendan gjaldmiðil innan samsteypunnar kom í ljós að til þess að það væri hægt þurfti íslenska dótturfélagið að eiga til erlendan gjaldmiðil á íslenska bankareikningnum sínum. Vitanlega átti það hann ekki til og þurfti því aftur að sækja um undanþágu til að kaupa 14,5 dali og færa 0,9 dali yfir í erlenda félagið. Það ferli er enn í gangi og ófyrirséð um kostnað þess og tíma.

**Spurning um líf eða dauða**

Það sem Seðlabankann vantar sárlega er að geta fangað og skilgreint eðli umsókna sprotafyrirtækja þannig að þau falli ekki undir sama ramma og stærri fyrirtæki, sem hafa allt aðrar þarfir en sprotafyrirtæki á sínum fyrstu metrum í verðmætasköpun og hafa brýna þörf fyrir að afla erlendra fjárfesta til að geta stuðlað að alþjóðlegum vexti. Undanþáguferli sem tekur átta mánuði og kostar sprotafyrirtæki um milljón íslenskra króna getur einfaldlega verið spurning um líf eða dauða slíkra fyrirtækja og þá verðmætasköpun sem á sér þar stað.

RÝMUM TIL VEGNA BREYTINGA!

SELJUM ALLAR VÖRUR Á EFRI PALLI VERSLUNARINNAR VEGNA BREYTINGA

30-90% afsláttur!

Verkfæri
Ljósaperur
Baðvörur
Ljósaseríur
Nuddtæki
Leikföng
Límbönd
Plastvörur

Hreingerningarvörur

Klukkur
Sumarvara
Ruslatunnur
Hitamælar
Rammar
Vasaljós
Hjólavörur
...og fleira!

byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

# NÚ ER ORMSSON KOMIÐ HEIM OG SAMAN

OPNUNAR TILBOÐ

**Hljómtækjadeildin** er nú flutt til föðurhúsanna í **Lágmúla 8** og því hefur allt vöruúrval Ormsson nú fundið sér samastað á sama stað.

SAMSUNG — UE46F5005AK — 46" — Drauma dagar — TILBOÐ 159.900 — LED — Verð: 189.900

SAMSUNG — UE50F5005AK — 50" — Drauma dagar — TILBOÐ 199.900 — LED — Verð: 249.900

SAMSUNG — UE46F6675 — 46" — Drauma dagar — TILBOÐ 269.900 — LED·SmartTV — Verð: 299.900

Pioneer HLJÓMTÆKI — X-EM11 — TILBOÐ 19.900 — Hljómtækjastæða — Verð: 25.900

Pioneer HLJÓMTÆKI — DV-2242 — TILBOÐ 9.900 — DVD spilari — Verð: 14.900

Pioneer HLJÓMTÆKI — X-SM00 — TILBOÐ 29.900 — iPod vagga — Verð: 39.900

muse — M-05 — FM MW LW SW — Fæst: Rautt Blátt Hvítt og Svart — Flott Ferðaútvarp — Verð: 4.890

fitbit — Bluetooth — Vinsælustu skrefa- og svefnmælarnir í USA í dag. — Verð: 12.900

Pioneer HLJÓMTÆKI — VSX-423-K — TILBOÐ 55.900 — Heimabíómagnari — Verð: 69.900

Hercules — Air+ — TILBOÐ 39.900 — DJ stjórnborð — Verð:49.999

Skullcandy HEYRNARTÓL — 25% afsláttur

Pioneer HLJÓMTÆKI — SE-MJ721 — 25% afsláttur — Heyrnartól af bestu gerð

Nintendo Wii mini — Mario Kart fylgir — Verð: 26.900

Wii U — Verð: 69.900

NINTENDO DS — Tveir litir — Verð: 29.900

ÚRVAL TÖLVULEIKJA — Kr. 7.990 — Kr. 7.990 — 9.450 — Kr. 8.990 — Kr. 8.990 — Kr. 5.990 — 5.990

SPENNA SNERPA SNILLD

SHARP — LC39LE351 — 39" — TILBOÐ 119.900 — LED — Verð: 144.900

SHARP — LC39LE751 — 39" — TILBOÐ 149.900 — LED — Verð: 189.900

SHARP — LC50LE651 — 50" — TILBOÐ 219.900 — LED — Verð: 279.900

*KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP Í „NÝRRI" VERSLUN!*

**ORMSSON**

**LÁGMÚLA 8 • REYKJAVÍK**
**SÍMI 530 2800 • ORMSSON.IS**

Opið virka daga kl.10-18 og laugardaga kl.11-15

KVIKA



**KL. 20:55**
**Grey's Anatomy**
Tíunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg.

# Frábært miðvikudagskvöld

**KL. 20:10**
**How I Met Your Mother**
Gamanþáttur um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni.



**KL. 20:35**
**Heimsókn**
Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.



**KL. 22:25**
**Falcón**
Spennuþættir um Falcón sem er afar hæfileikaríkur rannsóknarlögreglumaður sem fær til rannsóknar ýmis flókin mál.




**BÍÓ STÖÐIN | KL. 22:00**
**Cloud Atlas**
Mögnuð mynd með Tom Hanks, Halle Berry og Hugh Grant í aðalhlutverkum.



**3 | KL. 19:45**
**Baby Daddy**
Önnur gamanþáttaröðin um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar stúlkubarn er skilið eftir á dyraþrepi hans.



**Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00**
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | 6 | | | | 7 | |
| | | | | 8 | 3 | | | |
| 6 | 7 | 3 | 9 | | | 2 | 8 | |
| 5 | | 4 | 8 | 2 | | | | |
| | 6 | | | | 5 | 4 | | |
| 2 | 3 | 8 | 1 | 6 | | | 9 | |
| | 1 | | | | | | | 6 |
| 8 | 2 | | 4 | | | | | 7 |
| 7 | 4 | 6 | | | 8 | | 3 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 5 | | | | | |
| | 3 | | 8 | 9 | | | 5 | 7 |
| | | 9 | | 2 | 3 | 8 | | |
| 7 | | | 2 | | | 3 | 1 | 5 |
| | | 5 | 7 | | | | 6 | |
| 6 | | | | | | | 8 | |
| | 6 | | | | 2 | | | 8 |
| 8 | | | 3 | | | 6 | | |
| | 2 | 7 | | 5 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 8 | | 6 | | | 7 |
| | 9 | | | | | 5 | | |
| 6 | | | 3 | | | | | |
| | | | | 6 | | 3 | | |
| | | 4 | 5 | | 1 | | | 8 |
| 8 | 5 | 6 | | | 2 | 4 | | |
| | | | 2 | 8 | | | | 4 |
| | 7 | | | | 9 | | 5 | |
| | | 2 | | | 3 | 9 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 6 | 5 | 9 | 7 |
| 4 | 5 | 9 | 7 | 8 | 3 | 1 | 6 | 2 |
| 2 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 3 | 4 | 8 |
| 3 | 7 | 6 | 8 | 5 | 2 | 4 | 1 | 9 |
| 9 | 1 | 8 | 6 | 3 | 4 | 2 | 7 | 5 |
| 5 | 4 | 2 | 9 | 1 | 7 | 6 | 8 | 3 |
| 7 | 9 | 1 | 4 | 2 | 5 | 8 | 3 | 6 |
| 8 | 3 | 5 | 1 | 6 | 9 | 7 | 2 | 4 |
| 6 | 2 | 4 | 3 | 7 | 8 | 9 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 8 | 6 | 5 | 4 | 9 | 7 | 3 | 1 |
| 3 | 9 | 4 | 6 | 1 | 7 | 2 | 8 | 5 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 8 | 2 | 4 | 6 | 9 |
| 4 | 5 | 2 | 8 | 7 | 6 | 9 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 8 | 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 6 |
| 6 | 3 | 7 | 9 | 5 | 1 | 8 | 2 | 4 |
| 8 | 4 | 9 | 7 | 6 | 3 | 1 | 5 | 2 |
| 1 | 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 3 | 9 | 7 |
| 7 | 2 | 3 | 1 | 9 | 5 | 6 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 6 | 4 | 7 | 8 | 2 | 1 | 9 |
| 4 | 7 | 2 | 9 | 5 | 1 | 3 | 6 | 8 |
| 8 | 9 | 1 | 2 | 6 | 3 | 7 | 4 | 5 |
| 5 | 4 | 8 | 6 | 3 | 9 | 1 | 7 | 2 |
| 6 | 1 | 9 | 5 | 2 | 7 | 4 | 8 | 3 |
| 7 | 2 | 3 | 8 | 1 | 4 | 9 | 5 | 6 |
| 9 | 3 | 4 | 7 | 8 | 6 | 5 | 2 | 1 |
| 1 | 8 | 5 | 3 | 4 | 2 | 6 | 9 | 7 |
| 2 | 6 | 7 | 1 | 9 | 5 | 8 | 3 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**SPAKMÆLI DAGSINS**

„Það er ekki hægt að sigra manneskju sem gefst aldrei upp.“

*Babe Ruth*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** hrósa, **6.** tímabil, **8.** þvottur, **9.** meðal, **11.** tveir eins, **12.** vansæmd, **14.** korr, **16.** í röð, **17.** nudda, **18.** skelfing, **20.** sjúkdómur, **21.** spil.

**LÓÐRÉTT**
**1.** elds, **3.** pot, **4.** vörurými, **5.** for, **7.** heimilistæki, **10.** tálknblað, **13.** eyja í írlandshafi, **15.** baktal, **16.** nam burt, **19.** ónefndur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** lofa, **6.** ár, **8.** tau, **9.** lyf, **11.** rr, **12.** skömm, **14.** snörl, **16.** tu, **17.** núa, **18.** ógn, **20.** ms, **21.** kani.
**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** ot, **4.** farmrúm, **5.** aur, **7.** ryksuga, **10.** fön, **13.** mön, **15.** last, **16.** tók, **19.** nn.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Hjörvar Steinn Grétarsson (2.511) hafði hvítt gegn Degi Arngrímssyni (2.382) í fimmtu umferð Wow air Vormóts TR.**

**Hvítur á leik:**



**27. h4!** Ef núna 27...Bd2 þá vinnur 28. Hd3. Og ef 27...Bxh4 þá 28. Bc1+! Bg5 (28...g5 29. Hf6+) 29. Bxg5+ Kxg5 30. Hg3+ Kh6 (30... Kh4 31. Hxg7) 31. Hg6+ og svartur er óverjandi mát. Svartur gaf því. Hjörvar er langefstur með fullt hús. Guðmundur Kjartansson er annar með 3½ vinning.

**www.skak.is:** Nýtt fréttabréf SÍ.






ALLT AÐ 50%

AFSLÁTTUR AF ELDRI SÆNGURFATA-LÍNUM

Betra BAK

Leggur grunn að góðum degi

20%

AFSLÁTTUR AF NÝJUM SÆNGURFATA-LÍNUM

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477 • Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100 og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566 betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Leiksýning með sjónlýsingu og táknmálstúlkun:

## Hamlet litli túlkaður



**Sýning Borgarleikhússins á Hamlet litla verður á laugardaginn túlkuð bæði fyrir blinda og heyrnarskerta. Þetta verður í fyrsta sinn á Íslandi sem hægt er að sjá og heyra leiksýningu með bæði sjónlýsingu og táknmálstúlkun. Hægt verður að fá heyrnartól fyrir sjónlýsingarnar en einnig verða þrír táknmálstúlkar sem skuggatúlka hverja og eina persónu verksins. Sýningin er í samstarfi við List án landamæra.**



**KÁRI VIÐARSSON** „Ég var að vinna hérna í fiski þegar ég var fjórtán ára en ég verð að segja að það er ólíkt skemmtilegra að vinna hérna núna.“ **MYND/DRÍFA**

# Vill auka menningarflóruna á Snæfellsnesi

Fyrsta atvinnuleikhúsið á Snæfellsnesi verður að veruleika á næstu vikum. Kári Viðarsson leikari hefur keypt gamalt frystihús á Rifi og vinnur nú að því að setja það í stand sem menningarmiðstöð, leikhús og farfuglaheimili.

Þetta verður náttúrulega ekki eins stórt og dýrt og Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið en ég held það sé alveg grundvöllur fyrir því að reka atvinnuleikhús á Snæfellsnesi,“ segir Kári Viðarsson leikari sem fest hefur kaup á gömlu frystihúsi á Rifi og hyggst reka þar leikhús, menningarmiðstöð og farfuglaheimili. „Ég hef í huga ýmsar erlendar fyrirmyndir, til dæmis leikhús sem túra með sýningar og meiningin er að gera það í og með.“

Fyrsta frumsýningin í nýja leikhúsinu verður eftir rúma viku þegar Kári tekur aftur upp einleik sinn, Hetju, sem frumsýndur var við góðan orðstír árið 2010. „Ég ætla að sýna hann til skiptis á íslensku og ensku í sumar,“ segir hann, „og reyna þannig að höfða bæði til íslenskra og erlendra ferðamanna sem nóg er af hér á Nesinu yfir sumartímann. Farfuglaheimilið verður líka opnað í sumar og svo er ég að vinna í tveimur leiksýningum sem verða frumsýndar annars vegar í haust og hins vegar eftir áramótin.“

Ekki getur einn maður verið heilt atvinnuleikhús, eða hvað? „Nei, nei, nei, enda hef ég aldrei verið aleinn hérna,“ segir Kári. „Ég er alltaf með gott fólk sem vinnur með mér. Ég er búinn að gera fjórar sýningar hérna í Frystiklefanum og það kemur auðvitað fleira fólk inn í þetta og vinnur með mér að verkefnunum. Auk þess koma hér aðrir listamenn og vinna að sínum verkefnum og þannig verður þetta áfram.“

Kári er uppalinn á Hellisandi og vann sem unglingur í frystihúsinu á Rifi sem hann nú rekur leikhúsið í. Eftir leiklistarnám í London segist hann hafa langað að gera sýningu til að koma sjálfum sér á kortið og þá hafi legið beint við að fara í heimabæinn til þess. „Ég reyndar bý ekki hér heldur í Reykjavík þar sem ég vinn á veturna,“ segir hann. „En Hetja er byggð á sögu Bárðar Snæfellsáss og þegar ég fór að setja hana upp fékk ég leyfi til að nota frystiklefann hér í gamla frystihúsinu sem ég á núna. Eftir þá sýningu fór boltinn að rúlla og ég fékk þá hugmynd að það gæti verið gaman að gera meira með þetta hús og reyna að auka menningarflóruna á Snæfellsnesi. Svo kom að því að ég þurfti að taka ákvörðun um það hvort ég ætlaði að halda áfram að vera bara með eina sýningu á ári, eða hvort ég vildi fara lengra með þetta verkefni og það varð sem sagt niðurstaðan að starfrækja hér menningarmiðstöð og atvinnuleikhús.“

> **Ég hef í huga ýmsar erlendar fyrirmyndir, til dæmis leikhús sem túra með sýningar og meiningin er að gera það í og með.**

Húsnæðið er 600 m2 og inniheldur aðstöðu fyrir farfuglaheimili, rúmgóðan almenning og þrjá sýningarsali, þar á meðal tónleikasal sem getur tekið 4-500 áhorfendur. Kári er mjög spenntur fyrir verkefninu og vinnur myrkranna á milli til að koma húsinu í það stand sem þarf til að fá öll tilskilin leyfi fyrir rekstrinum. „Ég er bara á haus hérna við að setja upp öryggisbúnað, smíða og brjóta niður veggi og allt sem því fylgir. Ég var að vinna hérna í fiski þegar ég var fjórtán ára en ég verð að segja að það er ólíkt skemmtilegra að vinna hérna núna.“

fridrikab@frettabladid.is

# Talking Timber sýnir á Akureyri

Leikhópur frá Norðurlöndunum sýnir fyrstu leiksýningu sína, Answering Answering – Machine, á Akureyri. Hópurinn stundar nú æfingar í vinnustofu L.A.

Leikhópurinn Talking Timber sýnir verkið Answering Answering – Machine í Rýminu á Akureyri laugardaginn 10. maí klukkan 17. Hópurinn samanstendur af Josephine Kylén Collins frá Svíþjóð, Mikkel Rasmussen Hofplass frá Noregi, Piet Gitz-Johansen frá Danmörku og Hönnu Reidmar frá Svíþjóð. Tónlistarmennirnir Jonny Collins Wartel og Georgia Wartel Collins sýna með þeim í þessu verki. Sýningin er flutt á ensku.

Bakgrunnur hópsins liggur í mismunandi listgreinum: innsetningum, sjónrænu leikhúsi, ljósmyndun og dansi. Að loknu námi í The Norwegian Theatre Academy í Fredrikstad í Noregi ákváðu þau að sameina krafta sína og vinna að sérhæfðu tungumáli innan sviðslistanna. Talking Timber leitar stöðugt eftir nýjum leiðum í vinnu sinni bæði í innihaldi og byggingu, að eigin sögn. Þessa dagana vinna þau að stefnumóti líkamlegrar tjáningar og rýmis þannig að úr verður sjónrænt tungumál þar sem hið kómíska og tragíska helst í hendur.

Talking Timber dvelur í vinnustofu hjá Leikfélagi Akureyrar næstu fjórar vikurnar. Sýning þeirra á sínu fyrsta verki, Answering Answering – Machine, er upphafið á dvölinni en í Rýminu munu þau einnig vinna að nýju verki sem frumsýnt verður í Black Box leikhúsinu í Ósló vorið 2015.



**SKANDINAVÍSKUR LEIKHÓPUR** Talking Timber leitar stöðugt eftir nýjum leiðum í vinnu sinni bæði í innihaldi og byggingu, að eigin sögn.




HEILBRIGÐISTÆKNIDAGURINN 2014

Líkanagerð og klínísk not þeirra

Fjórði árlegi heilbrigðistæknidagurinn verður haldinn fimmtudaginn 8. maí kl. 13:15 -16:30 í stofu M209 í Háskólanum í Reykjavík.

Dagskrá:

13:15 - 13:20 Ávarp
Magnús Oddsson, þróunarstjóri stoðtækja hjá Össuri

Hugur og hjarta

13:20 - 14:00 Modeling and simulation of the human heart for diagnosis and therapy planning
Olaf Dössel, Karlsruhe institute für Technologie

14:00 - 14:30 Heart surgery and 3D printing; before, during and after treatment
Bjarni Torfason, Landspítali - háskólasjúkrahús og Háskóli Íslands

14:30 - 15:00 Increased phase synchronization in eplileptogenic areas measured with 256-channel EEG
Ceon Ramon, Háskólinn í Reykjavík og University of Washington, Seattle

15:00 - 15:30 Kaffi

Kraftur í beinum

15:30 - 15:50 Finite element modelling of the risk of fracture in the tibia in healthy subjects and spinal cord injury patients
Magnús Kjartan Gíslason, Háskólinn í Reykjavík

15:50 - 16:10 Modeling in complicated orthopaedic situations
Halldór Jónsson, Landspítali - háskólasjúkrahús og Háskóli Íslands

16:10 - 16:30 Modeling and optimization of clinical process: some practical applications
Paolo Gargiulo, Háskólinn í Reykjavík og Landspítali - háskólasjúkrahús

16:30 Lokaorð
Logi Jónsson, forstöðumaður lífeðlisfræðistofnunar Háskóla Íslands

Heilbrigðistæknidagurinn er öllum opinn og aðgangur er ókeypis.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

HLEÐSLA ÍÞRÓTTADRYKKUR | 100% HÁGÆÐA PRÓTEIN

# NÝ OG FERSK HLEÐSLA
# MEÐ EKTA SÚKKULAÐIBRAGÐI




**VIÐ VITUM AÐ ÞAÐ ÞARF ÚTHALD OG EINBEITINGU TIL AÐ HALDA SÉR GANGANDI. HLEÐSLA ER GERÐ ÚR NÁTTÚRULEGU ÍSLENSKU HÁGÆÐAPRÓTEINI, INNIHELDUR ENGAN HVÍTAN SYKUR OG BYGGIR UPP VÖÐVANA. FÁÐU SEM MEST ÚT ÚR ÆFINGUNNI MEÐ ÞVÍ AÐ SKELLA Í ÞIG HLEÐSLU EÐA NJÓTTU HENNAR Á MILLI MÁLA.**

**ÞINN LÍKAMI ÞARF HLEÐSLU**

**MS.IS**

ÍSLENSKA SIA.IS MSA 68426 04/14



**HAILEE STEINFELD**
Í kjól frá Prabal Gurung.



**SOLANGE KNOWLES**
Í kjól eftir Philip Lim.



**EMMA STONE**
Í tvískiptum kjól frá Thakoon.

# Metnaðarfullt fatаval á Met-ballinu

Það var glæsilegur hópur sem gekk eftir rauða dreglinum á Met-ballinu, eða Costume Institute Gala í Metropolitan Museum of Art í New York. Ballið er haldið árlega en gestalistinn er stjörnum prýddur þar sem flestir keppast um að klæðast flottustu fötunum. Ritstýra bandaríska Vogue, Anna Wintour, var gestgjafi kvöldsins og miðaverð tæpar þrjár milljónir króna.



**LEIGHTON MEESTER**
Í kjól frá Emilio Pucci.

**BLAKE LIVELY**
Í gullkjól frá Gucci.



**DAKOTA JOHNSON**
Í kjól frá Jason Wu.



**BEYONCE**
Í kjól frá Givenchy.




## SLÓGU EKKI Í GEGN



**KATIE HOLMES**
Í gulum kjól frá Marchesa sem minnir á eitthvað úr Disney-teiknimynd.



**NEIL PATRICK HARRIS OG DAVID BURTKA**
Í einkennilegum jakkafötum frá Thom Browne.



**KRISTEN STEWART**
Í fjaðrakjól frá Chanel sem skaut alveg yfir markið.

NORDICPHOTOS/GETTY

# CLINIQUE DAGAR í Lyfju

dagana 7. -11. maí

**Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 6.900 kr. eða meira***

**20% AFSLÁTTUR**
af öllum vörum frá CLINIQUE

**Kaupaukinn inniheldur:**
Liquid  Facial Soap, mild – hreinsisápu, 30ml
DDML+ - gula kremið, 15ml
Even Better Eyes – augnkrem gegn dökkum baugum
Even Better Makeup SPF 15 – farða sem jafnar út húðlitinn, litur neutral
High Impact Mascara – svartan maskara
Fallega snyrtibuddu

*Meðan birgðir endast




CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust.

Prófaðu Even Better hyljara frá Clinique sem felur auðveldlega allar misfellur eins og litabreytingar, dökka bauga ör og fleira. Blandast auðveldlega og er tár og svita þolinn.




LYFJA
– Lífið heil

LAUGARÁS BÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI






| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| BAD NEIGHBOURS | 5:50, 8, 10 | 12 |
| THE OTHER WOMEN | 5:40, 8, 10:20 | 12 |
| SPIDERMAN 2 3D | 7, 10 | 12 |
| RIO 2 2D | 5 | L |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| BAD NEIGHBOURS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| BAD NEIGHBOURS VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | |
| TRANSCENDENCE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| NOAH | KL. 5 | 12 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| BAD NEIGHBOURS | KL. 10:20 | 12 |
| TRANSCENDENCE | KL. 10:20 | 12 |
| THE OTHER WOMAN | KL. 8 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| TRANSCENDENCE | KL. 5:25 - 8 - 10:35 | 12 |
| THE AMAZING SPIDER-MAN 2 3D | KL. 4:50 - 7:40 - 10:35 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | | |
| TRANSCENDENCE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5 - 8 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 2D | KL. 10:50 | 12 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| TRANSCENDENCE | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 5:10 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5:10 - 10:10 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 8 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ 5% | | |
|---|---|---|
| BAD NEIGHBOURS | KL. 3.30 - 5.40 - 8 - 10.10 | 12 |
| BAD NEIGHBOURS LÚXUS | KL. 3.30 - 5.40 - 8 - 10.10 | 12 |
| THE OTHER WOMAN | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL. 5 - 8 - 10 | 12 |
| RIO 2 2D ÍSL. TAL | KL. 3.30 | L |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 3.30 - 6 - 8 | 7 |

| HÁSKÓLABÍÓ 5% | | |
|---|---|---|
| BAD NEIGHBOURS | KL. 5.40 - 8 - 10.10 | 12 |
| THE OTHER WOMAN | KL. 10.10 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL. 9 | 12 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 4 - 6 | 7 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 5.45 - 10.15 | 7 |

Miðasala á: Miði

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

# Frú forseti tilkynnir

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Ég hef ekki setið nema þrjá húsfundi á ævi minni þótt ég hafi talist til húseigenda í fjölbýli í meira en tíu ár. Það hafa bara ekki verið haldnir fundir, svo einfalt er það. Ég kann svo sem engar skýringar á því aðrar en þær að almennt er fólk latt til fundarhalda. Dagskrárefni eins og yfirferð ársreikninga og garðsláttur kveikja ekki í mörgum. Spurning með liðinn „önnur mál", en samt.

**EN** nýjum stað fylgja nýir siðir. Nokkrum vikum eftir að ég flutti inn fékk ég boð um að aðalfundur húsfélagsins yrði haldinn tiltekinn dag. Þetta yrði sem sagt þriðji húsfundurinn minn og ekki laust við smá titring. Ég vissi ekkert hvernig ætti að haga sér á slíkum samkomum.

**ÉG** hélt ekki að bóndinn væri neitt sjóaðri en ég, hafandi setið jafnmarga húsfundi. Því komu snarheit hans mér á óvart er hann hrópaði „pant ekki ég!" þegar kjósa átti formann. Líklega heitir það að „gefa ekki kost á sér" á stöðluðu fundarmáli, eftir það var hann stikkfrí. Áður en ég vissi af hafði fundurinn samþykkti mig sem formann húsfélagsins og sneri sér fumlaust að öðrum málum.

**MIG** svimaði örlítið yfir nýfengnum titlinum. Hef ekki borið neinn viðlíka áður, Formaður! Ég átti erfitt með að fylgjast með því sem fram fór á fundinum eftir þetta en hripaði þó niður eitthvað um verkaskiptingu við garðslátt, því til viðbótar við formannsembættið hafði ég nefnilega verið tilnefnd ritari fundarins!

**ÖNNUR** mál voru rædd og ákvarðanir teknar. Á meðan mátaði ég formanninn við mig í huganum og velti fyrir mér hvort ég kæmist upp með að kalla mig Frú formann! Ég gæti jafnvel prentað tilkynningar til íbúa hússins á sérstakt bréfsefni með haus. „Frú formaður tilkynnir".

**ÉG** hreinritaði fundargerðina síðar um kvöldið og vandaði mig eins og ég gat. Áður en ég ýtti á prenta strokaði ég þó út neðstu línuna. Þar hafði ég skrifað, með fullglannalegu letri:
**mbk.**
**Frú forseti.**



**UNGIR OG ÁHUGASAMIR** Vinirnir þrír Gunnsteinn Helgi, Orri Páll Vilhjálmsson og Fannar Alexander voru hressir.



**FEÐGAR AÐ FRÆÐAST** Feðgarnir Bergþór Þorvaldsson og Þorvaldur Ólafsson voru á staðnum ásamt Jóni Arnari.

# GÓÐIR GESTIR ÚLFSINS

Það var fámennt en góðmennt á fyrirlestri Jordans Belfort, einnig þekktur sem Úlfurinn á Wall Street, í Háskólabíó í gær. Mikill spenningur var í gestum fyrirlestrarins í hádeginu þar sem þeim var boðið upp á samlokur frá Lemon en sölunámskeiðið sjálft hófst klukkustund síðar og voru gestir í heildina sáttir.




**ÁKAFUR KENNARI** Jordan Belfort lifir sig inn í kennarahlutverkið.



**HRESSIR OG UPPSTRÍLAÐIR** Arnar Gunnlaugsson og Þórður Guðjónsson fóru í jakkaföt í tilefni dagsins.



**GAMAN SAMAN** Lína Birgitta Sigurðardóttir ásamt Gunnari Andri Þórissyni.



**HOPPANDI KÁTUR** Ásgeir Kolbeinsson var hress að vanda ásamt Bryndísi Heru Gísladóttur.



**GÓÐIR GESTIR** Agnes Erlingsdóttir og Elín Helena Bjarnadóttir skemmtu sér vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Ný vara!
Prófaðu hana
strax í dag

# Prófaðu nýjar íslenskar skonsur

## frá Myllunni

Gríptu nýju skonsurnar frá Myllunni með í búðinni. Þær eru nýbakaðar á hverjum degi í bakaríi Myllunnar í Skeifunni. Fáðu bragðgóðar ekta íslenskar skonsur í hádeginu eða með kaffinu. Þær eru litlar og nettar og því afar hentugt að grípa þær með sér til að fá sér smá bita.

Útbúðu þína uppáhaldsskonsu, t.d. með smjöri og osti, salati og góðu áleggi eða bara sírópi.

***Prófaðu nýju skonsurnar frá Myllunni sem fást í næstu verslun.***




ÍSLENSKT já takk!

***Skonsurnar frá Myllunni eru íslensk framleiðsla. Þær eru mjúkar, bragðgóðar og ilmandi***

***Taktu þær með í nesti***

*Skoðaðu **myllan.is***

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

*Viltu skonsuna þína með smjöri og osti eða sírópi? Fylgstu með okkur á **facebook.com/Myllubraud** og segðu okkur hvernig þér finnst skonsurnar bestar. Við viljum heyra hvað þér finnst.*

## Sex gervigrasleikir í fyrstu tveimur umferðunum



Mótanefnd KSÍ gerði í gær þrjár breytingar á leikjum annarrar umferðar Pepsi-deildar karla í fótbolta en umferðin fer fram annað kvöld. Þrír af sex leikjum umferðarinnar fara nú fram á gervigrasi, þar af verður tvíhöfði á gervigrasinu í Laugardal. Víkingur og Fram mætast klukkan 18.00 í Dalnum og klukkan 20.30 fer fram leikur Vals og Keflavíkur en báðir leikir verða sýndir beint á Stöð 2 Sporti. Þriðji leikurinn sem var færður í gær var síðan stórleikur Breiðabliks og KR sem fer nú fram á Samsungvellinum í Garðabæ þar sem Kópavogsvöllurinn er ekki leikfær. Sex af tólf leikjum fyrstu tveggja umferða Pepsi-deildar karla verða því spilaðir á gervigrasi en Keflavík, FH (tveir leikir), Fjölnir, ÍBV og Þór hafa aftur á móti getað spilað á grasvöllum sínum. -óój

## Kveðjustund hjá Ryan Giggs í gærkvöldi?

**FÓTBOLTI** Ryan Giggs stýrði Manchester United til 3-1 sigurs á Hull í gær í síðasta heimaleik liðsins í ensku úrvalsdeildinni á tímabilinu en það sem meira er, hann skipti sjálfum sér inn á völlinn tuttugu mínútum fyrir leikslok í hugsanlega síðasta leik sínum í búningi United. Eftir leikinn hélt hann þakkarræðu á miðju vallarins alveg eins og Sir Alex Ferguson fyrir ári. Giggs þakkaði þá fyrir stuðninginn á erfiðu tímabili. „Öll velgengnin undanfarin ár hefur vissulega spillt okkur en ég er viss um að okkur tekst að upplifa þessa velgengni á ný á næstu árum og í kvöld fengið þið smá sýn inn í framtíðina. Ef þið haldið áfram að styðja okkur þá koma góðu tímarnir fljótt aftur," sagði Giggs. Hann henti tveimur táningum inn í byrjunarliðið og annar þeirra, hinn 18 ára gamli James Wilson, skoraði tvö fyrstu mörk liðsins í sínum fyrsta leik í búningi United. Ryan Giggs lék þarna sinn 963. leik fyrir United en hann lék sinn fyrsta leik fyrir aðallið United í mars 1991 og er nú að klára sitt 24. tímabil í ensku deildinni. Giggs hefur tryggt 35 titla fyrir félagið, þar af Englandsmeistaratitilinn þrettán sinnum. Giggs passaði sig á því að tala ekkert um hvort þetta hefði verið síðasti leikurinn hans fyrir United eða hvort að hann starfaði áfram fyrir félagið. Það bendir þó margt til þess að ferill sigursælasta leikmanns United sé nú á enda. -óój



**INN Á Í SÍÐASTA SINN?** Ryan Giggs skiptir hér sjálfum sér inn á völlinn á Old Trafford í gær. NORDICPHOTOS/GETTY



**STEINLIGGUR** Mads Nielsen lét KR-inga hafa fyrir hlutunum á gervigrasinu í Laugardal í fyrstu umferð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS KYNNIR

KKÍ

LOKAHÓF 2014

Laugardalshöll Fös. 9. maí
Húsið opnar 19.30 - Dagskrá frá 20.00

Veislustjóri: Sólmundur Hólm
Sjá nánar á www.kki.is

Miðaverð: 2.900 kr.

Miðasala og pantanir á skrifstofu KKÍ
kki@kki.is / 514-4100

DOMINO'S DEILDIN · POWERADE · ICELANDAIR · Lengjan www.getraunir.is · Hertz

# Fjöllin eini munurinn

Danski miðvörðurinn **Mads Nielsen** er leikmaður 1. umferðar í Pepsi-deildinni. Hann vildi flytja til Íslands til að standa á eigin fótum. Býr með James Hurst.

**Tómas Þór Þórðarson**
tom@frettabladid.is

„Ég er hrikalega ánægður með þessa byrjun," segir Mads Lennart Nielsen, 19 ára gamall miðvörður Vals, sem átti stórleik í hjarta varnarinnar er Hlíðarendapiltar lögðu Íslandsmeistara KR, 2-1, í fyrstu umferð Pepsi-deildar karla í knattspyrnu. Hann er leikmaður umferðarinnar hjá Fréttablaðinu fyrir sína frammistöðu.

„Við bjuggumst við meiru frá KR en við vissum að ef við gætum pressað hátt, haldið haus og verið einbeittir þá gætum við unnið þá," segir Daninn sem hefur litið sífellt betur út eftir að hann kom til Valsmanna í vetur.

**Byrjaði sem framherji**

Þessi öflugi miðvörður var einnig nokkuð skæður í vítateig andstæðinganna á undirbúningstímabilinu en það hefur sína skýringu.

„Ég var framherji þegar ég var yngri. Það var svolítið erfitt að skipta yfir í miðvörðinn þegar ég var beðinn um það en ég var fljótur að aðlagast. Mér var alveg sama hvar ég spilaði, bara svo lengi sem ég fékk að spila. Ég get spilað hvaða stöðu sem er," segir Nielsen, sem á að baki leiki með öllum yngri landsliðum Dana.

**Vildi standa á eigin fótum**

Nielsen er í eigu danska stórliðsins Bröndy en hann hefur verið á mála hjá liðinu í fjögur og hálft ár. Hann fékk þó lítið að spila og því var brugðið á það ráð að koma honum eitthvert á lán.

„Ég var fimmti maðurinn í mína stöðu hjá Bröndby þannig að ég vildi komast eitthvað annað og fá að spila. Annars verður maður ekkert betri," segir Daninn ungi en honum bauðst að fara til liða í föðurlandinu.

Honum hugnaðist það þó ekki því það virtist of auðvelt. Nielsen vildi komast í annað umhverfi þar sem hann þyrfti að vinna fyrir hlutunum og læra að standa á eigin fótum.

„Mér bauðst að fara til liða í Danmörku á láni en síðan var þessi möguleiki að koma til Íslands. Ég tók þá ákvörðun sjálfur að ég vildi komast burt til að þroskast sem persóna og leikmaður. Ég sagði fjölskyldunni minni og liðinu að ég vildi nýta þetta tækifæri og svo er bara að sjá hvað þetta gerir fyrir mig," segir hann.

> **Ég var framherji þegar ég var yngri. Það var svolítið erfitt að skipta yfir í miðvörðinn.**
>
> *Mads Nielsen, miðvörður Vals.*

**Tungumálið erfitt**

Nielsen líkar lífið á Íslandi. Hann segir muninn lítinn á Danmörku á Íslandi en það sé þó eitt sem hann ræður illa við.

„Ég nýt lífsins hérna. Ísland er ekki ósvipað Danmörku. Eini munurinn eru fjöllin. Já, og tungumálið. Það er mesta vandamálið. En sem betur fer tala allir ensku og margir tala líka dönsku þannig þetta er í lagi. En íslenskan er mesta vandamálið," segir Nielsen, sem býr með enska bakverðinum James Hurst.

„Þegar ég kom fyrst bjó ég með Nesta (Matarr Jobe) og Lukas Ohlander. En síðan kom Hurst og þá vorum við settir saman. Hann er alveg virkilega góður gaur sem gaman er að deila íbúð með."

**Er bara einn leikur**

Nielsen er spenntur fyrir sumrinu og möguleikum Valsmanna sem setja stefnuna á Evrópusæti. En eru vonirnar orðnar meiri núna eftir að Íslandsmeistararnir voru sigraðir í fyrsta leik?

„Við erum allavega með mjög gott lið. En þetta er bara einn leikur. Við vorum vissulega að vinna besta liðið en það vilja öll liðin í deildinni vinna titilinn. Við sjáum bara til hvað gerist. Næst mætum við Keflavík á fimmtudaginn og ef við töpum þar og KR vinnur sinn leik erum við aftur jöfn að stigum. Þetta er bara rétt að byrja," segir Mads Lennart Nielsen.

## GÓÐ UMFERÐ FYRIR ...



**➜ Hörð Sveinsson, Keflavík**
Skoraði tvö mörk í 3-1 sigri á Þór og kólnaði greinilega enginn niður þrátt fyrir kaldan vetur.

**Gunnar Már Guðmundsson, Fjölni**
Fullkomin heimkoma fyrir Herra Fjölni. 3-0 sigur og gott mark í fyrsta deildarleik hans í Fjölnisbúningnum í fimm ár.

**Magnús Gylfason, þjálfara Vals**
Stýrði sínum mönnum til sigurs á Íslandsmeisturunum í fyrsta leik.

# Veturinn segir okkur að Valur verði meistari

Valur stendur uppi sem Íslandsmeistari í handbolta kvenna eftir spennandi einvígi að mati þjálfara Gróttu.

**HANDBOLTI** Úrslitaeinvígi Stjörnunnar og Vals um Íslandsmeistaratitil kvenna í handbolta hefst í kvöld í Mýrinni í Garðabæ en flautað verður til leiks klukkan 19.45. Stjarnan er deildar- og deildarbikarmeistari en Valskonur unnu bikarmeistaratitilinn. Fréttablaðið fékk Kára Garðarsson, þjálfara Gróttu, til að rýna í einvígið og hann segir það ómdeilt að þarna mætist tvö bestu lið landsins.

„Það er engin spurning. Veturinn hefur sýnt það að Stjarnan og Valur eru með bestu liðin. Þau mættust í bikarnum og enduðu í tveimur efstu sætum deildarinnar. Stjarnan vinnur okkur, 3-1, í undanúrslitum og Valur vinnur ÍBV, 3-1. Þetta eru bestu liðin, alveg klárt,“ segir Kári. En hvernig sér hann þessa leiki spilast?

„Það er ofboðslega erfitt að ráða í þetta. Veturinn segir okkur að Valskonur séu sigurstranglegri. Valur sigraði í tveimur innbyrðisleikjum liðanna í vetur og svo gerðu þær eitt jafntefli. Ef maður horfir á tölurnar bara hrátt þá hallast maður að Valssigri en ég held það verði þá í fjórum til fimm leikjum. Allavega vonast maður eftir því,“ segir Kári en bæði lið hafa misst leikmenn í meiðsli.

„Sólveig Lára var ekkert með Stjörnunni á móti okkur og áður eru Garðbæingar búnir að missa Hönnu Birnu í meiðsli. Þar fara rosalega mörg hraðaupphlaupsmörk. Aftur á móti verður Valur ekki með Jenny í markinu. Begga (Berglind Íris Hansdóttir) er ekkert síðri markvörður en nú þarf hún að spila kannski fimm leiki í úrslitarimmu og maður veit ekki alveg í hvernig spilformi hún er. Svo missti Valur líka Írisi Ástu út sem er vanmetinn leikmaður. Það er eitthvað sem þarf að skoða rækilega.“

Hvað þarf Stjarnan að gera til að vinna þetta einvígi? „Hún þarf að spila sinn sterka varnarleik og stoppa þessa reynslumiklu leikmenn Vals. Stjörnustúlkurnar verða líka að skora eitthvað úr hraðaupphlaupum og seinni bylgjum því þeim hefur stundum gengið erfiðlega í sóknarleiknum,“ segir Kári. En hvernig spáir hann að einvígið fari?

„Ég held að Valur vinni þetta á endanum, 3-2.“ - tom



**SPENNA** Hrafnhildur Skúladóttir fer í gegn í bikarsigri Vals. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**MEISTARI MEÐ BÁÐUM** Kristín Guðmundsdóttir hefur orðið Íslandsmeistari með bæði Val (2010-12) og Stjörnunni (2005) á ferlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Tap í kvöld er enginn dauðadómur

**HANDBOLTI** Stjarnan og Valur hefja í kvöld úrslitaeinvígi sitt um Íslandsmeistaratitilinn í Olís-deild kvenna.

Það hefur verið mikið rætt og skrifað um mikilvægi fyrsta leiks í svona seríu en ef marka má síðustu tvö úrslitaeinvígi hjá konunum þá er það samt enginn dauðadómur að tapa fyrsta leiknum í einvíginu.

Valur (2012) og Fram (2013) töpuðu bæði leik eitt á heimavelli en komu til baka og tryggðu sér titilinn eftir sigur í oddaleik. Á árunum 2009 til 2011 vann sigurvegari fyrsta leiksins hins vegar alltaf titilinn. - óój

## Hafa unnið alla leikina

**HANDBOLTI** Stjörnukonur hafa verið á sigurbraut í úrslitakeppni Olís-deildarinnar til þessa því deildarmeistararnir úr Garðabæ hafa unnið fimm fyrstu leiki sína í úrslitakeppninni.

Stjarnan vann tvo sigra á HK í átta liða úrslitunum og alla þrjá leiki sína á móti Gróttu í undanúrslitunum. Valskonur slógu Hauka út 2-0 í átta liða úrslitum og unnu síðan 3-1 sigur á ÍBV í undanúrslitunum.

Stjarnan er búin að sigra öll lið deildarinnar nema Val. Valur náði í þrjú af fjórum mögulegum stigum í innbyrðisleikjum liðanna í vetur og vann síðan fimm marka sigur í bikarúrslitaleik liðanna. - óój


Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE

Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010




Háskólabærinn Akureyri

Skóli er ekki aðeins hús, ekki aðeins upplýsingar og fræðsla.
Skóli er samfélag.

Háskólinn á Akureyri er litríkt samfélag fræðimanna og nemenda sem hefur sett mikinn svip á höfuðstað Norðurlands. Stærð samfélagsins gerir það að verkum að vægi hvers og eins er meira en þekkist í stærri skólum. Við hlökkum til að taka á móti þér og sjá þig vaxa og springa út í Háskólanum á Akureyri.

Umsóknarfrestur til 5. júní unak.is

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20.55
### Grey's Anatomy

Tíunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan-spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.



## Í KVÖLD



### Í garðinum með Gurrý II
**SJÓNVARPIÐ KL. 20.00** Í garðinum með Gurrý sýnir Guðríður Helgadóttir garðyrkjufræðingur áhorfendum réttu handtökin við garðyrkjustörfin og fer í áhugaverðar heimsóknir.



### Fjórgangur – Meistaraflokkur
**STÖÐ 2 SPORT KL. 17.00** Bein útsending frá Reykjavíkurmeistaramótinu í hestaíþróttum sem fram fer í Víðidal á félagssvæði Fáks 7.-11. maí. Þetta er eitt sterkasta mót ársins þar sem keppt er í öllum flokkum.



### Heimsókn
**STÖÐ 2 KL. 20.35** Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en þó öll útbúin af smekklegheitum.

## X-ið 977 kl. 08.00
### Harmageddon

Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 8-11. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag.




# 93%

dagblaðalesenda á höfuðborgarsvæðinu í aldurshópnum 18–49 ára lesa Fréttablaðið.*

Samsvarandi fjöldi myndi fylla Stóra svið Borgarleikhússins hundrað sinnum.

* Skv. fjölmiðlakönnun Capacent Gallup, júl–sept 2013.



65% lesa bara Fréttablaðið

28% lesa bæði blöðin

7% lesa bara Morgunblaðið




JANÚAR

Allt sem þú þarft ...


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **Malcolm In The Middle**
**08.30** **Wipeout**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.20** **Spurningabomban**
**11.05** **Touch**
**11.50** **Grey's Anatomy**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Veistu hver ég var?**
**13.50** **Up All Night**
**14.10** **2 Broke Girls**
**14.35** **Go On**
**15.00** **Sorry I've Got No Head**
**15.30** **Tommi og Jenni**
**15.55** **UKI**
**16.00** **Frasier**
**16.25** **Mike and Molly**
**16.45** **How I Met Your Mother**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Svínasúpan**
**19.45** **The Middle** *(24:24)*
**20.10** **How I Met Your Mother** *(3:24)*
**20.35** **Heimsókn**
**20.55** **Grey's Anatomy** *(22:24)*
**21.40** **Believe** *(7:13)*
**22.25** **Falcón** *(1:4)*
**23.10** **The Blacklist**
**23.55** **NCIS**
**00.40** **Person of Interest**
**01.25** **The Killing**
**02.55** **It's Alive**
**04.20** **Grey's Anatomy**
**05.05** **The Middle**
**05.30** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**10.25** **Þýsku mörkin**
**10.55** **Real Madrid - Valencia**
**12.35** **Meistaradeild Evrópu: Chelsea - Atletico Madrid**
**14.15** **Moto GP**
**15.10** **Fram - ÍBV**
**17.00** **Fjórgangur – Meistaraflokkur** Bein útsending.
**18.50** **Valladolid - Real Madrid** BEINT
**21.00** **Pepsímörkin 2014**
**22.15** **Levante - Atletico Madrid**
**23.55** **Valladolid - Real Madrid**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** **Man. Utd. - Hull**
**11.05** **Messan**
**12.30** **West Ham - Tottenham**
**14.10** **Ensku mörkin – úrvalsdeildin**
**15.05** **Japan, Recife and Ivory Coast** Skemmtilegir þættir um landsliðin sem munu keppa á HM 2014 í Brasilíu.
**15.35** **Football League Show 2013/14**
**16.05** **Man. Utd. - Hull**
**17.45** **Inside Manchester City**
**18.35** **Man. City - Aston Villa** BEINT
**20.45** **Sunderland - WBA**
**22.25** **Man. City - Aston Villa**
**00.05** **Chelsea - Norwich**

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur, tækni og kennsla **21.00** Í návígi **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**16.35** **American Idol**
**18.15** **Malibu Country**
**18.35** **Bob's Burgers**
**19.00** **Junior Masterchef Australia**
**19.45** **Baby Daddy**
**20.10** **Revolution** *(11:22)*
**20.50** **Arrow** *(21:24)*
**21.35** **Tomorrow People** *(12:22)* Spennuþættir um hóp ungmenna sem koma alls staðar að úr heiminum og eru næsta kynslóð mannkynsins.
**22.15** **The Unit** *(13:22)*
**23.00** **Hawthorne**
**23.40** **Supernatural**
**00.20** **Junior Masterchef Australia**
**01.05** **Baby Daddy**
**01.25** **Revolution**
**02.10** **Arrow**
**02.55** **Tomorrow People**
**03.35** **The Unit**
**04.25** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.45** Hvellur keppnisbíll **07.55** UKI **08.00** Ævintýri Tinna **08.25** Skógardýrið Húgó **08.47** Hello Kitty **08.55** Rasmus Klumpur **09.00** Brunabílarnir **09.23** Latibær **09.47** Skoppa og Skrítla **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli **10.55** Leyndarmál vísindanna **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.45** Hvellur keppnisbíll **11.55** UKI **12.00** Ævintýri Tinna **12.25** Skógardýrið Húgó **12.47** Hello Kitty **12.55** Rasmus Klumpur **13.00** Brunabílarnir **13.23** Latibær **13.47** Skoppa og Skrítla **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli **14.55** Leyndarmál vísindanna **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.45** Hvellur keppnisbíll **15.55** UKI **16.00** Ævintýri Tinna **16.25** Skógardýrið Húgó **16.47** Hello Kitty **16.55** Rasmus Klumpur **17.00** Brunabílarnir **17.23** Latibær **17.47** Skoppa og Skrítla **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli **18.55** Leyndarmál vísindanna **19.00** Ljóti andarunginn og ég **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.50** **Strákarnir**
**18.15** **Friends**
**18.35** **Seinfeld**
**19.00** **Modern Family**
**19.20** **Two and a Half Men**
**19.45** **Hamingjan sanna** *(6:8)*
**20.25** **Örlagadagurinn** *(14:14)*
**21.00** **Twenty Four** *(22:24)*
**21.40** **Chuck** *(6:13)*
**22.25** **Cold Case** *(2:23)* Slökkviliðsmaður biður Lillý að sanna að glæpamanns myrti fyrstu eiginkonu hans.
**23.10** **Without a Trace**
**23.50** **Curb Your Enthusiasm**
**00.20** **Hamingjan sanna**
**00.55** **Örlagadagurinn**
**01.30** **Twenty Four**
**02.15** **Chuck**
**02.55** **Cold Case**
**03.40** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**10.20** **Hook**
**12.40** **Glee: The 3D Concert Movie**
**14.05** **Notting Hill**
**16.10** **Hook**
**18.30** **Glee: The 3D Concert Movie**
**19.55** **Notting Hill**
**22.00** **Cloud Atlas**
**00.50** **Prometheus**
**02.50** **Blood Out**
**04.20** **Cloud Atlas**

## RÚV

**14.25** **Söngvakeppni evrópska sjónvarpsstöðva**
**16.25** **Ljósmóðirin**
**17.20** **Disneystundin**
**17.21** **Finnbogi og Felix**
**17.43** **Sígildar teiknimyndir**
**17.50** **Herkúles**
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Nýsköpun – Íslensk vísindi III**
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Veðurfréttir**
**19.30** **Íþróttir**
**19.40** **Kastljós**
**20.00** **Í garðinum með Gurrý II** *(2:6)*
**20.30** **Neyðarvaktin** *(20:22)*
**21.15** **Í mat hjá mömmu** *(7:7)*
**21.40** **Svellkaldar konur 2014** Ístöltkeppni kvenna í Skautahöllinni í Laugardal sem fram fór í mars.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Roman Polanski: Eftirsóttur og eftirlýstur** *(Roman Polanski: Wanted and Desired)*
**00.00** **Kastljós**
**00.20** **Fréttir**
**00.30** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**16.15** **Psych**
**17.00** **Once Upon a Time**
**17.45** **Dr. Phil**
**18.25** **The Good Wife**
**19.10** **America's Funniest Home Videos**
**19.35** **Everybody Loves Raymond**
**20.00** **Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking** *(17:20)*
**20.25** **Solsidan** *(5:10)* Sænsku gleðigosarnir í Solsidan snúa aftur í fjórðu seríunni af þessum sprenghlægilegu þáttum sem fjalla um tannlækninn Alex og eiginkonu hans, atvinnulausu leikkonuna Önnu, sem flytja í sænska smábæinn Saltsjöbaden þar sem skrautlegir karaktear leynast víða.
**20.50** **The Millers** *(18:22)*
**21.15** **Unforgettable** *(11:13)* Bandarískir sakamálaþættir um lögreglukonuna Carrie Wells sem glímir við afar sjaldgæft heilkenni sem gerir henni kleift að muna allt sem hún hefur séð eða heyrt á ævinni.
**22.00** **Blue Bloods** *(18:22)*
**22.45** **The Tonight Show**
**23.30** **Leverage**
**00.15** **Unforgettable**
**01.00** **Blue Bloods**
**01.45** **The Tonight Show**
**02.30** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRSPORT

**06.00** Motors TV **12.10** Bundesliga Highlights Show **13.00** Dutch League - Highlights 2014 **14.00** Borussia Dortmund - 1899 Hoffenheim **16.00** AFC Ajax - NEC Nijmegen **00.00** Motors TV

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **13.00** Golfing World 2014 **13.50** PGA Tour 2014 - Highlights **14.45** US OPEN 2000 **17.45** 2013 Players Championship Official Film **18.35** Champions Tour 2014 - Highlig **19.30** Golfing World 2014 **20.20** 2013 Players Championship Official Film **21.10** Golfing World 2014 **22.00** Champions Tour 2014 - Highlig **22.55** Inside The PGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


FRÁ FRAMLEIÐANDANUM CHRISTOPHER NOLAN
LEIKSTJÓRA DARK KNIGHT ÞRÍLEIKSINS
OG INCEPTION
★★★★
"WHAT A STUNNING
PIECE OF WORK"
CHICAGO SUN TIMES
★★★★
„The focus on artificial intelligence
in „Transcendence" with
Johnny Depp is brilliant..."
LOS ANGELES TIMES
★★★★
THE NEW YORK TIMES
TRANSCENDENCE
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á
SAMbio.is
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
SAMBÍÓIN

BÍÓMYNDIN



**Eternal Sunshine of the Spotless Mind. Hún er bara svo yndislega melankólísk og falleg á sama tíma.**

Valdimar Guðmundsson tónlistarmaður.

# Ekkert lögbann á kvikmyndina Vonarstræti

Kvikmyndinni Vonarstræti hefur verið hótað lögbanni en hún segir meðal annars frá glamúrlífi svokallaðra útrásarvíkinga. Myndin verður frumsýnd 16. maí.

„Ef menn reyna að fá lögbann, þá þurfa þeir að reiða fram talsvert fé. Við höfum allavega ekki heyrt meira en þetta eina símtal frá aðilanum," segir Ingvar H. Þórðarson, einn af framleiðendum myndarinnar Vonarstrætis. Segir hann að aðili hafi hringt í sig og hótað lögbanni á myndina en vill þó ekki nafngreina hann.

Vonarstræti fjallar að hluta til um glamúrlíf svokallaðra útrásarvíkinga árið 2007. Talið er að ein persónan í myndinni hafi farið fyrir brjóstið á þeim aðila sem hótaði kæru fyrir ærumeiðingar og lögbanni á myndina. Á þá sú persóna að hafa verið iðin við að skaffa fíkniefni og vændiskonur í gleðskap sem fram fór um borð í glæsilegri snekkju.

„Myndin er ekki að taka á neinum sérstökum einstaklingum á þessum góðæristímum en það var ýmislegt í gangi á þessum tíma," segir Ingvar og bætir við: „Það getur verið að margir kannist við sjálfan sig þarna og vorum við beðnir um að klippa ákveðin atriði úr myndinni."

Hótanirnar hafa þó eins og er engin áhrif á gang mála og verður myndin frumsýnd þann 16. maí næstkomandi. „Maður veit svo sem aldrei hvað gerist en myndin er á áætlun sem stendur," bætir Ingvar við. **-glp**



**PARTÍPINNI** Vonarstræti hefur verið hótað lögbanni. Talið er að aðilinn sem hótaði lögbanninu sjái sjálfan sig í ákveðinni persónu í myndinni. MYND/EINKASAFN








**DANSARAR RANNSAKA** Alexander Roberts og Ásrún Magnúsdóttir eru fjölhæfir danshöfundar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þjóðdans poppstjarna

Danshöfundarnir Ásrún Magnúsdóttir og Alexander Roberts vinna nú að því að rannsaka tengingu hreyfingar innan tónlistarinnar og hlutverks líkamans á sviði.

„Þetta er sem sagt dansrannsókn sem snýr að hreyfigetu poppstjarna, við erum að rannsaka hreyfingar þeirra og hvert hlutverk hreyfingar sé innan tónlistarinnar," segir Ásrún Magnúsdóttir danshöfundur en hún vinnur að dansrannsókninni ásamt Alexander Roberts. „Við erum að velta fyrir okkur hlutverki líkamans á sviði," segir Alexander. „Í tónlist þá einbeitum við okkur augljóslega að tónlistinni, en síðan er önnur vídd sem snýr að líkama tónlistarmannsins og nærveru hans á sviðinu."

Verkefnið er ekki fyrsta rannsókn tvíeykisins en seinast rannsökuðu þau dansmenninguna Reykvíkinga. „Hugmyndin að þessari rannsókn spratt svolítið út frá því," segir Ásrún. „Við skoðuðum þær aðstæður þar sem líkaminn er oft hundsaður og bjuggum til eins konar þjóðdans Reykvíkinga, en núna vildum við taka fyrir nýjan hóp og sjá hver dans þeirra væri."

Alexander og Ásrún hafa þegar hafið störf með einni af tveimur poppstjörnum sem taka þátt í rannsókninni. „Það var mjög áhugavert að sjá hvað hann var í raun meðvitaður um hreyfingar sínar og hafði pælt í þeim áður," segir Ásrún en verkið verður með því sniði að hver stjarna flytur tuttugu mínútna dansverk án hljóðs. „Þetta eru í raun tónleikar með tónlistarmanninum nema hreyfingin er aðalatriðið," segir Alexander um dansverkið. „Þannig er grunnhugmyndin en síðan vitum við náttúrlega ekki hvort það sé algjör hörmung, það er hluti af rannsókninni," segir Ásrún og hlær. Danstvíeykið

> **Það var mjög áhugavert að sjá hvað hann var í raun meðvitaður um hreyfingar sínar og hafði pælt í þeim áður.**

ætlar sér þó að fara lengra með rannsóknir sínar á tengslum dans og tónlistar. „Við erum að búa til nokkra útvarpsþætti þar sem við skoðum mismunandi tónlistarstefnur og þær mismunandi hreyfingar sem fylgja hverri stefnu," segir Alexander. „Núna erum við að skoða svonefndan slamm-dans sem fylgir pönki og skoða þær hreyfingar við þá tónlist," segir Alexander og verkefnið er því tvíþætt: „Annars vegar er það sýningin með poppstjörnunum og hins vegar útvarpsþátturinn."

**baldvin@365.is**

# Fengu danskennslu hjá Helga Björns

Gígja og Bjartey úr hljómsveitinni Ylju tóku upp lag með Reiðmönnum vindanna.

„Við hlustuðum á lagið og leist ótrúlega vel á það. Það er líka gaman að stíga út fyrir rammann og gera eitthvað nýtt, svo ekki sé minnst á samstarfið með Helga Björns. Það var ekkert nema þrusustuð," segir Gígja Skjaldardóttir. Hún, ásamt Bjartey Sveinsdóttur, tók nýverið upp lagið Viltu dansa eftir Magnús Eiríksson með Helga Björnssyni og Reiðmönnum vindanna en þær Bjartey eru þekktastar fyrir að vera í hljómsveitinni Ylju.

Lagið var tekið upp í Stúdíói 313 og segir Gígja að mikið fjör hafi verið í upptökunum.

„Helgi reyndi að kenna okkur sixtísdans sem kallast „shake". Við vorum ekki alveg með'etta. Ekki eins og hann. Helgi var kominn aðeins lengra í þessu en við. Spurning hvort við æfum okkur aðeins," segir Gígja hlæjandi en það var ekki aðeins mannfólkið sem tók sporið í stúdíóinu.

> **Hundurinn hans Helga var við hliðina á okkur og söng og dansaði með. Hann heitir Kátur og stendur svo sannarlega undir nafni.**
>
> *Gígja Skjaldardóttir.*

„Hundurinn hans Helga var við hliðina á okkur og söng og dansaði með. Hann heitir Kátur og stendur svo sannarlega undir nafni."

Þetta er í fyrsta sinn sem stúlkurnar vinna með öðrum tónlistarmönnum án þess að vera undir merkjum hljómsveitarinnar Ylju en lagið Viltu dansa verður frumflutt á útvarpsstöðvum í dag. Bjartey og Gígja láta sér ekki leiðast og næg verkefni eru fram undan hjá Ylju.



**BRJÁLAÐ STUÐ** Gígja og Bjartey skemmtu sér konunglega í stúdíóinu með Helga Björns. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Við erum á fullu að semja nýtt efni og taka upp og við stefnum á að gefa út plötu á þessu ári. Síðan ætlum við að taka Íslandstúr í sumar, fara til Eistlands og spila og hitt og þetta." **-lkg**

# BORGARLEIKHÚSIÐ OG BALTASAR KORMÁKUR KYNNA

HANDRIT OG SÖNGTEXTAR
**LEE HALL**

UPPRUNALEGA SETT UPP Í LONDON AF
**STEPHEN DALDRY**

TÓNLIST
**ELTON JOHN**

# BILLY ELLIOT



## LEITUM AÐ STRÁKUM OG STELPUM Á ALDRINUM 8 - 14 ÁRA

## SKRÁNING Í ÁHEYRNARPRUFUR Í DAG KL.16

**Við efnum til hæfileikadaga í Borgarleikhúsinu þar sem við leitum að krökkum til að taka þátt í uppfærslu á söngleiknum Billy Elliot sem frumsýndur verður í mars 2015 í leikstjórn Bergs Þórs Ingólfssonar.**

Við leitum að krökkum sem geta leikið, dansað og sungið - eða hvaðeina annað sem Billy og vinir hans ættu að geta gert.
Allir krakkar á aldrinum 8 - 14 ára geta tekið þátt. Prufurnar/hæfileikadagarnir fara fram helgina 10. og 11. maí 2014.
Skráning fer fram í Borgarleikhúsinu miðvikudaginn 7. maí klukkan 16.

**Hlökkum til að sjá ykkur!**

Skráningarblað og nánari upplýsingar á prufur@borgarleikhus.is og borgarleikhus.is

Rvk. STUDIOS

Borgarleikhúsið




Kynntu þér málið á **transatlantic.is** Sími: **588-8900**

# VEGAS
# 20-24 NÓVEMBER

122 SPILAVÍTI, 315 BRÚÐKAUP Á DAG, 37 GOLFVELLIR, 124.370 HÓTELHERBERGI

Þá er komið að því að í fyrsta skipti í sögunni verður boðið upp á beint flug til LAS VEGAS í Ameríku sem allir vita að er eitt alsherjardæmi fyrir frábær kvöld, skemmtun og meira. Við komu til Las Vegas eru farþegar færðir inn á hótel og aðstoðaðir við innritun en svo er einfaldlega gert ráð fyrir því að hver sé sinnar gæfu smiður og sjái um sig þessa daga og kvöld úti - enda af nægu er að taka á staðnum

**ENDALAUS SKEMMTUN ENDALAUST FJÖR ENDALAUSIR MÖGULEIKAR**

**INNIFALIÐ:**

- Flug og allir skattar
- Akstur frá flugvelli á hótel og tilbaka
- Gisting á hóteli, Standard eða Svíta
- Íslenskur fararstjóri

Standard pakki frá
**249.900 kr.**

**HIGH ROLLER PAKKI FYRIR ÞÁ SEM VILJA MEIRA**






tripadvisor

*"Great Hotel, Great Location"*
*"Highly Recommend"*
*"Exceeded Expectations"*

Trans-Atlantic

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



UPPLIFÐU ÞITT WOW MOMENT


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kenneth Máni setur upp einleik

Leikarinn **Björn Thors** vinnur nú að því að setja upp einleik sem persónan Kenneth Máni í samstarfi við Borgarleikhúsið. Þetta staðfestir Björn í viðtali við Fréttablaðið. „Það er ákveðið höfundateymi sem er búið að vera að hittast og tala um þetta allt saman,“ segir Björn. „Hvað verður úr þessu verður að koma í ljós.“ Aðdáendur Fangavaktarinnar hljóta flestir að fagna þessum fréttum en Kenneth var ein ástsælasta persóna þáttaraðarinnar samkvæmt netkosningu á Vísi á meðan þættirnir voru í sýningu. Kenneth er ungur strákur sem meinar vel en auðvelt er að plata í innbrot á alls kyns forsendum og endar alltaf á því að vera sá sem situr í súpunni, einn í handjárnum inni í lögreglubíl á meðan allir hinir sleppa. **- bþ**



### Íslensk auglýsing fær silfurverðlaun

„Ég hafði ekki hugmynd um að þetta væri í gangi,“ segir leikstjórinn **Reynir Lyngdal** og hlær, en auglýsing sem hann leikstýrði fyrir 66°Norður fékk á dögunum silfurverðlaun International Advertising Awards í New York. „Það var André Price, listrænn stjórnandi hjá þýskri auglýsingastofu, sem var búinn að ganga með þessa hugmynd í maganum í einhvern tíma,“ segir Reynir en í auglýsingunni leikur Halldór Gylfason illa klæddan mann í vondu veðri sem hittir Gunnar Hansson sem klæðist hlýrri úlpu. „Síðan var ráðist í auglýsinguna sem greiða við André og 66°Norðurmerkið hentaði svo vel fyrir auglýsinguna.“ **- bþ**



### Mest lesið VÍSIR

1. Bæjarstjóri neitar því að laun unglinga séu „tittlingaskítur“
2. Of dýrt að þiggja 140 ára hús
3. Má greiða móður bætur fyrir sonarmissi
4. Gleymdist að fangelsa hann í þrettán ár
5. „Reiðhjólin eru aftast í goggunarröðinni, þau eru fyrst út“







WOW

FLUGFÉLAG **FÓLKSINS**

# SUMARIÐ Í PAKKA



**Malmö** – farðu yfir brúna

Malmö er einstaklega falleg og skemmtileg borg með miðbæ sem iðar af lífi. Töluverður munur er á verðlagi á milli Svíþjóðar og Danmörku og flykkjast Kaupmannahafnarbúar þangað í verslunarferðir. Flogið er til Kaupmannahafnar og þaðan tekur aðeins um 20 mínútur að fara til Malmö með lestinni.

Verð frá: **49.900 kr.***

**Amsterdam** – ekki bara túlípanar

Amsterdam er full af háklassa sýningum, galleríum og söfnum. Borgin býður upp á stemningu fyrir alla; allt frá rólegri kaffihúsastemningu að skrautlegu skemmtanalífi.

Verð frá: **57.400 kr.***





**Brighton** – björt við sjóinn

Brighton þykir með allra fegurstu borgum Bretlands og er bara rétt við London, en mun ódýrari. Það er yndislegt að ganga meðfram sjónum þar sem eru fjöldi veitingahúsa og þar er dásamlegt að setjast niður, fá sér drykk og virða fyrir sér útsýnið og mannlífið.

Verð frá: **66.300 kr.***

**Míland** - tíska og menning

Þessi ástríðufulla menningarborg býður þér að heimsækja goðsagnarkennda staði s.s. Scala óperuhúsið, Duomo dómkirkjuna og kirkjuna sem er á heimsminjaskrá UNESCO og er skreytt málverkum Leonardo da Vinci.

Verð frá: **59.600 kr.***



*Flug með sköttum og gjöldum, gisting í 3 nætur með morgunverði og 10 kg í handfarangur.

wowtravel.is | Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wowtravel@wowtravel.is